


FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ 17. nóvember 2012 | 271. tölublað 12. árgangur | Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt niðurstöðum Gallup Gallup Ísland - mars 2012



ALDREI VERIÐ SAGT AÐ DRULLA MÉR HEIM

Nick Andrew Torres La-Um fluttist til Íslands frá Filippseyjum 12 ára gamall og hefur verið gestur á sjónvarpsskjám landsmanna undanfarin sunnudagskvöld í hlutverki Alvins í Pressu. Honum finnst hann vera 50/50 Filippseyingur og Íslendingur, er að læra til kokks og dreymir um að stofna eigið veitingahús í fyllingu tímans. Hann segir nokkra spennu ríkja í samfélagi Filippseyinga hérlendis en sú mynd sem Pressa dregur upp af hlutskipti nýbúa er honum algjörlega framandi. **26**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SEX ÁRA

SEX HUNDRUÐ
AFMÆLISTILBOÐ

MAX

RAFTÆKI



GRETA
SALÓME 24



SKUGGA-
EIGANDI
ÍSLANDS 30

3 SÉRBLÖÐ

Spjaldtölur | Fólk | Atvinna



Opið til
18
í dag

Smáralind

SAGAN
HEFST HÉR
- FYRSTA MÁL
ERLENDAR

„Fremstur norrænna
sakamálahöfunda.“

THE TIMES

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Kringlan 25

Jólafötin eru komin í Kringluna

BARNAJÓL

Ópið 10-18



MINNSTA SÖGUSAFN ÍSLANDS 8

EKKI FÆRRI HJÓNAVÍGSLUR SÍÐAN 1995 10

ÍSRAELAR BÚNIR UNDIR LANGVARANDI HERNAD 12

„Við hljótum öll að vilja átta okkur á hvað þessar breytingar hafa í för með sér áður en við keyrum þær í gegn.“ 6

Kristrún Heimisdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri.

SKOÐUN 16→22

ÁBYRGÐ EÐA ÓRÁÐ 18

Steingrímur J. Sigfússon um skatta og áhyggjur SA.

SIGHVATUR OG SJÁLHFVERFA KYNSLÓÐIN 22

Karl Sigfússon um greinar Sighvats Björgvinssonar.

EFTIR HÖFÐINU DANSA SÍBROTAMENNIRNIR 22

Ragnar H. Hall um Svavar Halldórsson, hæstaréttardóm og RÚV.



HELGIN 24→50



KONURNAR RÁÐA RÍKJUM 34
Aðstöðumunur íslenskra og norskra landsliðskvemma í handknattleik.

HLÝNUN OG FJÖLGUN AUKA HÆTTUNA 36

Margar af stærstu borgum heims eru hafnarborgir sem standa berskjaldaðar gagnvart flóðum og fárviðrum.

LÍFRÓÐUR ÖLL PESSI ÁR 40

Auðbjörg Reynisdóttir segir sögu drengsins síns.

„NÚ MEGA JÓLIN KOMA“ 42

Íslenski jólabjörinn smakkaður.

SUNGID Á ÍSLENSKU 44

SCORSESE SJÖTUGUR 46
Góðir gæjar og naut í flagi.

KROSSGÁTA 50 KRAKKAR 48

MENNING 62→88



HÖNNUN 75
Leitað til fortíðar.



KANN VEL VIÐ SIG BAK VIÐ TJÖLDIN 86

SPORT 80



TITILL Á TÍMAMÓTUM 80

Sebastian Vettel getur tryggt sér heimsmeistaratitilinn í 100. kappakstrinum sínum.

HEFUR TRÚ Á GYLFA 80

Heimir Guðjónsson fer yfir stöðu íslenska landsliðsmannsins hjá Tottenham.



FIMM Í FRÉTTUM KYNSLÓÐASTRÍÐ OG BRASK Á ELLIHEIMILI



Særa Sigurður Helgi Guðmundsson sætir ásökunum um að hafa misnotað aðstöðu sína þegar hann var framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Eirar. Hann neitar

öllu en ríkisendurskoðandi vill að hann skili heimilinu 200 þúsund krónum sem hann eyddi í utanlandsferð fyrir fjölskyldu sína.



Erna Indriðadóttir er sennilega á leið á Alþingi eftir að hafa hafnað í öðru sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir norðan. Hún var áður fréttakona og upplýsingafulltrúi Alcoa fjarðaáls.



Sighvatur Björgvinsson, fyrrverandi ráðherra, móðgaði stóran hluta þjóðarinnar þegar hann kallaði alla á aldrinum 30 til 45 ára – plús/mínus tvö ár – sjálfhverfu kynslóðina.

Sighvatur lét gagnrýni ekki stoppa sig heldur skrifaði aðra grein.



Ragnheiður Skúladóttir hefur verið ráðin leikhússtjóri leikfélags Akureyrar til næstu tveggja ára. Hún var áður listrænn stjórnandi leikhússins og stjórnin var einhuga um að ráða Ragnheiði án auglýsingar, þótt lög þess kveði á um annað.



→ Rúnar Már Sigurjónsson stimplaði sig rækilega inn í íslenska landsliðið í fótbolta þegar hann skoraði glæsismark í sínum fyrsta leik með liðinu gegn Andorra. Hann er samningsbundinn Val, sem mun þó líklega missa hann í atvinnumennsku í vetur.

Meðhöndlaður eins og íslenskur Breivik

Farið fram á átta mánaða fangelsi – jafnvel skilorðsbundið – yfir sprengjusmið sem sat í varðhaldi í tvo mánuði. Lögmaður hans gagnrýnir lögreglu fyrir offers.

DÓMSMÁL „Lögreglan trúði því raunverulega að hann ætlaði að sprengja upp Alþingishúsið.“ Svo mælti lögmaðurinn Guðmundur St. Ragnarsson þegar hann flutti mál skjólstæðings síns fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Skjólstæðingurinn, 29 ára Keflvíkingur, sætir ákæru fyrir brot gegn valdstjórninni og vopnalagabrot. Málið hófst þegar sjö vopnaðir sérsveitarmenn brutu sér leið inn á heimili hans að kvöldi 26. febrúar síðastliðins.

Lögreglan hafði þá fengið ábendingu um undarlegt háttalag mannsins á samskiptavefnum Facebook. Þar mátti finna myndir af honum að handleika skotvopn og myndir af sprengju og sprengiefni. Þá hafði maðurinn myndað það þegar hann sprengdi fiskikar í loft upp.

Maðurinn hafði tekið geðlyf fyrir um kvöldið og sofnað í sófanum heima hjá sér. Hann vaknaði svo við mikinn skarkala. „Ég vissi ekki einu sinni hvort þetta var draumur eða raunveruleiki,“ sagði maðurinn fyrir dómi í gær.

Hann greip til hnífs sem lá á sófaborðinu og ef marka má framburð lögreglumanna þá sveiflaði hann hnífnum í átt til þeirra. Verjandi hans bar að það hefðu verið ósjálfráð viðbrögð nývaknaðs manns.

„Og svo er hann ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni. Ef eitthvað er ættilt að ákæra valdstjórnina fyrir brot gegn honum,“ sagði verjandinn Guðmundur, og vísaði til aðgangshörku lögreglunnar í aðgerðinni. Guðmundur telur jafnframt að rannsóknin í kjölfarið hafi farið úr böndunum.

Heima hjá manningnum fannst rorasprengja sem sérsveitarmenn



SPRENGJUSMÍÐURINN Sakborningurinn hefur glímt við mikla andlega erfiðleika. Tíu læknisvottorð eru á meðal málskjala. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lítið vopnabúr

Heima hjá manningnum fannst meðal annars:

- 22 kalíbera skammbýssa
- Þrjú hnífar
- Tveir gaskútar
- Blýkúlur
- Skoteldapúður
- Rorasprengja, tilbúin til notkunar

prófuðu að sprengja og tókst að eyðileggja með henni gamalt sjónvarp. „Rorasprengja er í grundvallaratriðum eins og handsprengja,“ sagði sérsveitarmaður sem kom fyrir dóminn og vísaði til pilts sem lést þegar hluti úr slíkri sprengju gekk inn í höfuð hans..

„En hún gæti ekki sprengt Alþingishúsið?“ spurði þá Guðmundur. Svarið var nei.

Guðmundur sagði lögregluna hafa farið offari við skýrslutökur. Rætt hafi verið við 24 vitni, meðal annars fólk sem þekkti sakborninginn lítið sem ekkert. „Ég er bara hissa á að það hafi ekki verið tekin skýrsla af allri Keflavík.“

Maðurinn sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins í tvo mánuði. „Hann er meðhöndlaður nánast eins og hann sé Anders Breivik frá Norgei,“ sagði Guðmundur.

Hann sagði rannsókn lögreglu mikið til byggjast á ofbeldisfullum skáldskap sem skjólstæðingur hans hafi skrifað á netið. „Stephen King og fleiri, þeir eru ekkert handteknir fyrir sínar fantasíur,“ bætti hann við.

Saksóknari fór fram á átta mánaða fangelsisdóm yfir manningnum, mögulega skilorðsbundinn að einhverju leyti.

stigur@frettabladid.is

AÐEINS Í DAG!



BRAUN 330 RAKVÉL

VERÐ ÁÐUR 18.900,- NÚ 12.900

ÞÚ SPARAR 6.000 KR.

Vél á mynd er Braun 790

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

Tveir teknir með 41.000 e-töflur og hálf tón af kókaíni í Kaupmannahöfn: Efnin ætluð á markað á Íslandi

LÖGREGLUMÁL Lögregla á Íslandi telur fullvíst að hálf tón af kókaíni og 41 þúsund e-töflur sem lagt hefur verið hald á í Kaupmannahöfn hafi verið á leið til Íslands. Íslendingur og Pólverji, báðir búsettir hérlendis, sitja í gæsluvarðhaldi ytra vegna málsins.

Sá pólski, sem er á fertugsaldri, er talinn höfuðpaurinn í málinu. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu hérlendis vegna fíkniefna, eins og Íslendingurinn sem situr í varðhaldi með honum. Sá síðarnefndi er undir þrjúgu.

Annar Íslendingur hefur verið handtekinn vegna málsins á Íslandi. Hann var leiddur í Héraðsdóm Reykjaness klukkan tvö í gær þar sem hann var úrskurdaður í einnar viku varðhald. Sá sár ekki afbrotasögu.

Í Kaupmannahöfn var einnig lagt hald á jafnvirði 3,3 milljóna íslenskra króna og í fjórum húsléitum hér heima fann lögregla stera, vopn og fleira.

Hópur Íslendinga situr þegar inni í Kaupmannahöfn vegna umfangsmikils fíkniefnasmygls um alla Evrópu en málin tvö munu ekki tengjast, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. -sh



MIKID Gríðarmiklu magni af e-töflum var haganlega pakkað í þessa tösku. MYND/DANSKA LÖGREGLAN

Jólafötin eru komin í Kringluna

BARNAJÓL

Þópið 10-18



SKEMMTI- DAGSKRÁ

Laugardagur

- 14-16 Myndataka með jólasveininum
- 14.00 Solla stirða
- 15.00 Einar Mikael töframaður
- 16.00 Tiskusýning frá Eskimo models

Sunnudagur


- 14-16 Myndataka með jólasveininum
- 14.00 Skoppa & Skríttla
- 15.00 Ingó veðurguð

10.11.2012 → 16.11.2012

500

PÚSUND KRÓNUR kostar að leggja gólfið í Laugardalshöll fyrir hvern landsleik í handbolta.

Á árunum 2009 til 2011 rannsókuðu vísindamenn **41 sinni** hvort konum hefði verið byrjað nauðgunarlyf á Íslandi.



FJÁR

drapst í óveðrinu á Norðurlandi í október. **142** milljónir mun kosta að bæta tjónið.

1.277

tonn af sorpi féllu til við starfsemi Landspítalans í fyrra. **23%** þeirra fóru í endurvinnslu.



SÆNSKI KNATTSPYRNUMAÐURINN **ZLATAN IBRAHIMOVIC**

skoraði öll **4** mörk Svía í sigri gegn Englendingum. Hann er þriðji markahæsti landsliðsmaður Svía frá upphafi, með 39 mörk.

Norræna flugfélagið **SAS** hyggst fækka starfsfólki sínu um **40%** á næstunni.

Tvær **18 ÁRA** íslenskar stúlkur sitja í gæsluvarðhaldi í Prag vegna smygls á um **3 KÍLÓUM** af kókaíni.

Hjúkrunarrýmum héraðs hefur fækkað um **103** á þremur árum. Biðlistar stytst, en þó bíða enn **244**.



DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU Krakkarnir í Laugalækjar-, Langholts- og Réttarholtsskóla voru ánægðir með sameiginlegt tónlistartriði frá unglingum úr öllum skólunum.

Ánægð með daginn

Unglingarnir voru flestir sáttir við að eyða föstudagsmorgni á málræktarþinginu.

Inga Guðrún og Ragnheiður Silja RÉTTARHOLTSSKÓLA

Við vorum að vinna með fornsögur og heimsóttum Árnastofnun. Þetta er búið að vera rosalega skemmtilegt verkefni, sérstaklega að koma hingað og hlusta á Ara Eldjárn og Pál Óskar.



Kristján Atli LANGHOLTSSKÓLA

Mér fannst þetta mjög flott, það er virkilega gaman hvernig þetta var sett upp og það voru mörg mjög flott verkefni hjá skólunum. Mér finnst mjög gaman að það sé verið að viðhalda íslenskunni á þennan hátt.



Ómar LAUGALÆKJARSKÓLA

Það skiptir sérstaklega máli fyrir mig að kunna góða íslensku út af því að ég á útlenskan þabba, og það er gott fyrir mig að læra að skrifa og tala rétt.



Linda Björg RÉTTARHOLTSSKÓLA

Það er nauðsynlegt að halda upp á tungumálið okkar og varðveita það. Mér finnst þetta sniðugt og einstaklega gaman að koma hingað.



Pórey LANGHOLTSSKÓLA

Mér fannst þetta mjög fræðandi og skemmtilegt. Páll Óskar er náttúrulega snillingur.



Ætti að vera á hverju ári

Nemendur í þremur grunnskólum hafa undanfarið rætt saman um gildi íslenskrar tungu. Unglingarnir komu saman í gær og báru saman bækur sínar. Þeir sem Fréttablaðið ræddi við voru ánægðir með uppátækið.

MENNTUN „Við myndum aldrei læra ensku ef allt væri talsett,“ var meðal þess sem kom fram á málræktarþingi tíundu bekkinga úr Laugalækjarskóla, Langholtskóla og Réttarholtsskóla, sem komu saman til þings í tilefni af degi íslenskrar tungu í gærmorgun. Fæstum leist vel á þá hugmynd að allt sjónvarpsefni hér á landi væri talsett.

Krakkarnir hafa undanfarið unnið verkefni um gildi íslenskrar tungu og héldu fundi í skólanum um ýmislegt sem við kemur tungumálinu. Afraksturinn mátti sjá á þinginu í gærmorgun. Allir skólarnir sýndu myndband eða myndbönd og nemendur í Langholtsskóla sungu einnig tvö lög

til að sýna fram á gildi íslensku.

Meðal þess sem var rætt var hvort rétt væri að leggja niður y til að einfalda málin. Þá komu fram mjög misjafnar skoðanir á störfum mannanafnanefndar og því að útlendingar hefðu áður fyrr þurft að taka upp íslensk nöfn til að fá íslenskan ríkisborgararétt. Sumir voru alfarið á móti því að mannanafnanefnd væri starfandi hér á landi en aðrir töldu mögulegt að börn yrðu lögð í einelti ef þau hétu af skritnum nöfnum.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðgjafi, minnti unglingana á að íslensk tunga væri menningarverðmæti. „Íslenskan stýrir því að ein-

Vöktu mikla lukku

Grínistinn Ari Eldjárn og tónlistarmaðurinn Páll Óskar vöktu mikla lukku hjá unglingunum og öðrum sem sóttu málræktarþingið. „Hvergi annars staðar hefur nafn Bítlanna verið þýtt. Þeir heita bara The Beatles, nema á íslensku – Bítlarnir,“ sagði Ari. Íslendingar væru öðrum duglegri við að búa til ný orð í tungumálinu. Páll Óskar söng lagið vinsæla „Pú komst við hjartað í mér“ og sagðist geta lofað því að lagið hefði ekki náð sömu vinsældum með upprunalega enska textanum.

hverju leyti hvernig við hugsum, þannig að ef við hættum að tala íslensku breytist líka hvernig við hugsum og þá fer heimurinn svo margs á mis,“ sagði Katrín. Hún benti á velgengni íslenskra tónlistarmanna, kvikmynda, bóka og annarrar menningar og sagði mikilvægt að kunna góða

íslensku til að starfa í skapandi greinum.

„Stóra málið til að viðhalda íslenskunni er að horfa ekki bara á hana sem eitthvað sem á að varðveita heldur eitthvað sem á að vinna með, þess vegna fannst mér gaman að heyra ykkur tala um hana.“

thorunn@frettabladid.is

GLÆSILEG JÓLALJÓS

Opið laugardag til kl. 16

Frá Svíþjóð

KONST SMIDE


Grillbúðin
www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Veðurspá


Gildistími korta er um hádegi



ÞAÐ SNJÓAR N-til um helgina en verður nokkuð bjart S-til. Strekkingur eða allhvað vindur einnig N-til þar til annað kvöld þegar lægir og léttir til. Bjart um mest allt land á mánudag, síst A-til. Kólnar á morgun, frost að 10 stigum á mánudag.


Alicante 19°	Billund 6°	Gautaborg 5°	London 13°	Orlando 22°	San Francisco 16°
Basel 11°	Frankfurt 9°	Kaupmannahöfn 5°	Mallorca 20°	Ósló 6°	Stokkhólmur 6°
Berlín 7°	Friedrichshafen 11°	Las Palmas 24°	New York 10°	París 12°	

Á morgun 8-15 m/s N- og A-til, annars hægari.



Mánudagur Að 13 m/s V- og A-til annars hægari.

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður



TAX FREE*

AÐEINS
ÞESSA
HELGI

AF ÖLLUM JÓLALJÓSUM OG JÓLASERÍUM*
OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI TIL JÓLA



ENN
MEIRA
URVAL



TAX
FREE



TAX
FREE



TAX
FREE



TAX
FREE



TAX
FREE



TAX
FREE



JÓLASTJARNA
999 kr.
verð áður
1.490 kr



RÓSIR
7 stykki
í bunti
799 kr.

JÓLAHLAÐBORÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR SKÚTUVOGI
ALLA HELGINA
kl. 12-14 og 18-20.
VIRKA DAGA KL. 18-20

Aðeins
1.490 kr



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

LANDIÐ



Hættur og fær sjö mánaða laun

1 Árni Múli Jónsson

sem látið hefur af störfum bæjarstjóra á Akranesi fær bæjarstjóra laun í sjö mánuði til viðbótar. Fram að áramótum á Árni að ljúka verkefnum sem hann hafði unnið að. Í fimm mánuði eftir áramót fær hann hins vegar laun án þess að þurfa að vinna.



Reka á eftir hjúkrunarheimili

2 Eignanefnd Fjarðabyggðar hefur áhyggjur af því að framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili á Eski-firði eru átta vikum á eftir áætlun þrátt fyrir að bætt hafi verið við mönnum. Gera á verktakanum að fjölga enn mannskap og vinna upp tapaðan tíma. Kappkostað er að ljúka allri steypuvinnu á meðan veður gefur og byrja að loka húsunum fyrir veðri og vindum svo vinna geti hafist innandyrá.



Grunnskólabörn fá mikið hrós

3 „Full ástæða er til að gleðjast þegar svo góður árangur næst,“ segir bæjarráð Hveragerðis sem óskar nemendum, kennurum og öðrum sem tengjast grunnskólanum í bænum til hamingju með „afburða árangur“ á samræmdum prófum í grunnskólum í haust. Sem dæmi má nefna að meðaleinkunn fjórðu bekkings í Hveragerði í íslensku var 8,05 en landsmeðaltalið var 6,9.



Salka

fjölbreytt dagskrá á bókamessu

LAUGARDAGUR 17. NÓVEMBER

Ráðhúsgangur kl. 13:00

Litfríður – Heklað, þrjónað og endurskapað

Sigríður Ásta Árnadóttir kynnrir bók sína.

Stóra þrjónabókin

Herborg Sigtryggisdóttir kynnrir.



Ráðhúsgangur kl. 14:00 – 15:00

Súpur allt árið

Sigurveig Káradóttir kynnrir bók sína og kitlar bragðlauka gesta með smakki.



Setustofa, 2. hæð 14:00 – 15:00

Fjölskyldustund fyrir unga sem aldna með barna- og unglingsbókahöfundum.

Frá Söllu:

Anna Heiða Pálsdóttir:

Mitt eigið Harmagedón

Iðunn Steinsdóttir:

Varið ykkur á Valahelli



Ráðhúsgangur kl. 16:00 – 18:00

Hárið

Theodóra Mjöll, höfundur bókarinnar sýnrir gestum og gangandi snjallar greiðslur.



SUNNUDAGUR 18. NÓVEMBER

Höfundaspjall á Kaffihúsi Ráðhússins kl. 13:30

Heimili fröken Peregrine fyrir sérkennileg börn

Sjón ræðir við bandaríska höfundinn Ransom Riggs um bók hans sem setið hefur á metsölulistum.

Í þessari óvenjulegu bók gerast óvæntir og óhugnanlegir atburðir sem halda lesandanum í spennu frá fyrstu síðu til hinnar síðustu.



Kaffihús kl. 17:00

Ljóðin í bænum

Rúsinan í pylsuendanum á Bókamessu er ljóðadagskrá með nokkrum ljóðskáldum.

Frá Söllu:

Guðrún Hannesdóttir: Teikn



salka.is • Skipholt 50c • 105 Reykjavík

Álagsprófa þarf nýju stjórnarskrárdrögin

Enn er langt í land við að sníða vankanta af drögum að nýrri stjórnarskrá að því er fram kom á málþingi sem háskólarnir stóðu fyrir í gær. Kanna þyrfti hvernig málum myndi reiða af í umhverfi nýrrar stjórnarskrár og ljúka pólitískri umræðu.

STJÓRN MÁL Mátta þarf við drög að nýrri stjórnarskrá hver yrðu afdrif mála í nýju umhverfi hennar. Á málþingi sem deildir laga, stjórnsýslu og stjórn mála í öllum háskólum landsins stóðu fyrir í gær kom fram að framkvæma þyrfti „álagspróf“ á stjórnarskrárdrögum sem leiddu í ljós afleiðingar einstakra ákvæða og verkferla sem drögin gera ráð fyrir, auk þess sem Alþingi þyrfti að taka á pólitískum álitamálum.

Á fundinum, sem fór fram í Háskólanum í Reykjavík, var rakin vinna, niðurstöður og ábendingar sérfræðingahópsins, sem skilaði niðurstöðum sínum í byrjun vikunnar, og rædd næstu skref.

Fram kom í máli Krístrúnar Heimisdóttur, lektors við Háskólann á Akureyri, að hún teldi til-lögurnar vega að þingræðinu. „Verið er að blanda saman svissnesku beinu lýðræði við einhvers konar bandarískt forsetaræði, að viðbættu einhverju þingræði að þýskri eða sænskri fyrirmynd, sem ég tel ekki vera þingræði,“ sagði hún og lýsti því hvernig hún hefði í vikunni lagt fyrir nemendum að finna út hvað gerðist ef fram kæmi frumvarp frá 10 prósentum kosningabærra manna um upp-töku Kanadadollars sem lögeyrir hér, líkt og drögin heimilðu.

Sagði hún vanta allar ráðlegg-ingar um hvernig haga ætti þing-legrri meðferð málsins og gagnrýni um leið á ákvæði um að Alþingi skyldi leggja fram frumvarp til málamiðlunar, yrði hinu hafnað. „Alþingi er þverskurður þjóðar-



HÚSFYLLIR Páll Þórhallsson, talsmaður sérfræðingahóps sem fór yfir drög að stjórnarskrá, var málshefjandi á þingi um næstu skref í HR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alþingi er þverskurður þjóðarinnar og gæti aldrei komið fram sem heild um átakamál.

Krístrún Heimisdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri

innar og gæti aldrei komið fram sem heild um átakamál.“

Niðurstaðan hafi verið að engin af stærri álitamálum almennrar þjóðmálaumræðu síðustu miss- era gætu á grunni stjórnarskrár- draganna ratað í gegnum íslenskt stjórnkerfi. „Þetta yrðu endaleys- ur og óskiljanlegir vöfundarhúsa- gangar sem tækju við ef þetta nýja kerfi yrði að veruleika.“ Álagsprófa þyrfti kerfið líkt og

stjórnlaganefnd hefði raunar farið fram á við Alþingi, án þess að því hefði verið komið í verk.

Undir þetta tók Bryndís Hlökk- versdóttir, rektor Háskólans á Bifröst, sem um leið kvað nauð- synlegt að alþingismenn tækju á pólitískum álitamálum í drögun- um. „Við hljótum öll að vilja átta okkur á hvað þessar breyting- ar hafa í för með sér áður en við keyrum þær í gegn,“ sagði hún og fagnaði því um leið að ákveð- ið hefði verið að leita umsagnar Fenejjanefndarinnar svokölluðu á frumvarpsdrögum. Frumvarp- ið var afgreitt úr nefnd á fimmtu- dag og verður tekið til umræðu á Alþingi næsta þriðjudag.

olikk@frettabladid.is

Flokksfélögum Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi fjölga um þriðjung: Hart sótt að Ögmundi í Kraganum

STJÓRN MÁL Mikið hefur verið um nýskráningar í Vinstrihreyfing- unni – grænu framboði í Suðvest- urkjördæmi. Forval fer fram í kjör- dæminu 24. nóvember, en kjörskrá var lokað á miðnætti á miðvikudag. Til að kjósa í forvalinu þarf að vera skráður félagi í flokknum.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að stuðningsmenn Ólafs Þórs Gunnarssonar, bæjarfulltrúa í Kópavogi og varapingmanns, hafi verið duglegir að fá fólk til að skrá sig í flokkinn. Ólafur sækist eftir því að leiða listann, en hann skipaði þriðja sæti hans árið 2009.

Ögmundur Jónasson innanríkis- ráðherra vill einnig leiða listann, en hann skipaði annað sætið síðast. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, sem var í efsta sæti 2009, gefur ekki kost á sér.

Samkvæmt upplýsingum frá flokkskrifstofunni voru tæplega



ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON



ÖGMUNDUR JÓNASSON

900 á kjörskrá í Kraganum áður en ákvörðun um forval var tekin. Síðan hafa um 300 bæst við og félögum því fjölgað um þriðjung.

Alls tóku 738 þátt í forvali flokks- ins árið 2009. Nýskráðir nú eru um 40% af þeim sem tóku þátt í því for- vali. Athygli vekur að mun meira er um nýskráningar í Kraganum en í Reykjavík, þar sem um 200 nýir hafa skráð sig í flokkinn.

- kóp

VG í SV-kjördæmi

1.200 alls
900
Á
kjörskrá

738
Fjöldi
sem
greiddi
atkvæði
árið 2009

300
Nýir

2009

2012

VINIRNIR ÚR MADAGASCAR

ERU MÆTT AFTUR Í SINNI BESTU MYND TIL ÞESSA!



DVD
2.499



BLU-RAY
2.999



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 21. nóvember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Í STRAND Flutningaskipið Pólfoss skemmdist ekkert í strandi í Noregi í gær.



Flutningaskipið Pólfoss: Óskemmt eftir strand í Noregi

BJÖRGUN Flutningaskipið Pólfoss, sem er í eigu Eimskips, slapp óskemmt eftir að hafa strandað á sandgrunni suður af bænum Sandnessjøen í Noregi í gærmorgun. Dráttarbátur náði Pólfossi af strandstað á flóði og sigldi skipið fyrir eigin vélarafli til hafnar þar sem teknar voru skýrslur af áhöfninni.

Slysið vildi þannig til að stýrimaðurinn sofnaði við stýrið á leiðinni til Álasunds. Farmur skipsins er 1.800 tonn af frosnum sjávarafurðum. Búist var við að skipið héldi leiðar sinnar í dag.

Ólafur Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips, sagði í samtali við Fréttablaðið að allir í áhöfninni, níu menn, hafi sloppið ómeiddir.

Skipið var smíðað 2008 og sinnir strandsiglingum í Noregi með sjávarafurðir til Evrópu.

Eimskip skráð á markað:

Viðskipti hafin með Eimskip

VIÐSKIPTI Hlutabréf í Eimskip voru tekin til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallarinnar í gær. Eimskip er þriðja nýja félagið sem skráð er í Kauphöllina frá bankahruni en það fylgir á eftir Högum og Regin.

Við lokun markaða í gær var verð bréfa félagsins 225 krónur á hlut. Í útboði á bréfum í félaginu voru þau seld á 208 krónur á hlut og því hækkaði verðið um ríflega 8% í gær. Heildarviðskipti með bréfin voru tæplega 275 milljónir í gær.

Verður athvarf og sögusafn

Veidikofi Guðmundar frá Miðdal við Stóru-Laxá verður endurgerður í vetur. Sett verður upp lítil sögusýning, auk þess sem veiðimenn fá kærkomna aðstöðu. Var fyrst varðkofi við Ölfusá í seinni heimstyrjöld.

MENNING Frægur veiðikofi fjöllistamannsins Guðmundar Einarssonar frá Miðdal við Stóru-Laxá í Hreppum verður endurgerður í upprunalegri mynd. Um samstarfsverkefni Veiðifélags Stóru-Laxár og leigutaka árinna, Lax-ár, er að ræða, en kofinn hefur öðlast sess sem eitt helsta kennileiti árinna í huga veiðimanna sem venja komur sínar á veiðisvæðið.

Árni Baldursson er leigutaki Stóru-Laxár. „Þetta er svona gæliverkefni Veiðifélags Stóru-Laxár og okkar. Ætlunin er að gera húsið upp í sinni upprunalegu mynd, enda er þarna mikil saga og margar skemmtilegar minningar frá Veiðifélaginu FLUGAN. Þetta á að verða minnsta sögusafn á Íslandi; en líka lítil kaffistofa þar sem gestir og gangandi geta hella sér upp á te eða kaffi á kamínu eins og var notuð í gamla daga. Þarna verður tækifæri til að skoða gamlar myndir og til að glugga í bækur, svo eitthvað sé nefnt. Veiðimenn geta svo hallað sér þarna í hvíldinni þegar þeir eru að veiða Hrunakrök og upplifað stemninguna á þessum fallega stað,“ segir Árni.

Esther Guðjónsdóttir, formaður Veiðifélags Stóru-Laxár, segir að unnið verði að endurgerð veiðikofans í vetur, og vonir standi til að kofinn verði tilbúinn í vor.

Þúsundþjalasmiðurinn Guðmundur Magnússon á Flúðum mun sjá um vinnuna, segir Esther; megnið af timbrinu er heilt þó gólfid sé ónýtt og bárujárnsklæðningin. „Allt verður notað aftur sem er heilt. Við munum flytja kofann og hann gerður upp á Flúðum, og svo verður farið með hann aftur á sinn stað í vor,“ segir Esther.

Saga kofans er merkileg. Upphaflega var hann settur upp sem varðkofi við Ölfusárbrú í stríðinu en upp úr 1940 fluttu Guðmundur frá Miðdal og félagar hans húsið upp á Hrunakrök og nýttu það í mörg ár þegar haldið var

LÁGT TIL LOFTS
Hér má sjá fletið sem Guðmundur gerði sér oft að góðu dögum saman.



MYND/BJÖRGÓLFUR



KOFINN HANS GUÐMUNDAR

Kofinn er um níu fermetrar með koju, hillum og bekkjum. Nýja kamínu þarf að kaupa en sú gamla, sem fengin var úr ónefndu skipi, er horfin.

MYND/ÁRNI BALDURSSON

„Þetta á að verða minnsta sögusafn á Íslandi; en líka lítil kaffistofa þar sem gestir og gangandi geta hella sér upp á te eða kaffi á kamínu eins og var notuð í gamla daga. Þarna verður tækifæri til að skoða gamlar myndir og til að glugga í bækur, svo eitthvað sé nefnt.“

Árni Baldursson, leigutaki Stóru-Laxár

til veiða. Húsið verður trúlega minnsta veiðihús landsins en tilkoma þess kærkomin veiðimönnum, helst fyrir þær sakir að um tíu kílómetrar eru í næsta veiðihús í Laxárdal.

„Sagan um veiðina og húsið er stórskemmtileg og merkileg fyrir veiðimenn og verður tekin saman í vetur og gerð aðgengileg í kofanum næsta sumar,“ segir Esther.

svavar@frettabladid.is

Afburða ávöxtun


Sparibréf löng er ríkisskuldabréfasjóður sem fjárfestir í löngum skuldabréfum, verðtryggðum sem óverðtryggðum, með ábyrgð íslenska ríkisins.

Sparibréf löng - 1 árs nafnávöxtun*



10,4%

Fjárfestingaflokkar



Fyrirvari: Sparibréf löng er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsbréf hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð getur ekki endilega vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðs lýsingu eða útdrátti úr henni á landsbankinn.is eða á landsbref.is. *Ávöxtun miðað við 31.10.2012.

Velkomin í næsta útibú eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

LANDSBRÉF





CHEVROLET

NÝR CHEVROLET SPARK 2013

Sparnaðarráð fyrir heimilið



Chevrolet Spark er skynsamlegt sparnaðarráð sem verður að veruleika í minni útgjöldum heimilisins. Hann er sparneytinn, umhverfisvænn og fæst á afar hagstæðu verði. Rekstrarsparnaður með Spark skilar sér því bæði í heimilisbudduna og í betra andrúmslofti.

P FRÍTT Í STÆÐI

Chevrolet Spark LS 1.0 • 2013 • Verð: **1.790 þús. kr.**

Chevrolet Spark LT 1.2 • 2013 • Verð: **1.990 þús. kr.**



Mánaðargreiðsla*

22.481 kr.

Spark LS

Hluti af staðalbúnaði Spark LT: 1.2L / 81 hestafla vél • 14" álfelgur • 8 líknarbelgir • Loftkæling Aksturstólva • Hiti í speglum • Öryggisnemar í aftursæti • Fjarstýrðar samlæsingar með þjófavörn Rafmagn í rúðum og speglum • Hljómflutningstæki með USB tengi • Aðgerðarstýri • Hiti í sætum o. fl.


*Miðað við Gullvildarkjör Ergo á grænum óverðtryggðum bílasamningi til 84 mánaða og 25% innborgun. Hlutfallstala kostnaðar: 10.53%.

**Komdu og reynsluaktu Chevrolet - Opið laugardag frá kl. 12-16
Langur bíladagur í Reykjanesbæ - Opið frá 10-16 laugardaginn 17. nóv.**

**Bílaúð
Benna**

Sérfræðingar í bílum

HJÓNAVÍGSLUR



Fjórðungur gifti sig hjá sýslumanni 2011

Hjónavígslur árið 2011 hafa ekki verið jafn fáar miðað við íbúafjölda síðan árið 1995. Borgaralegum hjónavígslum hefur fjölgað hratt. Umgjörðin um hjónabandið breyttist eftir hrun, segir sóknarprestur. Miklar breytingar á aldri brúðhjóna.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is
Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



SAMFÉLAGSMÁL Hjónavígslum hefur fækkað síðan um aldamótin. Svo virðist sem efnahagshrunið hafi einnig sett töluvert strik í reikninginn hjá íslenskum pörum, en hlutfallslega kjósa æ færri að ganga í það heilaga síðan árið 2008.

Hlutfall giftinga miðað við þúsund íbúa á síðasta ári hefur ekki verið jafn lágt síðan árið 1995, eða um 4,6. Árið 2000 var hlutfallið 6,3 og hafði ekki verið hærra síðan árið 1979, þegar það var 6,4.

Pálmi Matthíasson, sóknarprestur í Bústaðakirkju, segir bylgjulega þróun alltaf hafa einkennt hjónavígslur á Íslandi.

„Þetta hefur alltaf gengið í öldum þau ár sem ég hef verið prestur. Þetta fór mjög upp á tíunda áratugnum og í kringum 2000, síðan hefur mér fundist heldur hafa dregið úr vígslunum, en það hefur


verið að lifna yfir þeim aftur núna undir það síðasta,“ segir Pálmi. Heildarumgjörðin í kringum brúðkaupsvígslurnar sjálfar sé þó mun látlausari og átakaminni nú.

Aðspurður hvort það skýrist af áhrifum efnahags-hrunsins telur Pálmi það heldur vera breytt viðhorf í samfélaginu.


„Þetta er ekki alltaf spurning um efni og aðstæður,“ útskýrir hann. „Ég held að fólki hafi fundist vera komið nóg og horfi meira inn á við í einlægni. Þetta var orðið þannig á tímabili að það var einhver sem tók að sér alla skipulagningu fyrir fólk og brúðhjón löbbuðu inn í eitthvað fyrir fram áætlað prógramm og sögðu svo við mig á eftir: „Mér fannst þetta ekki alveg vera mitt.“ Þeim fannst þau vera hálfgerðir gestir í eigin brúðkaupi.“

Borgaralegum giftingum hefur fjölgað stöðugt á síðustu árum og hafa þær aldrei verið fleiri en í fyrra. Þær eru þó einungis brot af heildarfjölda hjónavígslna, en fjórðungur allra giftinga í fyrra voru borgaralegar. Til samanburðar var hlutfallið 14 prósent árið 2000.


→ Staðfestar samvistir fólks af sama kyni



→ Nokkrir aldursflokkar brúða



→ Nokkrir aldursflokkar brúðguma



www.volkswagen.is



Volkswagen up!

Lítill að utan og stór að innan

Volkswagen up! setur ný viðmið í hönnun smábíla með því að sameina nett ytra rými og rúm-gott innra rými. Hvergi er gefið eftir í kröfum um aksturseginnleika, gæðum né öryggi og því til sönnunar eru einróma hrós bílblaðamanna um allan heim og 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófunum EuroNcap. Niðurstaðan er einföld: Volkswagen up! er alvöru smábíll.

Volkswagen up! kostar aðeins
1.990.000 kr.



Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



SPARIÐ ALLT AÐ 50% AF VÖLDUM WellPur HEILSUKODDUM

50% AFSLÁTTUR

995

ACADIA HNAKKAKODDI
Gæðakoddi með MEMORY svampi, sem lagar sig að hnakkanum. Áklæði: 80% bómull/20% polyester, má þvo við 60°C. Stærð: 24x11x13 sm. ~~1.995~~

37% AFSLÁTTUR

2.495

CONTOUR HEILSUKODDI MEÐ MEMORY SVAMPI
Frábær heilsukoddi með sérhönnuðum svampi sem hefur þrýstjafnandi eiginleika. Styður vel við háls og hnakka. Stærð: 30 x 50 sm. Áklæði: 80% bómull/20% polyester, má þvo við 60°C. Stærð: 30x50x7/10 sm. ~~3.995~~

28% AFSLÁTTUR

4.995

KINGS MOUNTAIN KODDI MEÐ MEMORY SVAMPI
Sérstaklega góður heilsukoddi með sérhönnuðum svampi sem hefur þrýstjafnandi eiginleika. Styður vel við háls og hnakka. Koddi er úr AIR MEMORY svampi og geli sem hefur kælandi eiginleika. Ofnæmisvottað áklæði úr 55% polyester/45% bambus, sem þolir þvott við 40°C. Stærð: 48x58 sm. ~~6.995~~

ALLIR MYNDARÁMMAR 20% AFSLÁTTUR

KOMDU Í RÚMFATALAGERINN OG GERÐU GÓÐ KAUP Á FRÁBÆRUM TILBOÐUM!



SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 3.995

2.995

ARIANNA NÁTTFÖT
Mjúk og góð flónelnaftföt á frábæru verði! Stærðir: S-XXL. Efni: 100% bómull. Fáanleg í rauðum og bláum lit.

RASMINE SÆNGURVERASETT
Efni: mikrókrep. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.



KREP

25% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.995

1.495

3JA SÆTA FULLT VERÐ: 119.950

79.950

SPARIÐ 40.000

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR



NOVA HÆGINDASÓFI
Glæsilegur hægindasófi með brúnu míkrofíberáklæð. Hægt að halla baki og lyfta skemli. Stærð á 3ja sæta: B207 x H103 x D95 sm.

37% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 3.995

2.495

TEO ÍPRÓTTASKÓR
Flottir íþróttaskór fyrir börn og fullorðna. Stærðir: 28-40.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Tilboðin gilda 17.11 til 18.11

SCREEN

MYRKVUNARGARDÍNA

20% AFSLÁTTUR

SCREEN RÚLLUGARDÍNUR
Góðar screen gardínur á frábæru verði. Litur: Hvítur. Stærðir: 80 x 170 sm. Fullt verð: ~~5.995~~ nú: **4.995**
100 x 170 sm. Fullt verð: ~~7.995~~ nú: **6.395** 120 x 170 sm. Fullt verð: ~~8.995~~ nú: **7.195**
140 x 170 sm. Fullt verð: ~~9.495~~ nú: **7.595** 150 x 170 sm. Fullt verð: ~~10.490~~ nú: **8.390**
160 x 170 sm. Fullt verð: ~~10.990~~ nú: **8.790** 180 x 170 sm. Fullt verð: ~~11.990~~ nú: **9.590**
200 x 170 sm. ~~12.990~~ nú: **10.390** 150 x 250 sm. ~~13.990~~ nú: **11.190**
90 x 250 sm. ~~9.995~~ nú: **7.995**

VERÐ FRÁ:

4.995

DARK MYRKVUNARGARDÍNA
Þykk og góð myrkvunargardína. Litur: Hvítt. Stærðir: 60 x 170 sm. **2.495** 80 x 170 sm. **2.995** 100 x 170 sm. **3.495** 110 x 170 sm. **3.995** 120 x 170 sm. **4.295** 140 x 170 sm. **4.695** 150 x 170 sm. **4.995** 160 x 170 sm. **5.495** 180 x 170 sm. **5.995** 200 x 170 sm. **6.495** 90 x 250 sm. **4.495** 150 x 250 sm. **5.995**

VERÐ FRÁ:

2.495



VATNSENDI Deilan um eignarhald Vatnsendalandsins hefur staðið í 46 ár.

Ný staða eftir úrskurð héraðsdóms í deilu á Vatnsenda: Milljarðaeign gangi í dánarbú

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur úrskurðað að eignarhald jarðarinnar Vatnsenda skuli ganga inn í dánarbú Sigurðar Hjaltested sem lést fyrir 46 árum.

Ekkja og afkomendur Sigurðar Hjaltested hafa deilt um Vatnsenda allar götur frá því hann lést. Vatnsendi er ein verðmætasta jörð landsins, ekki síst vegna eignarnáms Kópavogsbæjar sem á þar mikla hagsmuni með byggingarlóðir.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness segir að þrátt fyrir að út frá því sé gengið í áður gengnum dómum Hæstaréttar að Vatnsendi hafi fylgt ábúðar- og afnotaréttinum þá hafi það ekki verið stutt rökum.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri segir of snemmt að segja til um áhrif úrskurðarins í gær á stöðu bæjarins.

- gar

MATVÆLI

Ginger innkallar allt

Veitingasalan Ginger ehf. hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði allar vorur sínar. Ástæða innköllunarinnar er sú að maturinn gæti innihaldið ómerktu ofnæmis- og óþolsvalda.

JAPAN

Pingið sent heim

Yoshiko Noda, forsætisráðherra Japans, rauf þing í gær og boðaði til kosninga 16. desember. Skoðanakannanir benda til þess að stjórnflokkur hans eigi lítila möguleika á sigri. Mestar líkur virðast á veikri samsteypustjórn hægri flokka.

Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar veitt á Degi íslenskrar tungu:

Hannes fékk Jónasarverðlaunin

MENNING Hannes Pétursson, ljóðskáld og rithöfundur, var sæmdur verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar í gær, á degi íslenskrar tungu. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti Hannesi verðlaunin við athöfn í Álftranesskóla.

Hannes fæddist á Sauðárkróki árið 1931. Hann gaf út sína fyrstu bók, Kvæðabók, árið 1955 og hefur verið talinn í hópi fremstu skálda þjóðarinnar.

Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar eru veitt á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, ár hvert. Þau skal, reglum samkvæmt, veita „einstaklingum er hafa með sérstökum hætti unnið íslenskri tungu gagn í ræðu eða riti, með skáldskap, fræðistörfum eða kennslu og stuðlað að eflingu hennar, framgangi eða miðlun til nýrrar kynslóðar“.

Hannes fær í verðlaun 700 þúsund krónur, ritið Íslenska fugla eftir Benedikt Gröndal og skrautritað verðlaunaskjal. Íslandsbanki veitir verðlaunaféð.

- þj



VERÐLAUNADUR Hannes Pétursson skáld tók á móti Verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar úr höndum Mennta- og menningarmálaráðherra í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísraelar búnir undir langvarandi hernað

Ísraelar héldu loftárásum sínum áfram á Gasaströnd í gær og landherinn var í viðbragðstöðu við landamærin. Herskáir Palestínnumenn hafa í fyrsta sinn skotið sprengjuflug á Jerúsalem, en hún kom niður á auðu svæði og olli engu tjóni.

ÍSRAEL, AP „Aðgerðirnar munu halda áfram þangað til markmiði okkar er náð,“ sagði talsmaður Ísraelska hersins í viðtali við breska útvarpið BBC.

Ísraelar segja markmið áráanna vera að tryggja öryggi Ísraela sem búa í grennd við Gasaströnd og hafa árum saman búið við flugskeytasendingar frá herskáum Palestínnumönnum á Gasaströnd, sem stundum hafa valdið tjóni og kostað mannlíf.

Árásir Ísraela höfðu seint í gær kostað á þriðja tug manna lífið frá því þær hófust á miðvikudag. Ellöfu þeirra eru almennir borgarar, að sögn heilbrigðisyfirvalda á Gasaströnd.

Síðan árásir Ísraela hófust hafa hins vegar Palestínnumenn skotið sprengjuflugum bæði á Tel Aviv og á Jerúsalem, og er þetta í fyrsta sinn sem þeir ná að skjóta sprengju á Jerúsalemborg. Hún kom þó niður á auðu svæði og olli engu tjóni.

Þrír Ísraelar hafa látið lífið af völdum sprengjufluga frá Gasa síðan Ísraelar hófu árásir sínar.

Ísraelsher hafði kallað út 16 þúsund manna varalið og flutt mikinn herafila að landamærum Gasastrandar, í greinilegum undirbúningi undir innrás á landi. Ísraelsher segist búinn undir langvarandi hernað, ef þörf krefur.

Annars héldu Ísraelar áfram loftárásum sínum á Gasa í gær, og Palestínnumenn héldu sömuleiðis áfram að skjóta flugskeytum yfir landamærin til Ísraels.

Hvorki Palestínnumenn né Ísraelar stóðu við áform um stutt vopnahlé meðan Heshan Kandil, forsætisráðherra Egiptalands, væri í heimsókn á Gasaströnd.

Ísraelar segja að frá árinu 2000 hafi Palestínnumenn á Gasaströnd



BJUGGU SIG UNDIR INNRÁS Ísraelski landherinn var kominn með stóran herafila að landamærum Gasastrandar í gær. Sextán þúsund varaliðar voru kallaðir út.

NORDICPHOTOS/AFP

Kosningahagsmunir Netanjahús í húfi

„Það er sérlega óhugnanlegt að í svona grimmdarstríði skuli ein helsta ástæða þessara árána núna vera kosningahagsmunir Netanjahús og félagar,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, lækni og formaður samtakanna Ísland-Palestína, og minnir á að kosningar verða haldnar í Ísrael eftir rúma tvo mánuði.

„Svo virðist þetta líka snúast um að Palestína er þessar vikurnar að berjast fyrir fullveldi sínu og leita öðru sinni til Sameinuðu þjóðanna. Það eru ekki nema tvær vikur í atkvæðagreiðsluna í allsherjarþinginu. Þeir eru að vonast til að geta leikið sama leikinn og hér á landi í fyrra þegar við lýstum yfir stuðningi við sjálfstæði Palestínu þann 29. nóvember, alþjóðlegum samstöðudegi með Palestínu, sem er sögulegur dagur.“

„Aðgerðirnar munu halda áfram þangað til markmiði okkar er náð“

talsmaður Ísraelska hersins

skotið meira en 12 þúsundum flugskeyta yfir landamærin til Ísraels. Sjaldnast hitta þau í mark,

enda frumstæð að gerð og yfirleitt ekki með neinn miðunarbúnað heldur aðeins skotið í áttina að Ísrael.

Þessar árásir hafa engu að síður kostað tugi manna lífið og nokkur hundruð manna hafa hlotið misalvarleg meiðsl.

gudsteinn@frettabladid.is

Ómissandi á jölnunum

Hátíða Kaffi

Kaffitár

www.kaffitar.is

Jólagjöfin mín í ár ...

Kaffitár

„Ófyrirgefanlega gaman og nærandi fyrir sálina!“

SKAPANDI SKRIF

með Þorvaldi Þorsteinssyni (Skilaboðaskjóðan, Blíðfinnsbæknar, Vasaleikhúsið, Leitin að jölnunum, And Björk of Course...)

Aðventunámskeið

26. nóv. - 6. des.

(mánudags og fimmtudagskvöld)
Skráningu að ljúka

Aukanámskeið

vegna mikillar aðsóknar:

27. nóv. - 7. des.

(þriðjudags og föstudagskvöld)
Skráning hafin

Umsagnir þátttakenda;

“Frábært nesti til lífstíðar.”

“Meiriháttar upplifun, - opnar óendanlega möguleika.”

“Fær mann til að hugsa upp á nýtt.”

“Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynslu af skrifum, þá er þetta námskeið sem nýtist þér.”

Skráning á ropeyogasetrid.is og kennsla.is

Nánari upplýsingar hjá gg@ropeyoga.com

150 nýir félagar Rósarinnar teknir af kjörskrá fyrir prófkjör Samfylkingar:

„Verið að leiða okkur í gildru“

STJÓRN MÁL Kjörstjórn Samfylkingarinnar í Reykjavík hefur ákveðið að 150 nýir félagar í Jafnaðarmannafélaginu Rósinni skuli teknir af kjörskrá. Ekki barst staðfesting á skráningu þeirra í félagið. Úrskurðarnefnd flokksins hefur staðfest ákvörðun kjörstjórnar.

Kjörskráin var afhent framþjóðendum á mánudag og skráðir félagar fengu send kynningaröggn. Heimildir Fréttablaðsins herma að fjölmargar athugasemdir hafi hins vegar borist til kjörstjórnar frá fólki sem kannaðist ekki við að vera skráð í félagið.

„Kjörstjórn sá sig tilknúna til



BIRGIR DÝRFJÖRÐ



STEFÁN BENEDIKTSSON

að taka þetta fólk af kjörskrá þar sem aðild þeirra fékkst ekki staðfest,“ segir Stefán Benediktsson, formaður kjörstjórnar.

Birgir Dýrfjörð, formaður Rósarinnar, segir þetta svívirðilega

framkomu. Hann hafi leitað eftir því við Stefán á mánudag hvort hann þyrfti að senda inn staðfestingar á nýskráningunum en verið sagt að þess gerðist ekki þörf. Búið væri að samþykka kjörskrá og senda út eftir henni. Honum hafi síðan verið gefinn nokkurra tíma frestur til þess á fimmtudag.

„Ég geri engar athugasemdir við að vera krafinn um staðfestingar. Ég leitaði eftir upplýsingum um það á mánudag, en var sagt að þess þyrfti ekki. Það er svívirðileg framkoma og þannig getur fólk ekki hagað sér. Það er verið að leiða okkur í gildru, hverjir sem hafa lagt á ráðin um það.“

- kóp

Hjartsláttur nýrrar kynslóðar. Nýr A-Class.

Þér er boðið á frumsýningu í Öskju á nýjum A-Class í dag kl. 12-16.



Mercedes-Benz



HVAÐ LANGAR ÞIG AÐ LÆRA?

Skráning hafin á vorönn á ntv.is

TÆKNINÁM OG FORRITUN

- **Kerfisstjórabraut**
371 stundir - 524.000 - Byrja 28. og 29. janúar
- **Diplómanám í forritun**
282 stundir - 399.000 - Byrja 5. febrúar
- **Fornám í forritun**
108 stundir - 149.000 - Byrja 26. febrúar
- **MCSA - Kerfisstjórnun**
185 stundir - 299.000 - Byrja 28. janúar
- **Leikjaforritun**
204 stundir - 289.000 - Byrja 29. janúar
- **Tölvuviðgerðir**
78 stundir - 129.000 - Byrja 28. og 29. janúar
- **Kerfisumsjón**
180 stundir - 254.000 - Byrja 28. og 29. janúar
- **MCTS og Network+**
168 stundir - 153.000 - Byrja 27. og 28. febrúar
- **Cisco Certified Netw. Associate**
85 stundir - 289.000 - Byrja 23. apríl

VIÐSKIPTA- OG MARKAÐSNÁM

- **Markaðs- og rekstrarnám**
168 stundir - 198.000 - Byrja 4. og 5. febrúar
- **Sölu- og hönnunarbraut**
420 stundir - 385.000 - Byrja 11. og 12. febrúar
- **Sölu- markaðs- og rekstrarbraut**
168 stundir - 219.000 - Byrja 11. og 12. febrúar
- **Sölu- og markaðsnám**
264 stundir - 219.000 - Byrja 11. og 12. febrúar
- **Hagnýt markaðsfræði**
24 stundir - 33.000 - Byrja 6. og 7. febrúar
- **Markaðssetning á netinu**
24 stundir - 33.000 - Byrja 9. og 10. apríl
- **Fésbók sem markaðstæki**
12 stundir - 29.000 - Byrja 25. febrúar
- **Verkefnastjórnun**
42 stundir - 69.300 - Byrja 26. febrúar
- **Excel við áætlanagerð**
24 stundir - 33.000 - Byrja 25. og 26. febrúar

BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUNÁM

- **Bókhald 1 - Grunnám í bókhaldi**
114 stundir - 119.000 - Byrja 4. og 5. febrúar
- **Bókhald 2 - Bókaranám framhald**
168 stundir - 209.000 - Byrja 21. og 22. janúar
- **Bókhald 3 - Viðurkenndur bókari**
72 stundir - 89.000 - Byrja 23. og 24. apríl
- **Skrifstofu- og bókhaldsbraut**
426 stundir - 225.000 - Byrja 4. og 5. febrúar
- **Skrifstofuskóli NTV og Mímis**
256 stundir - 42.000 - Byrja 4. og 5. febrúar
- **Skrifstofu- og hönnunarbraut**
168 stundir - 225.000 - Byrja 4. og 5. febrúar
- **Skrifstofu- og rekstrarbraut**
426 stundir - 225.000 - Byrja 4. og 5. febrúar

GRAFÍK OG MARGMIÐLUN

- **Alvöru vefsíðugerð**
240 stundir - 229.000 - Byrja 28. og 29. janúar
- **Grafísk hönnun**
156 stundir - 209.000 - Byrja 11. og 12. febrúar
- **Photoshop Expert (ACE)**
60 stundir - 107.000 - Byrja 8. apríl
- **Photoshop grunnám**
30 stundir - 36.000 - Byrja 23. og 29. janúar



Þrjú sveitarfélög ætla að lækka skatta:

Sér fyrir enda skattahækkana?

Sveitarstjórnir um allt land liggja þessa dagana yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Það er klárlega ekki alltaf létt verk, enda bæði rekstrar- og skuldastaða margra sveitarfélaga erfið. Það vekur þó athygli að í það minnsta þrjú sveitarfélög, öll á suð-vesturhorninu, stefna að því að lækka skatta á næsta ári.

Þannig hefur Seltjarnarnes samþykkt fjárhagsáætlun sem kveður á um að útsvar íbúanna lækki úr 14,18% í 13,66%. Í Grindavík á að lækka útsvarið úr 14,48%, sem er leyfilegt hámarksútsvar, í 14,38%. Í Kópavogi hefur meirihluti bæjarstjórnar tilkynnt áform um að lækka fasteignagjöld, vatns-skatt og sorphirðugjald.

Í flestum tilvikum munar skattgreiðendur ekki stórkostlega um þessar gjaldalækk- anir, en þær eru samt mikil- vægt fagnaðarefni, vegna þess að þær eru til merkis um að nú sjái hugsanlega fyrir endann á þeirri skattahækkunahrinu ríkis og sveitarfélaga, sem hefur verið samfelld frá hrúni. Þannig lagði Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, áherzlu á það í samtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni að sleginn væri nýr tónn. Frekari skattalækkana væri að vænta á næstu árum.

Seltjarnarnes og Grindavík standa vel miðað við mörg önnur sveitarfélög og skulda ekki mikið. Kópavogur skuldar á þessu ári nærri 2,5-faldar rekstrartekjur, en stefnir í að koma skuldunum í rúmlega 200% af tekjunum á næsta ári. Auðvelda leiðin í þeirri stöðu er að skrúfa skattana í botn og láta íbúana súpa seyðið af röngum ákvörðunum fyrri ára. Það er þess vegna virðingarvert að meirihluti bæjarstjórnarinnar skuli fremur kjósa aðhald í rekstrinum.

Minnihlutinn í bæjarstjórn Kópavogs segir það „sýndar- lækkun“ að lækka fasteignaskatta, af því að fasteignamat hafi hækkað og því fórnir bærinn í raun ekki tekjum. Það er rétt eins langt og það nær, en þá ber líka að hafa í huga að mörg sveitarfélög, þar sem fasteignamat hefur hækkað, breyta ekki skattpróscentunni og þiggja bara að fleiri krónur komi í kassann.

Svo er það áhugaverð umræða hvort tekjur tapist með skattalækkunum. Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grinda- víkur, sagði í Viðskiptablaðinu fyrr í vikunni frá því að hann nýtti skattalækkunaráformin til að reyna að fjölga íbúum í bænum. Hann gengi til dæmis á milli báta í höfninni og kynnti bæinn fyrir sjómönnum. Það hefði þegar borið þann árangur að nokkrir hefðu flutt heimili sitt til Grindavíkur. Í ljósi þess að sjómenn eru meira en meðalmenn í launum, er það heilmikil búbot fyrir lítið sveitarfélag.

Heilbrigð skattasamkeppni á milli sveitarfélaga er af hinu góða. Vonandi leiðir þessi viðleitni þriggja sveitarfélaga til þess að önnur sjái sér líka hag í því að lækka skatta og vanda sig við reksturinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sigríður Á. Andersen
3.-4. sæti

Sjálfstæðismenn!

Verið velkomnir á opnun kosninga- skrifstofu Sigríðar Á. Andersen, laugar- daginn 17. nóv. kl. 15 við Síðumúla 28.

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í REYKJAVÍK 24. NÓVEMBER 2012 www.sigridur.is

GUNNAR



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Skamma stund verður hönd höggi fegin

Á hugaleysi er það sem lesa má úr stöðunni eftir prófkjör Sjálfstæðis- flokksins og Samfylk- ingarinnar í Suðvesturkjördæmi um síðustu helgi. Það rímar við þjóðaratkvæðagreiðsluna um stjórnarskrármálið þar sem hvor- ugum flokknum tókst að höfða til meirihluta kjósenda. Ríkisstjórn- in hefur brugðist vonum kjósenda og stjórnarandstaðan hefur ekki náð að vekja nýjar vonir.

Athyglisvert er að þátttakan í prófkjöri Samfylkingarinnar er til muna lakari en hjá Sjálfstæð- isflokknum þrátt fyrir skarpari hugmyndafræðileg átök sem þar



Jóhanna Sigurðardóttir hafði afl til að víkja tveimur af þremur frjálslyndum ráðherra flokks- ins úr ríkisstjórn og nýtti sér það. Hitt er að óhyggilegt getur verið að beita meirihlutavaldi með þess- um hætti. Prófkjörin sýndi að oft er það svo að skamma stund ver-

ur hönd höggi fegin.

Margt bendir til að ósveigjan- leiki Jóhannu Sigurðardóttur hafi hjálpað frjálslyndari armi flokks- ins, undir forystu Árna Páls Árna- sonar, að ná vopnum sínum á ný. Frambjóðendur hans urðu einnig hlutskarpari í Norðausturkjör- dæmi. Það gæti þýtt að Samfylk- ingin sveigdist aftur inn á braut nútímalegrar jafnaðarstefnu.

Fari svo er ekki útilokað að ná megi betra jafnvægi í pólitíkina á nýju kjörtímabili. Hugmyndabar- áttunni innan Samfylkingarinnar er þó ekki lokið og eftir á að koma í ljós hversu víðsýna afstöðu Sjálf- stæðisflokkurinn tekur.

Krafa um meiri breidd

Í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins var ekki með sama hætti tek- ist á um hugmyndafræði. Eigi að síður má lesa ákveðin skilaboð úr niðurstöðum þess. Sérstaklega á það við átökin um annað sætið þar sem Ragnheiður Ríkharðs- dóttir fór með sigur af hólmi.

Það er ekki rétt að eigna Evr- ópusinum þann árangur. En hitt er athyglisvert að afstaða hennar í þeim efnun skemmdri ekki fyrir. Það sem máli skiptir í þessu samhengi er að Ragnheið- ur Ríkharðsdóttir hefur tekið við merki Þorgerðar Katrínar Gunn- arsdóttur sem fulltrúi þeirra sem standa næst miðjunni. Eðlilegt er því að túlka það traust sem hún

fékk sem ósk stuðningsmanna flokksins um breidd og víðsýni.

Því má segja að í Sjálfstæðis- flokknum eins og Samfylking- unni hafi þau sjónarmið verið sterkust sem kalla á breiðara pólitískt samstarf.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum með eigin árangur. Enginn formaður hefur tekið við jafn erfiðu verkefni. Örlög hans voru að axla þungann af uppgjöri kjósenda við arfleifð langrar stjórnarsetu.

Pólitískar rætur vonbrigð- anna virðast þó einkum liggja í tveimur atvikum. Annað er að landsfundur ákvað með hlátra-

sköllum að henda út í hafsauga endurreisnarskýrslunni sem Geir Haarde lét vinna. Hún var alvöru tilraun til að gera upp við fortíðina og leggja grunn að framtíðarsýn. Það hefur háð nýjum formanni að hafa ekki þá málefnaundirstöðu.

Hitt er að ýmsir samherjar for- mannsins brugðu fyrir hann fæti þegar hann beitti sér fyrir lausn Icesave-málsins. Niðurstaða þess er enn í uppnámi. Einmitt það sýnir að sú varfærnisleið sem formaðurinn vildi var skyn- samleg og ábyrg út frá íslensk- um hagsmunum. Um leið bar hún vott um raunverulega sáttahæfi- leika.

Hvaða gildi hefur pólitísk rökræða?

Í Silfri Egils var á það bent að í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi hafi þeir náð bestum árangri sem mest lögðu af mörkum í málefnalegri hug- myndasmíð með greinaskrifum og jafnvel bókaútgáfu. Vissulega má segja að pólitísk rökræða hafi þar verið virt að verðleikum.

Í prófkjörsbaráttu Sjálfstæðis- flokksins í Reykjavík má einnig greina átakalínur af þessu tagi þótt með öðrum hætti sé. Þetta er eink-


um áberandi í einvíninu um fyrsta sætið.

Illugi Gunnarsson, sem er í fyrsta sæti í Reykjavík norður, hefur gert meir en aðrir þing- menn flokksins í því að brjóta mál til mergjar á hugmyndafræðileg- um grundvelli í greinum og fyr- irlestur, hvort heldur er á sviði menntunar eða efnahagsstjórn- unar. Hanna Birna Kristjánsdótt- ir, fyrrum borgarstjóri, er algjör andstæða. Hún stendur fyrir ein-

föld skilaboð fremur en djúpar rökræður.

Eigi að síður var það mat manna í Silfri Egils að hún stæði best að vígi. Hún á til að mynda enga aðra erfiða fortíð í pólitík en að hafa skil- ið skuldavanda Orkuveitunnar eftir til úrlausnar fyrir Besta flokkinn.

Stefna Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar er að sönnu ólík. En fróðlegt verður að sjá hvort flokkarnir lúta einnig að þessu leyti mismunandi lögmálum.



FRÁ 15%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SKÓM

ALLIR ÞURFA EITTHVAÐ TIL AÐ GANGA Á

Columbia
Sportswear Company

SOREL

VIKING

MUCK

zamberlan



VIKING POLAR
THERMO STÍGVÉL
Stærðir 21-41.
Svört og fjólublá.

6.490 KR.
FULLT VERÐ 7.990 KR.



ZAMBERLAN NEW TRAIL
HERRA OG DÓMUSKÓR
Stærðir 38-48.
Brúnir.

26.990 KR.
FULLT VERÐ 32.990 KR.



CONWAY GÖNGUSKÓR
Stærðir 36-46.
Brúnir.

13.990 KR.
FULLT VERÐ 17.990 KR.



MUCK BOOT YARD
GEGNINGASKÓR
Stærðir 36-48.
Svartir.

11.990 KR.
FULLT VERÐ 14.990 KR.



COLUMBIA BUGABOOT
KULDASKÓR
Omni-heat. Stærðir 41-48.
Ljósbrúnir.

24.990 KR.
FULLT VERÐ 29.990 KR.



VIKING STETIND
GÖNGUSKÓR
Gore-Tex. Stærðir 38-48.
Orange.

39.990 KR.
FULLT VERÐ 49.990 KR.



ZAMBERLAN PARROT 40
GÖNGUSKÓR
Microtex. Stærðir 37-43.
Bláir, brúnir og rauðir.

17.990 KR.
FULLT VERÐ 21.990 KR.



VIKING KADETT
GÚMMISTÍGVÉL
Stærðir 41-46.
Blá.

7.490 KR.
FULLT VERÐ 8.990 KR.




VIKING STÍGVÉL
ICEFIGHTER
Omni-heat. Stærðir 38-48.
Svört.

11.990 KR.
FULLT VERÐ 14.990 KR.



COLUMBIA MASTER FLY
GÖNGUSKÓR
Omni-heat. Stærðir 41-48.
Þyngd 230 g. Svartir.

19.990 KR.
FULLT VERÐ 27.990 KR.

 **Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

 **Ellingsen**

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

ORÐ VIKUNNAR
10.11.2012 → 16.11.2012



UMMÆLI VIKUNNAR

Hernámsveldið hefur opnað gáttir eigin vítis.

Essedine el Kassam-herdeild Hamas-samtakanna í Palestínu hótaði grimmilegum hefndum eftir að Ísraelsher gerði tugi loftárása á Gasa á miðvikudag.

„Ég veit ekki hvort við semjum við þessi þrotabú, ég held við munum bara segja þeim hvernig þetta á að vera.“

Már Guðmundsson seðlabankastjóri ætlar ekki að láta slitastjórnir föllnu bankanna komast upp með neitt múður við nauðasamninga.



„Ég gerði þetta af minni eigin sannfæringu um að þetta yrði skemmtilegt.“

Grínistinn Pétur Jóhann Sigfússon hefur legið undir á mæli í vikunni fyrir rasisma vegna Tongs Monitor, asísks hugafósturs síns.

Ábyrgð eða óráð!

Samtök atvinnulífsins hafa sent frá sér rit um skattamál sem ber heitið „Ræktun eða rányrkja?“ Eins og titillinn gefur til kynna þá eru áhyggjur SA af skattastefnu stjórnvalda þó nokkrar. Samt er það svo að skattar á fyrirtæki og fjármagn eru hér með lægra móti miðað við önnur lönd í Evrópu þannig að ritið og barlómurinn henta illa til útflutnings. Í ritinu er enginn skortur á hugmyndum um hvernig draga skuli úr skattlagningu fyrirtækja og efnafólks. Þetta vekur spurningar um hvort Samtök atvinnulífsins geri sér takmarkaða eða alls enga grein fyrir þeim veruleika sem menn standa frammi og hafa staðið frammi fyrir í ríkisfjármálum. Ég tel ekki vanþörf á að ræða nú áður en kosningabaráttan fer í hönd fyrir alþingiskosningar hvort það sé Samtökum atvinnulífsins fyllilega sæmami að fjalla um ríkisfjármál af slíkri léttúð. Ættu ekki slíkir aðilar að tala af ábyrgð, horfast í augu við að sköttum morgundagsins?

Hallinn að hverfa
Fyrst nokkur orð um afkomu ríkissjóðs og verkefnið sem núverandi ríkisstjórn, og ekki síst undirritaður sem fjármálaráðherra árána 2009-2011, stóð frammi fyrir. Eins og sést á myndinni hefur halli ríkissjóðs minnkað hröðum skrefum undanfarnin ár og verður að mestu horfinn 2013. Til að ná þessum árangri hefur verið beitt blandaðri aðferð tekjuöflunar og niðurskurðar í umfangsmiklum aðgerðum.

SKATTAR



Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvega- og nýsköpunaráðherra

Ekki er allur munur á vægi tekjuöflunar og niðurskurðar í aðgerðunum enda vantar nú ekki að mörgum hafi þótt nóg um umfang niðurskurðarins. Erfitt er að ráða annað af hugmyndum SA en að niðurskurðurinn hefði átt að vera miklu meiri eða þá að honum eigi að halda áfram af fullum krafti næstu ár þannig að hægt sé að lækka aftur skatta.

En ef litið er til þess árangurs sem náðst hefur í ríkisfjármálum er ljóst að aðgerðirnar eru að ná tilgangi sínum sem er að gera ríkisfjármálin sjálfbær. Frumvarp til fjárlaga fyrir 2013 gerir ráð fyrir aðeins 0,3% halla miðað við verga landsframleiðslu (VLF). Hrakspár um að skatttekjur muni ekki skila sér vegna ofskattlagningar hafa afsannast eins og best sést á því að tekjur ríkissjóðs eru að aukast umtalsvert á árinu frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessi blandaða leið hefur heldur ekki kæft hagvöxt eins og margir spáðu að myndi gerast. Eins og ekki verður um deilt er hagvöxtur meiri hér á Íslandi tvö ár í röð en í velflestum Evrópu- eða OECD-löndum þrátt fyrir efnahagshrun hér árið 2008 sem á sér vart fordæmi.

Ábyrgð ríkisfjármál


Í ljósi tillagna SA er ekki úr vegi að spyrja:

- Eru SA ekki sammála því að það sé lífsspursmál fyrir Ísland að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og helst fara að reka ríkissjóð með nokkrum og vaxandi afgangi eftir 2014 til að grynna á skuldum?
- Eru SA ekki sammála því

→ Hrakspár um að skatttekjur muni ekki skila sér vegna ofskattlagningar hafa afsannast...

Halli ríkissjóðs

í milljörðum króna



Heimild: Ríkisreikningur, Fjárlög 2012

að þetta sé ein af forsendum afnáms gjaldeyrishafta?

- Eru SA ekki sammála því að þetta sé nauðsynlegt til að lánsþæfismat landsins fari batnandi og aðgangur fleiri aðila en ríkissjóðs að erlendum lánamörkuðum komist í eðlilegt horf?
 - Óttast SA ekki eins og undirritaður hættuna á óábyrgum yfirboðum í kosningabaráttunni?
 - Eru SA ekki sammála því að sjálfbær ríkisfjármál séu ein af mikilvægum forsendum batnandi lífskjara og betri framtíðar fyrir landsmenn?
- Mitt svar er já við öllum spurningunum. Það væri hreint óráð að setja þann árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum í hættu og því verður ekki trúað að það verði gert. Nægar fórnir hefur það kostað að komast þangað sem við erum komin þó það bætist ekki við að þær verði til einskis á altari þröngra sérhagsmuna eða pólitísku lýðskrums.

HAUSTFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2012
Hilton Reykjavík Nordica 21.11. kl. 14-16

Arður í orku fram tíðar

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Á haustfundinum ræðum við fram tíðarhorfur, tækifæri og samfélagslegt hlutverk Landsvirkjunar.




- **Framsækni í alþjóðlegri fjármálakreppu**
Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
- **Ráðdeild og sóknarfæri í orkuvinnslu**
Einar Mathiesen, framkvæmdastjóri orkusviðs
- **Traust vinnst með sátt við samfélagið**
Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri
- **Spurningar og umræður**
Fundarstjóri er Magnús Þór Gylfason, yfirmaður samskiptasviðs.

Allir velkomnir
Skráning á www.landsvirkjun.is



Landsvirkjun



ÚLPA ER EKKI BARA ÚLPA



VINSÆLASTI ÚTIVISTARFATNAÐUR
Í HEIMI OG EKKI AÐ ÁSTÆÐULAUSU.

Fáðu aðstoð við valið á rétta útivistarfatnaðinum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.



68.990 KR.

MCMURDO DÚNÚLPAN HENTAR SÉRLEGA VEL FYRIR ÍSLENSKT
VEÐURFAR. HYVENT ÖNDUNARFILMA VEITIR GÓÐA VATNSVÖRN
OG ÞÚ SKELFUR EKKI ÚR KULDA MEÐ ÚRVALS GÆSADÚN SEM
EINANGRUN. NÓG AF VÖSUM FYRIR ALLT SEM SKIPTIR MÁLI
OG GÆÐAHÖNNUN NIÐUR Í MINNSTU SMÁATRÍÐI.
MCMURDO FRÁ THE NORTH FACE, LEIÐTOGI Á SÍNU SVIÐI.

ÚTILÍF

HOLTAGÖRDUM

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

Leggðu grunn að góðum degi!

Nóvember
Tilboðin
í fullum
gangi

Þráðlaus fjarstýring

- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 3 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

Fyrir þínar
bestu stundir!

C&J stillanlegt 2 x 90 x 200cm
Með Infinity heilsudýnu
m. pokagormum og latex
TILBOÐ Kr. 457.360,-


AÐEINS
39.787,-
afb. á mánuði í
12 mánuði

Fyrir hlýrri haustdaga – Dúnvara í miklu úrvali

Sængin sem breytir öllu!

Dúnsæng með byltingarkenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

100% gæsadúnn
140x200kr. 39.900,-



www.betrabak.is

Heilsurúm í sérflokk



12
mánaða
vaxtalaus lán*
á Chiro
collection

Chiro DeLuxe
heilsurúm á jóla-
tilboði kr. 224.720 með:

56.180
kr. afsláttur
160x200 cm

AÐEINS
19.722,-
afb. á mánuði í
12 mánuði

Mjúkt, slitsterkt bómullaráklæði

8 cm Latex heilsufirdýna

Eurotop® betur nýttur svefnflötur

5 svæðaskipt gormakerfi

Steyptar kantstyrkingar


Val um 5 litri á botni

Val um 3 gerðir af löppum

Hannaðu þitt eigið rúm - 5 litir af botnum, 3 gerðir af löppum



- ① Svart leður
- ② Hvítt leður
- ③ Brúnt leður
- ④ Dökkgrátt tau



Eik

Aluminium

NÝ HÖNNUN

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýsti jöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði.

TempraKON dúnsokkar



Asthma-Allergi Forbundet

Fyrir kaldar tær! **TempraKON®**



Til í hvítu og svörtu
Kr. 6.900,-

Heilsuinniskór

Vinsælasta jólagjöfin

í Betra Baki. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið. Sendum frítt út á land - betrabak.is

Parið kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-



Betra
BAK

Leggur grunn að góðum degi

NÝTT

LEVANTO vandaður hægindastóll með skemli



Kr. 139.800

Til í svörtu, hvítu og rauðu leðri.

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opíð virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Skodun visir.is

6.308

LAUGARDAGUR 10. NÓVEMBER
Sjálfhverfa kynslóðin
Sighvatur Björgvinsson fv. ráðherra

891

PRÍÐJUDAGUR 13. NÓVEMBER
Sjálfhverfa kynslóðin – lýg ég því?
Sighvatur Björgvinsson fv. ráðherra

746

MÁNUDAGUR 12. NÓVEMBER
Strákarnir okkar
Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

608

MÍÐVIKUDAGUR 14. NÓVEMBER
Sjálfhverfa kynslóðin – saklausa kynslóðin
Ásgrímur Jónasson rafmagnsiðnfræðingur

607

FIMMTUDAGUR 15. NÓVEMBER
Kastljósinn beint að Sigmari
Gunnar Hrafnsson, tónlistarmaður og stjórnamaður í FÍH

607

MÍÐVIKUDAGUR 14. NÓVEMBER
Góðmennska við kaupmenn
Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, eigandi Sports Direct á Íslandi

400

FÓSTUDAGUR 16. NÓVEMBER
Það verða ekki fleiri álver
Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar

Eftir höfðinu dansa síbrotamennirnir

Sl. fimmtudag var Svavar Halldórsson, fréttamaður á RÚV, dæmdur til að greiða Jóni Ásgeiri Jóhannessyni miskabætur fyrir ærumeiðingar. Í svokallaðri frétt hafði hann brigsalað Jóni um refsiverða háttsemi sem hann gat ekki fært fram nein gögn um að hann hefði gerst sekur um. Þetta var í annað sinn á tæpu ári sem fréttamaðurinn fær sams konar dóm í Hæstarétti, þar sem jafnframt er komist að niðurstöðu um að hann hafi ekki farið eftir reglum sem útvarpsstjóri hefur sett um vinnubrögð á fréttastofu RÚV.

DÓMSMÁL



Ragnar H. Hall lögmaður

→ Með öðrum orðum fær Svavar Halldórsson að fremja ærumeiðingar, hér eftir sem hingað til, á kostnað skattborgaranna sem eru skyldaðir til að greiða fyrir þjónustuna.

fjölmiðlum að stofnunin muni sjá til þess að hann beri ekki fjárhagslegan skaða af málinu. Með öðrum orðum fær Svavar Halldórsson að fremja ærumeiðingar, hér eftir sem hingað til, á kostnað skattborgaranna sem eru skyldaðir til að greiða fyrir þjónustuna með nefskatti.


RÚV skammast sín ekki

Hversu oft höfum við heyrt fréttamenn hneykslast á öðrum sem hafa misstigið sig og spyrja þá hvort ekki sé rétt að þeir segi af sér? RÚV skammast sín ekki fyrir frumhlaup fréttamanna sinna, heldur sér til þess að þeir sjálfir beri ekki skaða af. Velþókun stjórnenda RÚV gagnvart framgöngu Svavars Halldórssonar skín í gegn þegar viðbrögð þeirra við niðurstöðu Hæstaréttar er skoðuð.

Höfundur flutti umrætt mál af hálfu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.


Eignir Íslendinga árin 2006 og 2011

Hrein eign samkvæmt skattframtölum einstaklinga



Hlutfallsleg eignastaða kynslóða

Hrein eign samkvæmt skattframtölum einstaklinga



Sighvatur og sjálfhverfa kynslóðin

Sighvatur Björgvinsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, hefur farið mikinn í greinaskrifum í Fréttablaðinu síðustu daga þar sem hann fullyrðir að kynslóð Íslendinga á aldrinum 30-45 ára sé sjálfhverfasta kynslóð á Íslandi. Sighvatur fullyrðir að umrædd kynslóð hugsi bara um sjálfa sig og sé algjörlega sama um allt og alla. Kvartí

SAMFÉLAGSMÁL



Karl Sigfússon verkfræðingur

→ Í stuttu máli feykja gögn ríkisskattstjóra fyrirliðningarfrussi Sighvats Björgvinssonar langt á haf út.

aði öllum sínum eignum í efnahagshruninu og rúmlega það. Hrein eign (eignir mínus skuldir) 31-45 ára Íslendinga féll úr 137 milljarðum

í 684 milljarðum á árunum 2006 til 2011 eða sem samsvavar lækkun upp á 106. Á sama tímabili jókst eignastaða Sighvats og félaga hans, sem eru á aldrinum 61-75 ára, um 34, úr 512 milljörðum í 684 milljarða.

Þegar hlutfallsleg eignastaða á milli kynslóða er skoðuð opinberast hin slæma staða þeirra yngri enn frekar. Hlutfallsleg eignastaða þeirra sem eru 45 ára og yngri hefur gjörsamlega hrundið í samanburði við aðrar kynslóðir eða frá því að vera um 20 af eignum allra einstaklinga á árunum frá 1996 – 2006 niður í það að vera MÍNUS 2 árið 2011. Á sama tíma hefur hlutfallsleg eignastaða Sighvats-kynslóðarinnar vaxið frá því að vera 29 árið 2006 í 44 árið 2011. Það sama er að segja um eignastöðu þeirra sem eru á aldrinum 76-90 ára, en eignastaða þess virðulega hóps var um 15 af heildareignum einstaklinga árið 2006 en er í dag um 23. Varla getur slíkur vöxtur á eignum þeirra eldri talist eignahrún eins og Sighvatur heldur fram!

Niðrandi alhæfingar

Ég er 35 ára og tilheyri því óhjákvæmilega þessari sjálfhverfu kynslóð hans Sighvats, sem og allir mínir skólafélagar og vinir. Ég tilheyri líka þeim hópi fólks sem hefur verið að væla og skæla yfir ástandinu sem skapaðist við efnahagshrunið, enda ósáttur við stöðu mála. Ég kannast hins vegar ekki við að mín sjálfhverfa kynslóð hafi nokkuð með kvótabrask eða svindl á vistmönnum á Eir að gera – það verður Sighvatur að herma upp á aðila sem standa honum nær í aldri. Greinaskrif Sighvats höfðu því stuðandi áhrif á mig, bæði vegna ósanninda sem þar komu fram og ekki síður vegna niðrandi alhæfinga um mig og mína jafnaldra.

Sighvatur tilheyrir kynslóð sem ég ber virðingu fyrir, kynslóð foreldra minna. Hann er eldri maður og virðulegur, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra. Sighvatur fékk mig því til að efast eitt stundarkorn um eigin sannfæringu og sjálfsmynd. Hvort ég væri kannski þessi sjálfhverfa væluskjóða sem Sighvatur segir mig vera – vælandi yfir einhverjum ímynduðum „forsendubresti“.

Lúdrablástur og haldbær rök

Ólíkt Sighvati, sem virðist ekki hafa nokkra þörf fyrir að rökstyðja sleggjudóma sína, þá hef ég afar ríka þörf fyrir að byggja lúdrablástur minn á haldföstum rökum. Ég fór því að skoða og greina talnagögn um skattframtöl einstaklinga af heimasíðu ríkisskattstjóra, með 15 ára kynslóðaskiptingu Sighvats að leiðarljósi. Markmið mitt var að rökstyðja hinn „meinta“ forsendubrest sem Sighvatur vill meina að sé hreinn uppsuni sjálfhverfu kynslóðarinnar.

Í stuttu máli sagt feykja gögn ríkisskattstjóra fyrirliðningarfrussi Sighvats Björgvinssonar langt á haf út. Út frá þessum gögnum er ljóst að sjálfhverfa kynslóðin tap-

Bláköld staðreynd

Allt tal Sighvats um eignahrún gamla fólksins er því algjör rökleysa. Hið rétta er að hér hefur átt sér stað gríðarleg eignatílfærsla milli kynslóða, frá þeim yngri til þeirra eldri, með tilheyrandi eignabrúna hjá yngri kynslóðunum. Ástæðuna er ekki hægt að rekja nema að litlu leyti til gengistryggðra lána eins og Sighvatur heldur fram, enda var aðeins lítill hluti landsmanna með slík lán. Réttara er að horfa til verðtryggðra fasteignalána sem meginástæðunnar fyrir eignatílfærslunni – lánafrirkomulagi sem komið var í gagnið þegar ég var aðeins 4 ára gamall af samferðarmönnum Sighvats. Það væri nú langsótt að kenna mér og minni sjálfhverfu kynslóð um áhrifin af þessu meingallaða lánafrirkomulagi!

Hvað sem ástæðunni fyrir hinni gríðarlegu eignatílfærslu líður er það bláköld staðreynd að Íslendingar, 45 ára og yngri – meira en helmingur þjóðarinnar – hafa sem heild tapað öllum sínum eignum og 8 milljörðum betur á aðeins 5 árum.

Ég spyr – er sjálfhverft að kalla slíkar efnahagsamfarir forsendubrest?



Hið margrómaða Jólahlaðborð Hótel Eldhesta

Pantanir á hið margrómaða jólahlaðborð Hótel Eldhesta á aðventunni eru hafnar - það fyrsta verður 30. nóvember.



Jólahlaðborð og gisting aðeins 10.200 kr. á mann!

Innifalið: Jólahlaðborð, gisting í 2ja manna herbergi í eina nótt, ásamt morgunverðarhlaðborði. Einnig er hægt að sleppa gistingunni, en þá er verðið 6.700 kr. á mann.

Pantanir móttekna hjá Friðu í síma 4804800 eða með tölvupósti - info@eldhestar.is

Hótel Eldhestar er kjörinn staður til ráðstefnuhalds

- Friðsæll fundarstaður
- Hálf tíma akstur frá Reykjavík
- 26 rúmgóð herbergi
- Afbreyting í næsta nágrenni

Nánari upplýsingar um Hótel Eldhesta má sjá á vefsíðunni www.hoteleldhestar.is



Vellir • 810 Hveragerði • Sími 480 4800 • Fax: 480 4801
info@eldhestar.is • www.hoteleldhestar.is



Norðangarri úr öllum áttum

Heimskautaleiðangrar landkönnuðarins Vilhjálms Stefánssonar urðu okkur innblástur að Snæfell Parka. Hún er hlý og klassísk, úr hágæðaefnum, með vatns- og vindheldri skel og skjólgóðri hettu.

HELGIN



Hafþís Huld Prastardóttir tónlistarkona

Spilar til styrktar Sunnu Valdísi

„Ég er að fara að spila á styrktarmarkaði á Hótel Reykjavík Natura í dag klukkan eitt. Þar er verið að safna fyrir litla stelpu sem heitir Sunna Valdís og er með sjaldgæfan sjúkdóm. Á morgun er ég að spila og kynna Vöggvísna-plötuna mína á bókamessu í Ráðhúsinu. Þess á milli ætla ég að njóta lífsins og snjósins með manninum mínum og fimm mánaða dóttur.“



Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari

Þjálfar markmenn

„Ég verð með markmannsþjálfaranámskeið alla helgina sem er byrjunin á átta mánaða námskeiði til að efla markmannsþjálfun á Íslandi.“



Andrea Gylfadóttir söngkona

Hvíld alla helgina

„Það var rosaleg törn að undirbúa tónleika Todmobile í Hörpu í gær. Nú þegar þeir eru búnir ætla ég að hvíla mig alla helgina.“



Ásgeir Kolbeinsson fjölmiðla- og veitingamaður

Fer á Fitness-keppni

„Ég verð í Háskólabíói í dag að hvetja systur mína og frænku til dáða í Fitness-keppninni. Á morgun ætla ég svo jafnvel í Bláa lónið.“

NÆLDI MÉR Í EINN HÁVAXINN

Greta Salóme Stefánsdóttir gaf út plötuna *In the Silence* í gær. Hún samdi sjálf öll lög og alla texta á plötunni sem hún segir spanna allt litrófið í tónlist. 2012 hefur verið viðburðaríkt ár.

Í fyrsta lagi Greta, er Eurovision-lagið á plötunni?

Já, það er á plötunni. Okkur á alltaf eftir að þykja vænt um Never forget og frábært að fá svona stökkpall. Við nýttum okkur hann svo til að gera enn þá stærri, nýrri og ferskari hluti á þessari plötu.

Pú talar um okkur?

Já, okkur Þorvald Bjarna. Við unnum plötuna alla saman en ég samdi öll lög og texta.

Er platan öll í anda Never Forget?

Nei, síður en svo. Við ákváðum að fara í allt aðra átt og ég lokaði mig af í lok sumars og í haust til að sökkva mér ofan í það. Það er rosalega mikil tónlist á henni ef hægt er að segja það. Hún spannar í raun allt litrófið í tónlist. Við vildum láta þetta hljóma mjúkt en á sama tíma hart. Það er smá Florence and the Machine-filingur í henni á köflum og svo alveg yfir í minimalíska og angurværa tónlist þar sem er jafnvel bara píanó og rödd.

Færðu aðstoð við flutninginn á plötunni?

Jónsi syngur auðvitað í Never Forget. Svo erum við með stúlknað úr kórnum Hljómeyki og bakraddakór sem samanstendur af rosalega öflugum einstaklingum, Eyþóri Inga, Péttri Erni, Ernu Hrönn og Ölmú Rut. Svo syng ég líka bakraddir.

Áttu þér eitthvað uppáhaldslag á plötunni?

Já, þau eru í rauninni tvö. Annars vegar er það titillagið *In the Silence* sem er stórt og mikið og svo lagið *A Thousand more Good-byes* sem er rólegt og einfalt. Þau eru rosalega ólík sem lýsir kannski bara andstæðunum í mér og á plötunni.

Árið hefur verið mjög ævintýralegt hjá þér og þú endar það á að syngja í Frostrósum. Þjóstu við þessu í upphafi árs?

Nei, alls ekki. Þetta er er búið að vera alveg æðislegt ár og fullkomið að fá að enda það svona.

Er öll Evrópa að bíða?

Ég veit nú ekki með alla Evrópu en það er alveg fullt af fólki úti um allt sem fylgist með keppendum eftir að keppninni lýkur. Það eru því einhverjir sem eru að bíða og það er alveg frábært. Platan er að mestu á ensku svo hún höfðar vissulega til fólks víðar en bara hér á landi.

Og hvað er svo fram undan 2013?

Það má Guð vita. Ég ætla að halda áfram að fylgja plötunni eftir og stefni á að halda útgáfutónleika eftir áramót. Svo verð ég á fullu að syngja og spila úti um allt. Lífið mitt snýst bara um tónlistina og auðvitað Crossfit. Ég var einmitt að ljúka við æfingu rétt í þessu og er á leiðinni heim að hljómborðinu.

1,56 METRAR Á HÆÐ OG NOTAR SKÓ NÚMER 35

Greta Salóme er 26 ára gömul. Hún útskrifaðist með mastersgráðu í tónlist frá Listaháskóla Íslands í vor og fékk 9 í einkunn fyrir lokaverkefnið sitt. Hún er í sambúð með Elvari Þór Karlssyni og eru þau búnir að vera saman í tæp tvö ár. „Hann var að þjálfa mig í Boot Camp þar sem hann er meðeigandi og rekur Crossfit-stöðina svo við æfum saman á hverjum degi. Hann er rosalega duglegur að hvetja mig áfram á sama tíma og hann heldur mér á jörðinni,“ segir Greta.

Greta Salóme er aðeins 1,56 metrar á hæð og segist vera af lágvöxnu fólki komin. „Systir mín er meira að segja minni en ég,“ segir hún en hún á eina yngri systur, Sunnu

Rán. „Þetta er samt allt í lagi. Ég nældi mér í einn hávaxinn svo ætli þetta jafnist ekki út og börnin okkar verði í meðalhæð,“ segir hún og hlær. Hún segir smæðina þó aldrei hafa hamlað sér í lífinu. „Ég er svo risastór að innan. Ég man samt eftir einu atviki sem þetta snart mig illa. Það var þegar ég fór á fyrsta skóladaginn minn og kom grátandi heim því ég átti minnstu skóna,“ rifjar hún upp og hlær. Hún notar skó númer 35 og segist oft eiga í vandræðum með að finna sér skó sem passa. „Ég hef aldrei keypt mér jafn mikið af skóm og þegar ég fór til Kína. Þá komst ég í algjört skó-himnaríki,“ segir hún kát.

- trs



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tveir kvenhöfundar á móti hverjum þremur körlum

Rýnt í kynjahlutföll höfunda skáldverka í nýutkomnum Bókatíðindum. Mest hallar á konur í útgefnum ljóðabókum.

Fleiri karlar en konur senda frá sér skáldverk (skáldsögur, smásögur og nóvellur) í ár samkvæmt nýutkomnum Bókatíðindum. Karlar eru höfundar 63 prósentu skáldverka en konur 37 prósentu.

Þegar litið er til frumotra ljóðabóka er munurinn enn meiri körlunum í hæg. Þar munar ekki síst um hversu drjúgur karlpeningurinn er í sjálfsútgáfu.

Konur eru í meirihluta þeirra sem senda frá sér frumsamdar barna- og unglingabækur en munurinn er þó ekki yfirgnæfandi. Þar munar einnig mikið um sjálfsútgáfu og eru dæmi um fleiri en einn karlkyns höfund sem senda frá sér allt að þrjár frumsamdar barnasögur á árinu.


Samanlagður munur milli kynja í þessum þremur flokkum eru 78 bækur eftir karla á móti 55 bókum kvenna. Það þýðir að á móti hverjum þremur karlkyns höfundum senda tvær konur frá sér bók í ár.

Alls eru 842 titlar skráðir í Bókatíðindi í ár sem er metfjöldi, titlarnir voru 757 í fyrra. Munar þar mest um það að margar bækur er nú gefnar út á fleiri en einu formi.


- bs

→ Karlar og konur í Bókatíðindum


Frumútgefin skáldverk
(skáldsögur, smásögur, nóvellur) á árinu:



Frumsamín ljóð



Barna og unglingabækur
Frumsamdar íslenskar



Alls

karlar 76 (58%)

konur: 55 (42%)

Bókatíðindi eru ekki tæmandi skráning fyrir útgáfu ársins.

Bókabúðin þín



Tilboð
4.990,-
Fullt verð 6.490,-

Skáld
Einar Kárason



Tilboð
14.999,-
Fullt verð 17.999,-

Stuð vors lands
Dr. Gunnir



Tilboð
4.990,-
Fullt verð 6.290,-

Undantekningin
Auður Ava Ólafsdóttir



Tilboð
4.990,-
Fullt verð 6.490,-

Kuldi
Yrsa Sigurðardóttir



Tilboð
4.990,-
Fullt verð 5.690,-

Suðurglugginn
Gyrðir Elíasson



Tilboð
4.990,-
Fullt verð 5.990,-

Villibráð
Úlfar Finnbjörnsson



Tilboð
3.999,-
Fullt verð 4.999,-

Gísli á Uppsölum
Ingibjörg Reynisdóttir



Tilboð
4.990,-
Fullt verð 5.490,-

Hárið
Theódóra Mjöll



Tilboð
5.190,-
Fullt verð 6.490,-

Ósjálfrátt
Auður Jónsdóttir



Tilboð
3.990,-
Fullt verð 4.990,-

Illska
Eiríkur Örn Norðdahl



Tilboð
5.490,-
Fullt verð 6.890,-

Megas
Textar 1966-2011



Verð
9.900,-

Fólkið í landinu
& Landið í fólkinu

Verið velkomin í úgáfuþólf bókarinnar og opnun sýningar samhlíða henni í dag kl. 15.00



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



PEKKIR EKKI EINELTI „Það hefur aldrei neinn gengið til mín og sagt: „Þú þarna Asíubúi, drullaðu þér heim!“ Ég held þetta sé einhver misskilningur hjá fólki.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rasisminn er ekki minn veruleiki

Nick Andrew Torres La-Um fluttist með fjölskyldu sinni til Íslands frá Filippseyjum 12 ára gamall. Hann er nú 25 ára, er að læra til kokks og vinnur á Fiskmarkaðnum. Nick hefur verið gestur á sjónvarpsskjám landsmanna undanfarin sunnudagskvöld í hlutverki Alvins í Pressu. Hann kom þó alveg af fjöllum þegar falast var eftir viðtali við hann.

Fríðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Ha? Ertu ekki að hringja í vitlaust númer?“ segir Nick alveg gáttaður þegar blaðamaður ræsir hann eldsnemma morguns með beiðni um viðtal. „Af hverju viltu tala við mig?“ Hann fellst þó á að segja lesendum undan og ofan af sögu sinni og byrjar á uppruninum.

„Ég fæddist á Filippseyjum í september 1987. Við bjuggum á næststærstu eyjunni Cebu. Mamma var kennari og pabbi vann verktakavinnu. Svo gerðist það að systir mömmu sem var gift íslenskum manni bauð okkur að flytja hingað. Undirbúningurinn tók þrjú ár en við fluttum hingað árið 2000. Ég veit ekki alveg ástæðuna fyrir því að við komum hingað en ég held að ástæðan hafi einfaldlega verið vonin um betra líf. Við vorum ekkert fátæk heima á Filippseyjum, bara svona mitt á milli, en það er samt mun auðveldara að lifa hér.“

Bara steinhissa

Fjölskyldan, Nick, foreldrar hans og tveir yngri bræður, settist að í Kópavogi og hann byrjaði sína íslensku skólagöngu í Hjallaskóla. Hvernig gekk það? „Fyrst byrjaði ég reyndar í sumarskóla fyrir krakka sem töluðu ekki íslensku, en strax um haustið byrjaði ég í Hjallaskóla og var þar

þangað til ég útskrifaðist úr tíunda bekk. Þetta var auðvitað alveg nýtt fyrir mér, ég þekkti engan, talaði ekki málið og var eiginlega bara steinhissa á því að vera kominn til annars lands. Það var dálítið erfitt að komast inn í samfélagið en krakkarnir og kennarnir voru allir voða næs, buðu mann velkominn og vildu hjálpa manni. Þarna voru nokkrir krakkar frá Filippseyjum, Taílandi og Víetnam sem voru á svipuðu róli og ég og við vorum sett saman í hóp til að læra íslensku. Það var mjög fínt að kynnst krökkum sem voru svipað stödd og ég en vera líka með íslensku krökkunum í tímum og kynnst þeim.“

Einhver misskilningur

Plottið í Pressu snýst að sumu leyti um kynþáttahatur og erfiðleika innflytjenda við að aðlagast. Lentirðu í einhverju slíku í skólanum? „Nei, ég hef aldrei lent í neinu svoleiðis. Það hefur aldrei neinn gengið til mín og sagt: „Þú þarna Asíubúi, drullaðu þér heim!“ Og ég þekki heldur ekki neinn sem hefur lent í því. Ég held þetta sé einhver misskilningur hjá fólki.“

Það eru samt einhver gengi sem eiga í stríði í innflytjendasamfélaginu, er það ekki? „Það hef ég aldrei orðið var við. Það er alltaf verið að tala um gengi í Breiðholti en ég fer þangað í hverri viku að æfa körfubolta með vinum mínum og hef aldrei orðið var við neitt svoleiðis. Ég held það geti varla verið að ég sé bara svona heppinn að rekast aldrei á neitt. Held þetta sé bara algjör kjaftagangur.“

FJÖLMENNING Á FISKMARKAÐNUM



STEMNING Í ELDHÚSINU Það er fjölbjóðlegur hópur sem sér um eldamennskuna á Fiskmarkaðnum. Frá vinstri: Kirill Ter-Martirosov frá Rússlandi, Axel B. Clausen hálfur Íslendingur og að hálfu frá Grænhöfðaeyjum, Nick frá Filippseyjum, Hjalti Rafn Guðmundsson frá Íslandi, Iva Slovabic frá Tékklandi og eigandinn Hrefna Rósa Sætran frá Íslandi.

„Pegar ég er með Filippseyingum er ég Filippseyingur og með Íslendingum Íslendingur. Það er ekkert vandamál.“

Tveir aðskildir hópar

En hvernig leið þér með að flytjast til Íslands? „Ég vildi ekkert flytja hingað, fylgdi bara með foreldrum mínum eins og eitt hvert viðhengi. Og fyrsta sumarið var mjög erfitt. Við komum hingað í júní en það var samt alveg hræðilega kalt. Ég vildi bara fá að fara heim aftur. En svo lagaðist það auðvitað þegar maður fór að venjast veðrinu og kynnst fólki.“

Er mikil samheldni í filippseyska

samfélaginu á Íslandi? „Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá er dálítill togstreita þar. Það eru alveg tveir aðskildir hópar með tvo ólíka stjórnendur. Ég veit ekki hvers vegna, en það er einhver ríður á milli þessara stjórnenda og fólk tilheyrir bara öðrum hvorum hópnum og umgengst ekki þá sem eru í hinum hópnum. Innan hvors hóps um sig er hins vegar mikil samheldni og fólk styður hvert annað.“

Eitt af því sem veldur átökunum í Pressu er að fólk þarf að borga einhverjum Filippseyingi helling af peningum til að komast til Íslands, eða vinna hjá honum upp í fargjaldið. Er það þannig í veruleikanum? „Ég þekki engan sem hefur komið þannig til landsins, en ég hef heyrt að það sé eitthvað svoleiðis í gangi. Það er líka orðið miklu erfiðara að komast inn í landið þannig að maður hefur heyrt af því að fólk sé látið giftast einhverjum sem býr hér til að fá að koma. Og þá er auðvitað einhver sem sér um að koma því í kring. En, eins og ég sagði, þá er þetta ekki minn veruleiki og ég veit ekkert mikið um þetta.“

Allt annar heimur

Hvernig kom það til að þú fékkst hlutverk Alvins í Pressu? „Einn daginn fékk ég símtal frá frænku minni og hún sagði mér að það vantaði fólk sem talaði filippseysku til að leika í sjónvarpsþætti og spurði hvort ég væri ekki til í það. Ég sagði strax já og daginn eftir var hringt í mig frá Saga Film. Ég fór í prufu og fékk

hlutverk Alvins.“ Hefurðu eitt-hvað leikið áður? „Nei, aldrei. Það eina sem ég hef gert fyrir fram-an myndavélar eru matreiðslu-myndbönd fyrir vefinn hjá okkur á Fiskmarkaðnum. Þannig að ég vissi ekkert hvernig þetta myndi ganga.“

Hvernig upplifun var það að taka þátt í sjónvarpsþætti? „Það var alveg ólýsanlegt að kynna og vera með þessu fólki. Þau leið-beindu manni og voru alveg ótrú-lega næs og þolinmóð. Þetta er alveg allt annar heimur en maður er vanur.“

Þig langar ekki að hætta bara í kokknun og fara að læra leiklist eftir þessa reynslu? „Nei, en ef ég fengi boð um að leika í einhverju myndi ég ekki segja nei. En, nei, mig langar ekki að verða leikari að atvinnu. Ég er að verða búinn með kokkanámið og langar bara að ein-beita mér að því.“

Hefur þetta breytt einhverju fyrir þig? Þekkir fólk þig á götu til dæmis? „Nei, ég held ekki. Ég hef heldur ekkert verið að auglýsa það að ég sé að leika. Það eru samt nokkrir sem hafa spurt fólkið sem ég er að vinna með hvort þetta sé ég í þáttunum, en ekkert mikið og enginn hefur talað neitt um þetta við mig.“

Er Alvin líkur þér? „Nehei. Við erum alveg gjörólíkir. Ég þurfti bara að vera hann þarna í smá tíma, en við eigum ekkert sameiginlegt og hann er heldur ekki líkur neinum sem ég umgengst.“

Helmingur af hvoru þjóðerni

Hvort finnst þér þú frekar vera Íslendingur eða Filippseyingur? „Úff, þessu er erfitt að svara. Eiginlega bara jafn mikið. Það fer alveg eftir því hvar ég er. Ef ég er með filippseysku vinum mínum í heimahúsi þá líður okkur eins og við séum bara heima á Filippseyjum en ef við förum út þá þurfum við auðvitað að haga okkur eins og hinir. Ég breytist líka eftir því hvaða fólki ég er með, ef ég er með Filippseyingum er ég alveg eins og þeir og breytist svo í Íslending þegar ég er með íslensku vinum mínum. Ég fell alltaf inn í þann hóp sem ég er með í það skiptið. Þegar ég er með Filippseyingum er ég Filippseyingur og með Íslendingum Íslendingur. Það er ekkert vandamál.“

Er þetta mjög ólíkar þjóðir? „Bæði já og nei. Við Filippseyingur erum ekkert allir eins og ekki Íslendingar heldur. Fólk er bara ólíkt. Það fer ekkert bara eftir upp- runanum.“ En er ekki strangara uppeldi hjá Filippseyingunum? „Jú, það var mjög strangt, en það hefur verið að breytast mikið undanfar- ið. Ég tók einmitt eftir því þegar ég fór heim seinast að krakkarnir voru miklu frjálsgreiri en þegar ég var lítill.“

Þú segir enn þá „heima á Fil- ippseyjum“. Langar þig að flytja þangað aftur? „Nei, en ég fæ oft heimþrá samt. Það er aðallega út af fólkinu sem ég þekki þar. Ég sakna þess og þá fæ ég heimþrá.“

Ástralía draumalandið

Áttu kærustu? „Úff, ætlaðu að fara að tala um það í blaðinu? Ég er ekki tilbúinn til þess.“

Hvað langar þig að gera þegar þú ert búinn með skólann og orð- ininn kokkur? Ætlaðu að búa áfram á Íslandi? „Nei, ég held ekki. Ég hef eiginlega ekkert plan eins og er. Annaðhvort flyt ég til einhvers annars lands og fer að vinna þar eða verð bara hér áfram. Mig lang- ar mest að fara til Ástralíu og opna kannski veitingahús þar.“

Hvers vegna Ástralíu? „Ég veit það ekki alveg. Hún hefur bara alltaf heillað mig. Svo er hún líka nálægt Filippseyjum og stutt fyrir mann að fara heim.“

Hugsarðu einhvern tíma um það hvernig líf þitt væri ef þú hefðir ekki flutt til Íslands? „Nei, eigin- lega ekki, en auðvitað væri það allt öðruvísi. Þótt ég hafi verið mjög ósáttur við að flytja hingað þegar ég var tólf ára þá vandist maður því mjög fljótt að búa hér og mér finnst ég alveg vera Íslendingur, á bara svoltið annan bakgrunn en flestir.“

ÓLÝSANLEG UPPLIFUN AÐ FÁ AÐ TAKA ÞÁTT Í PRESSU



ALVIN Í PRESSU „Við erum alveg gjörólíkir. Við eigum ekkert sameiginlegt og hann er heldur ekki líkur neinum sem ég umgengst.“ segir Nick um Alvin. Hann segir þó upplifun- ina af því að taka þátt í gerð þáttanna ólýsanlega. „Þetta er allt annar heimur en maður er vanur. En, nei, mig langar ekki að verða leikari að atvinnu.“

SCHOU
IROBOT
TRISTAR
KITCHEN AID
ELECTROLUX

AEG
BO
EX
CUISINART
GEORGE FOREMAN
BABYLISS
REMINGTON

DOMO
C3

MATSUI
HOMEDICS
BRAUN

CLOER
RUSSELL HOBBS
SEVERIN

LEIFHEIT
WILFA
ELTAC

PHILIPS
FRANCIS FRANCIS
SAECO

CAPPUCINATORE
SENSEO
WASSERMAXX

SODA STREAM
BOSCH
AIR-O-SWISS

ADAX
BEURER
CLATRONIC

DAEWOO
GALANZ
GARIAN

HOOV
KENWOOD
KRUPS

SOLIS
TEFAL
PANASONIC

OBH NORDICA

Heimilistækja dögum lýkur á morgun

ÖLL HEIMILISTÆKI

ALLT AÐ

50%

AFSLÁTTUR

byggto og búið

568 9400 byggto og buid.is | Kringlunni

facebook.com / byggto og buid

**Verið velkomin
á Bókamessu
í Ráðhúsi
Reykjavíkur
um helgina.**

➔ **Dagskrá í
öllum krókum
og kímum
Ráðhússins.**

BÓKAMESSA Í

Laugardagur 17. nóvember

13.00 TJARNARSALUR: Félagar úr Kór Menntaskólans í Hamrahlíð syngja: Söngvasafn.
RÁÐHÚSGANGUR: Sigríður Ásta Arnardóttir: Litfríður - heklað, þrjónað og endurskapað.
- Halla Bára Gestsdóttir, Herborg Sigtryggsdóttir: Stóra þrjónabókin.
MATSALUR, 1. HÆÐ: Thelma Þórbergsdóttir: Gleðigjafar.

13.30 KAFFIHÚS: Helgi Ingólfsson:
Frjálsar hendur - kennarahandbók.

14.00 BORGARSTJÓRNARSALUR:
Ástin og allt þar á milli.
Eiríkur Guðmundsson ræðir við Auði Övu Ólafsdóttur (Undantekningin), Kristínu Ómarsdóttur (Milla), Steinunni Sigurðardóttur (Fyrir Lísu) og Sigurbjörgu Þrastardóttur (Stekk).

MATSALUR, 1. HÆÐ: Oddi: Námskeið í að útbúa persónulegar myndabækur.

RÁÐHÚSGANGUR: Sigurveig Káradóttir: Súpur allt árið
- Gísli Egill Hrafnsson, Inga Elsa Bergþórsdóttir: Eldað og bakað í ofninum heima.

KAFFIHÚS: Mishlýjar sögur að vestan. Vestfirskir sagnamenn skemmta með undirspili.

SETUSTOFA, 2. HÆÐ: Fjölskyldustund. Upplestur úr nýjum barna- og unglingsbókum: Anna Heiða Pálsdóttir: Mitt eigið Harmagedón, Margrét Örnólfsdóttir: Ápena – að eilífu, kúmen!, Þórdís Gísladóttir: Randalín og Mundi, Iðunn Steinsdóttir: Varið ykkur á Valahelli, Marta Dröfn: Amma með biluðu augun.

15.00 MATSALUR, 1. HÆÐ:
Böðvar Guðmundsson: Töfrahöllin.

RÁÐHÚSGANGUR: Pure Ebba: Eldað með Ebbu í Latabæ.

KAFFIHÚS: Valgerður Halldórsdóttir: Hver er í fjölskyldunni?

SETUSTOFA, 2. HÆÐ: Huginn Þór Grétarsson: Búkolla og Naglasúpan - fjölskyldusmiðja.

ÚTISVÆÐI VIÐ TJARNARGÖTU: Atli Sveinn Þórarinnsson: Knattspyrnuþrautir.

16.00 RÁÐHÚSGANGUR: Theódóra Mjöll: Hárið - Íris Sveinsdóttir: Frábært hár.

RÁÐHÚSGANGUR: Ljótikór syngur: Ljóð Þóraríns Eldjárns.

MATSALUR, 1. HÆÐ: Stefán Pálsson, Anton Kaldal Ágústsson: ð ævisaga.

SETUSTOFA, 2. HÆÐ: Jólakúlusmiðja - Jólakúlur eftir Arne og Carlos.

16.15 ÚTISVÆÐI: Gunnar Helgason stýrir aukaspyrnukeppni: Aukaspyrna á Akureyri.

17.00 MATSALUR, 1. HÆÐ: Jón Ólafsson: Appelsínur frá Abkasíu - Guðmundur Magnússon: Íslensku ættarveldin.

➔ **Frábær
barnadagskrá.**

Sjá ítarlegri dagskrá á
www.bokmenntaborgin.is



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA

➔ **Bílar sýndir,
hár mótað,
matur gefinn
og umræður
og upplestrar
alla helgina.**

*Opíð
laugardag
og sunnudag
frá 12-18.*

BÓKMENNTABORG

Sunnudagur 18. nóvember

13.00 MATSALUR, 1. HÆÐ: Fólkið að vestan spjallar og les upp: Finnbogi Hermannsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Reynir Ingibjartsson, Lýður Björnsson, Benedikt Sigurðsson og Lárus Jóhannsson.

13.30 KAFFIHÚS: Sjón ræðir við Ransom Riggs: Heimili fröken Peregrine fyrir sérkennileg börn.

13.45 RÁÐHÚSGANGUR: Hafðís Huld syngur lög af plötunni Vöggvísur.

14.00 BORGARSTJÓRNARSALUR: Saga og samtími. Katrín Jakobsdóttir ræðir við Einar Kárason (Skáld), Eyrúnu Ingadóttur (Ljósmodirir), Kristínu Steinsdóttir (Bjarna-Dísa), Pétur Gunnarsson (Íslendingablokk. Tíðarandasaga) og Vilborgu Davíðsdóttur (Vígroði).

MATSALUR, 1. HÆÐ: Bókahátíð barnanna. Dagskrá fyrir börn stendur til kl. 16.00. Fjöldi höfunda kemur og skemmtir fjölskyldunni.

RÁÐHÚSGANGUR: Nanna Rögnvaldardóttir: Múffur í hvert mál.

KAFFIHÚS: Pétur Blöndal og Anton Helgi Jónsson flytja limrur.

15.00 RÁÐHÚSGANGUR: Solla: Eftirréttir Söllu - Sigrún Óskarsdóttir og Kristín Þóra Harðardóttir: Orð, krydd og krásir.

KAFFIHÚS: Hefur einhver séð Dagbók Eddu Björgvins? Hún er nefnilega týnd. Edda segir farir sínar ekki sléttar.

16.00 KAFFIHÚS: Ljóðadagskrá í tali og tónum: Svavar Knútur. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Ari Trausti Guðmundsson, Bjarni Gunnarsson, Hjörtur Pálsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson.

16.15 MATSALUR, 1. HÆÐ: Guðni Th. Jóhannesson spjallar við Styrmi Gunnarsson (Sjálfstæðisflokkurinn - Átök og uppgjör) og Svavar Gestsson (Hreint út sagt).

17.00 KAFFIHÚS: Ljóðin í bænum: Dagur Hjartarson (Þar sem vindarnir hvílast), Gerður Kristný (Strandir), Huldar Breiðfjörð (Litlir sopar), Guðrún Hannesdóttir (Teikn), Óskar Árni Óskarsson (Kuðungasafnið), Sigurður Pálsson (Ljóðorkulind).

*Dýfðu þér í
jólabókaflóðið.*

Skuggaeigandi Íslands

Vogunarsjóðir **Davidson Kempner** eru á meðal stærstu kröfuhafa allra föllnu bankanna. Þræðir þeirra liggja til margra mikilvægra íslenskra fyrirtækja. Nauðasamningar bankanna munu tryggja þeim áður óþekkt eignarhald yfir íslensku atvinnulífi.

Pórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Vogunarsjóðir í umsjón bandaríska sjóðstýringarfyrirtækisins Davidson Kempner Capital Management LLC hafa gríðarleg ítök í íslensku viðskiptalífi. Þeir eru stærsti einstaki kröfuhafi Glitnis, á meðal allra stærstu kröfuhafa Kaupþings, eiga stórar kröfur á Landsbankann, á meðal stærstu eigenda Straums og Klakka og hafa verið að kaupa upp hluti í Bakkavör Group af miklum mót.

Gangi nauðasamningar Glitnis og Kaupþings í gegn líkt og stefnt er að á næstu mánuðum, og kröfum verður í kjölfarið breytt í hlutfé, mun Davidson Kempner og sjóðir þess vera beinn eða óbeinn eigandi að gríðarlega stórum hluta íslensks fjármála- og viðskiptalífs.

Þrettándi stærsti sjóðurinn

Davidson Kempner var stofnað í New York árið 1987 og er þrettándi stærsti vogunarsjóður Bandaríkjanna. Sjóðurinn sérhæfir sig meðal annars í að hagnast á viðskiptum með kröfur í gjaldþrota fyrirtækjum. Þess vegna var Ísland kjörin markaður fyrir hann, enda gjaldþrot íslensku bankanna þriggja á meðal þeirra stærstu sem átt hafa sér stað í heiminum. Alls eru í stýringu hjá Davidson Kempner um 20 milljarðar dala, eða um 2.500 milljarðar íslenskra króna. Til

að setja þá upphæð í samhengi má benda á að öll landsframleiðsla Íslendinga var 1.626 milljarðar króna í fyrra, eða 65 prósent af því fjármagni sem sjóðurinn stýrir. Fyrirtækið tekur síðan gjald fyrir stýringu á fénu og hlut í öllum ágóða sem fjárfestingar þess skila.

Davidson Kempner vill þó ekki láta mikið á sér bera. Til marks um það þá þarf notandanafn og lykilorð til að komast inn á heimasíðu sjóðsins, sem birtir annars engar upplýsingar utan heimilisfangs. Fréttablaðið komst í samband við forsvarsmenn hans í gegnum þriðja aðila sem starfað hefur óbeint fyrir sjóðinn hérlendis og óskaði eftir að ræða við þá um umsvif hans hérlendis. Þeirri ósk var hafnað, enda væri það stefna Davidson Kempner að tjá sig ekki opinberlega um starfsemi sína.

Skírteini fyrir 250 milljarða

Hagsmunir Davidson Kempner á Íslandi eru flestir í gegnum írskt skúffufyrirtæki, Burlington Loan Management Ltd., sem stofnað var 24. apríl 2009. Írski sjóðurinn er í raun í eigu góðgerðarsamtaka en hann er fjármagnaður og honum stýrt af Davidson Kempner. Eignarhaldið er því til mála-mynda.

Nafnið, Burlington, hefur líkast til verið valið á sjóðinn vegna þess að skrifstofur evrópsks dótturfélags Davidson Kempner eru staðsettar á Old Burlington Street í London.

Burlington-sjóðurinn virkar þannig að Davidson Kempner gefur út hlutdeildar-▶



Verða ráðandi í Glitni og Kaupþingi

Á síðasta ári upphófst mikil umræða um að vogunarsjóðir, sem oft eru kallaðir hrægammastjóðir í íslensku umræðu, hafi keypt á bilinu 60 til 80 prósent allra almennra krafna í föllnu íslensku bönkunum. Kröfurnar áttu þeir að hafa keypt á hrakvirði og virði þeirra síðan margfaldast.

Vegna þessarar umræðu gaf slitastjórn Glitnis út yfirlýsingu í nóvember 2011 þar sem hún tiltók að um 70 prósent af lýstum kröfum í bú bankans væru enn í eigu þeirra kröfuhafa sem lýstu kröfum í búið. Um 30 prósent hefðu síðan skipt um hendur eftir að kröfúlýsingarfresti lauk.

Þar sem Burlington Loan Management, og aðrir sjóðir í eigu Davidson Kempner, lýstu miklum kröfum í búin teljast þeir að einhverju leyti „upphaflegir“ kröfuhafar og þar af leiðandi hluti þeirra 70 prósentanna sem slitastjórnin vísar til. Ljóst er að sjóðir fyrirtækisins hafa líka bætt vel við sig síðan kröfúlýsingarfresti lauk í lok árs 2009.

Fréttablaðið óskaði eftir því við slitastjórnir allra bankanna þriggja, Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið (FME) að fá uppfærðan kröfuhafalista hjá þeim. Allir þessir aðilar höfnuðu fyrirspurninni.

→ Hvað mun gerast?

Nauðasamningar sem slitastjórnir Glitnis og Kaupþings ætluðu að klára fyrir áramót, og hefðu fært kröfuhöfum stjórnarþræðina í þessum risastóru þrotabúum, hafa verið mikið í umræðunni að undanförmu.

Þau áform eru nú í uppnámi eftir mikinn þrýsting, jafnt úr viðskiptalífinu og stjórnmalunum, um fara afar varlega í þessa aðgerð. Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur síðan stigið fast á bremsuna á undanförmum vikum með því að gefa skýrt til kynna að sú undanþága frá gjaldþrotum sem



SKRIFAÐ UNDIR Kröfuhafar munu eiga Arion banka og Íslandsbanka að mestu. Hér sést Steingrímur J. Sigfússon skrifa undir samkomulag þess efnis haustið 2009.

þarf til að klára samningana, og einungis Seðlabankinn getur veitt, fáið ekki nema gulltryggt sé að fjármálastöðugleika sé ekki ógnað.

Nauðasamningsáformin ganga í grófum dráttum út á að þrotabúum Glitnis og Kaupþings verði breytt í íslensk eignarhaldsfélög sem verða í eigu og undir stjórn almennra kröfuhafa bankans. Til þess að að samningarnir verði samþykktir þarf samþykki 70 prósentanna allra kröfuhafa og þeirra sem halda á 60 prósentum af heildar kröfum.

→ Stórir verða ráðandi

Ef samningarnir yrðu samþykktir myndi um helmingur allra kröfuhafa verði

borgaður út, þ.e. gert yrði upp við þá með erlendu reiðufé og afskiptum þeirra af Glitni og Kaupþingi yrði þar með lokið. Um 80 prósent þeirra eru erlendir aðilar og um 20 prósent innlendir. Vert er þó að taka fram að hluti þeirra aðila sem flokkast sem innlendir eru í reynd í eigu erlendra fjárfesta.

Eftir þessa útgreiðslu munu stórir kröfuhafar, sem myndað hafa kjarnann í óformlegu kröfuhafaráði bankanna, eiga þá. Hlutdeild þeirra í Glitni og Kaupþingi verður því allt að tvisvar sinnum meiri en kröfuhlutfall þeirra segir til um.

Herra Ísland: Jeremy Clement Lowe

Stofnendur Davidson Kempner, þeir Robert Davidson og Thomas Lenox Kempner Jr., eru enn æstu stjórnendur fyrirtækisins. Sá sem hefur þó verið fyrirferðarmestur hérlendis, að sögn viðmælanda Fréttablaðsins, er hinn 38 ára gamli Jeremy Clement Lowe. Hann starfar hjá Davidson Kempner European Partners í London, sem er dótturfélag Davidson Kempner. Viðmælendur Fréttablaðsins, sem sumir hverjir kölluðu hann JLo eða „Herra Ísland“, sögðu Lowe hafa verið „mjög umsvifamikinn hérlendis undanfarin misseri“. Einn þeirra sagði: „Þessi Jeremy er að kaupa allt á Íslandi“.

Fréttablaðið óskaði eftir því við tengilið skuldabréfaeigenda á Íslandi að fá að ræða við Lowe og var þeim óskum komið á framfæri. Hann vildi hins vegar ekki ræða við blaðið.

Ljóst er að áhrif Lowe innan kröfuhafahóps stóru bankanna eru umtalsverð. Til marks um það var Lowe skipaður í sex manna nefnd sem á að velja nýja stjórn fyrir Glitni gangi nauðasamningsáætlanir búsin eftir og kröfuhafar taka það yfir. Vera hans í stjórninni er einnig merkileg fyrir þær sakir að þar situr líka Barry Russell, lögmaður hjá Bingham McCutchen lögmannsstofunni, sem hefur verið aðalráðgjafi og komið fram fyrir hönd skuldabréfaeigenda í heild. Þykir þetta merki um hversu sterk staða Davidson Kempner er innan kröfuhafaráðsins, að þeir hafi sinn eigin fulltrúa í þessari nefnd til hliðar við fulltrúa annarra skuldabréfaeigenda.

Lowe er dálítil huldumaður. Ekki tókst að finna mynd af honum þrátt fyrir mikla leit.

ÞESSI TÍMI ER EINSTAKUR




ARION BANKI LÆKKAR GREIÐSLUBYRÐI ÍBÚÐALÁNA HJÁ FORELDNUM Í FÆÐINGARORLOFI

Arion banki býður foreldrum í fæðingarorlofi að lækka greiðslubyrði íbúðalána um allt að helming.

Hjá mörgum verða breytingar á ráðstöfunartekjum við töku fæðingarorlofs. Því viljum við koma til móts við foreldra og gefa þeim kost á að fresta hluta af greiðslum íbúðalána sinna. Með þessu viljum við auðvelda viðskiptavinum okkar að taka fullt fæðingarorlof og njóta þess til fullnustu.

Hafðu samband við þjónusturáðgjafa okkar í næsta útibúi Arion banka eða í síma 444 7000 og kynntu þér möguleika þína.

**EIGNAVEFUR DAVIDSON
KEMPNER Á ÍSLANDI**



▶ skírteini (e. profit participation notes) sem eru síðan seld viðskiptavinum sjóða hans. Samkvæmt ársreikningi Burlington fyrir árið 2011, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, hafa alls verið gefin út, og seld, slík skírteini fyrir 1.923 milljónir dala, eða tæplega 250 milljarða króna á gengi dagsins í dag. Fyrir þessa gríðarlega háu upphæð hefur sjóðurinn keypt skuldabréf og hlutabréf.

Hlutdeildarskírteinin voru skráð í írsku kauphöllina 2010 og geta því afar auðveldlega skipt um eigendur. Því er ómögulegt að festa fingur á hverjir eru endanlegir eigendur þeirra krafna sem Burlington á.

Í ársreikningnum kemur fram að hlutdeildarskírteinin verði gerð upp eftir fimm ár hið minnsta. Því er ljóst að þar er horft til lengri tíma en allra ópolinmóðustu kröfuhafarnir sem keyptu kröfur á bankana gera.

38 prósent á Íslandi

Í ársreikningnum kemur fram að 38 prósent allra fjárfestinga sjóðsins hafi verið á Íslandi. Það þýðir að hann hafi fjárfest hérlendis fyrir rúmlega 94 milljarða króna. Stærstur hluti fjárfestinga Burlington er í fjármálafyrirtækjum.

Sú fjárfesting hefur vaxið jafnt og þétt. Árið 2009, á fyrsta starfsári

Burlington, fjárfesti sjóðurinn fyrir um 317 milljónir dala á Íslandi, eða um 41 milljarð króna. Árið eftir meira en tvöfölduðust fjárfestingar Burlington á Íslandi og voru um 700 milljónir dala, 90 milljarðar króna, í lok árs 2010. Í fyrri virðist síðan hafa hægst töluvert á.

Vert er að taka fram að þær tölur sem rætt er um hér að ofan eru umfang þeirra peninga sem hefur verið eytt í að kaupa kröfur á íslenska aðila. Á árinu 2009 og fram- an af árinu 2010 voru slíkar kröfur seldar á mjög lágu verði af kröfuhöfum sem vildu ekki bíða eftir uppgjöri þrotabúa gömlu íslensku bankanna heldur fá eitthvað fyrir sinn snúd strax. Sjóðir á borð við Burlington keyptu þær kröfur í þeirri von að virði þeirra myndi hækka þegar fram liðu stundir.

Gríðarleg arðsemi

Viðmælendur Fréttablaðsins telja nær öruggt að það muni fást á bilinu 25 til 30 prósent upp í almennar kröfur á bæði Glitni og Kaupping. Miðað við þann tíma sem Burlington keypti kröfur sínar á bankana tvo er ljóst að virði þeirra hefur margfaldast og eigendur hlutdeildarskírteina geta búið við því að fá mikla ávöxtun á fjárfestingu sína, enda keyptu þeir þorra krafna sinna á hrakvirði.

Kaupping: Eiga í Klakka og Bakkavör



Burlington Loan Management lýsti 79,6 milljarða kröfu í bú Kaupplings samkvæmt síðasta kröfuhafalista sem birtist opinberlega. Fjöldmargir viðmælendur Fréttablaðsins segja fyrirtækið vera á meðal allra stærstu kröfuhafa banksins og því ekki ólíklegt að þeir hafi bætt vel við sig síðan eða að Burlington/Davidson Kempner hafi lýst fleiri kröfum undir öðru nafni.

→ Eftirsóknarvert eignasafn

Eignir Kaupplings voru metnar á 861,3 milljarða króna um mitt þetta ár. Þar af eru 373 milljarðar í reiðufé, sem mun að hluta til verða notað til að greiða út þá kröfuhafa sem verða ekki í eigendahópnum. Auk þess eru yfir 200 milljarðar króna af lánum til viðskiptavina í búinu, 64 milljarðar króna af afleiðum og virði dótturfélaga er um 126 milljarðar króna. Þar munar mestu um 87 prósent hlut í Arion banka, eins þriggja stærstu banka landsins sem á stóran hluta af skuldum einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi.

→ Mörg mikilvæg íslensk fyrirtæki

Kaupping og dótturbankinn Arion banki eiga líka meira en 50 prósent hlut í Klakka/Exista og eru því ráðandi í því félagi. Klakki á allt hlutafé í Skiptum, móðurfélagi Símans, Mílu og Skjásins, VÍS, LÍFÍS og Lýsingu. Um er að ræða nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins. Arion banki á líka um þriðjungshlut í Bakkavör Group, sem var stærsta fyrirtæki á Íslandi þar til það var flutt úr landi fyrr á þessu ári. Burlington-sjóðurinn hefur verð duglegur að kaupa upp kröfur og hluti í því félagi líka og á nú um fimm prósent í Bakkavör. Viðmælendur Fréttablaðsins segja þau uppkaup strategísk og tengjast sterkri stöðu sjóðsins í Kauppingi. Auk þessa á Arion banki eignasýslufélagið Eignabjarg. Helstu eignir þess í dag eru 42,7 prósent hlutur í Reitum, áður Landic Property, einu stærsta fasteignafélagi landsins og um fimm prósent hlutur í Högum. Þá á Eignabjarg allt hlutafé í Fram Foods sem sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á kældum sjávarafurðum.

Glitnir: Eftir miklu að slægjast



Samkvæmt lista yfir kröfuhafa sem Gylfi Magnússon, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðgjafi, birti sem svar við fyrirspurn á Alþingi í júní 2010, er Burlington Loan Management stærsti einstaki kröfuhafi Glitnis með 5,64 prósent allra almennra krafna. Nafn- virði þeirra á þeim tíma var 142,5 milljarðar króna. Slitastjórn Glitnis hefur hins vegar gefið út að líklega muni almennir kröfuhafar tapa á bilinu 70 til 75 prósentum krafna sinna. Því má ætla að virði krafna Burlington sé á bilinu 35 til 43 milljarðar króna. Það er mun meira en sjóðurinn borgaði fyrir kröfurnar, ef miðað er við gangvirði þeirra á þeim tíma sem hann var að kaupa flestar kröfur sínar hérlendis.

Á meðal kröfuhafa Glitnis eru líka önnur félög sem tengjast Burlington. Þannig á Klakki, sem hét áður Exista, sjöundu hæstu kröfuna samkvæmt listanum sem Gylfi birti, og Skipti, dótturfélag Klakka, á líka mjög háa kröfu. Burlington er í raun næst- stærsti eigandi Klakka á eftir þrotabúi Kaupplings og dótturbanka þess, Arion banka. Þar sem Burlington er á meðal stærstu kröfuhafa, og væntanlega eigenda Kaupplings, hefur sjóðurinn alla möguleika á að gera sig breiðan innan Klakka.

Því er ljóst að Burlington, og þar af leiðandi Davidson Kempner, verða ráðandi innan Glitnis ef nauðasamningar banksins verða kláraðir.

→ Hvað á Glitnir?

Eignir þrotabús Glitnis voru metnar á 862 milljarða króna um mitt þetta ár eftir að það gerði upp við

forgangskröfuhafa í búið með 105,6 milljarða króna greiðslu í mars. Stærsti einstaki eignaflokkurinn er reiðufé upp á 353 milljarða króna og má ætla að þorri þess myndi fara í að greiða út til þeirra kröfuhafa sem myndu ekki eiga í Glitni eftir nauðasamninga. Stærsti hluti annarra eigna eru annars vegar lán til viðskiptavina, að langstærstu leyti í erlendri mynt, upp á 279 milljarða króna og eignarhlutir í dótturfélögum upp á 117 milljarða króna. Þar skiptir 95 prósent hlutur í Íslandsbanka auðvitað langmestu máli.

Á meðal annarra eigna sem Glitnir á eru 93 prósent hlutur í Lyfju, stærstu apótekekeðju landsins. Þá á búið 40,16 prósent hlut í Stoðum, sem áður hétu FL Group. Helsta íslenska eign Stoða er um 40 prósent hlutur í Tryggingamiðstöðinni (TM), gangi fyrirhuguð sala á 60 prósent hlut í henni eftir.

TM á síðan hlut í mörgum vel þekktum og mikilvægum íslenskum fyrirtækjum. Félagið á tæplega 5,4 prósent hlut í HB Granda, tæplega tíu prósent hlut í Samherja, 5,4 prósent hlut í MP banka og 2,6 prósent hlut í smásöluverslanum Högum. Sum þessara félaga eiga síðan hluti í öðrum. Sem dæmi á Samherji hlut í Jarðborunum og 35 prósent hlut í Olís.

→ Á í Icelandair

Íslandsbanki, ein stærsta einstaka eign Glitnis, á síðan hlut í nokkrum félögum fyrir utan það að vera eigandi nokkuð stórs hluta skulda Íslenskra einstaklinga og fyrirtækja. Helsta eign Íslandsbanka í fyrirtæki í óskyldum rekstri er 11,6 prósent hlutur í Icelandair, sem gerir hann að fjórða stærsta eiganda þjóðarflugfélagsins.

Landsbanki: Enn ekki ljóst hvernig uppgjörið endar



Þrotabúi Landsbankans er í allt annarri stöðu en hin vegna Icesave, enda fer þorri eigna þess til forgangskröfuhafa. Þó er gert ráð fyrir að almennir kröfuhafar fái yfir fimm prósent af kröfum sínum til baka.

Fjórir sjóðir í stýringu hjá Davidson Kempner lýstu kröfum upp á rúma tíu milljarða króna í bú Landsbankans samkvæmt kröfuhafaskrá sem birt var í lok árs 2009. Fréttablaðið óskaði eftir að fá uppfærða skrá hjá slitastjórn banksins, FME og Seðlabankanum en var hafnað.

Sem stendur eiga kröfuhafar Landsbankans 18,7 prósent hlut í nýja Landsbankanum. Því fer þó fjarri að uppgjöri milli nýja og gamla Landsbankans sé lokið og alls ekki ómögulegt að kröfuhafarnir geti eignast stærri hlut.

→ Skuldabréf upp á 300 milljarða

Þegar samið var um uppskiptingu eigna Landsbankans fylgdu tvö skuldabréf með yfir til nýja banksins. Annars vegar er um að ræða svokallað skilyrt skuldabréf sem getur orðið 92 milljarða króna virði og á þá að greiðast í evrum í mars 2013. Verði það greitt upp mun þrotabúið skila eignarhluta sínum til íslenska ríkisins og starfsmanna nýja Landsbankans.

Hins vegar er um að ræða svokölluð A-skuldabréf sem gefin voru út vegna mismunar á virði yfirtækinnna eigna og skulda. Þau eiga að endurgreiðast í erlendum gjaldmiðlum og lokagjaldagi er í október 2018, tíu árum eftir fall banksins.

Nýi Landsbankinn hefur þegar greitt 73 milljarða króna vegna þessara skuldabréfa en eftirstöðvar þeirra eru 209 milljarðar króna. Fyrsti gjaldagi er í apríl 2015 og sá síðasti í október 2018. Samtals



þarf nýi Landsbankinn því að greiða þeim gamla um 300 milljarða króna á næstu árum.

Þar sem aðgengi íslenskra banka að erlendri fjármögnun er ekkert þá er ljóst að endursemja þarf um þessar skuldir. Samningaviðræður við slitastjórnina eru þegar hafnar. Alls óvist er hvort vilji sé til þess að lengja í þessum lánum og mögulegt að kröfuhafarnir vilji taka frekari hlut í nýja bankanum til að gera þau upp.

→ Á mikið af eignum

Helstu innlendu eignir þrotabús Landsbankans eru stór hlutur í Eimskip og Nýi Landsbankinn, sem á mikið af eignum á Íslandi. Hann á til dæmis 25 prósent hlut í Regín, einu stærsta fasteignafélagi landsins, og á 27,6 prósent í Framtakssjóði Íslands (FSÍ), sem á tæplega helmingshlut í N1 og Promens, allt hlutafé í Icelandic Group, 79 prósent í Vodafone, 75 prósent í Advania og tólf prósent hlut í Icelandic Group.

Þá á bankinn eignarhaldsfélagið Horn, sem var fært inn í systurfélagið Landsbréf fyrr á þessu ári. Þar inni eru meðal annars hlutur í Eimskip, helmingshlutur í Promens, hlutur í Stoðum (áður FL Group), og 12,5 prósent hlutur í Eyri Invest, stærsta einstaka eiganda Marels. Auk þess á Landsbankinn sjálfur 13 prósent hlut í Marel.



**KEMUR ÚT
Í DAG!**



NÝ BÓK YRSU!

Sjálfstæður tryllir í anda
verðlaunabókarinnar *Ég man þig*.

**„Jafnoki
Stephen King“**

INDEPENDENT

VERÖLD 

ÍSLAND

ÍBÚAR: 320.000

HANDBOLTASAM-
BAND ÍSLANDS
VAR MEÐ**180**milljóna kr. ársveltu
rekstrarárið 2011.
Það gerir um 25.400
kr. á hvern iðkanda.ÍSLENSKIR LANDS-
LIÐSMENN FÁ UM**6.000**kr. í dagpeninga í
æfinga- og keppnis-
ferðum.**3,5**eða 2028 iðkendur á
hvern starfsmann.
Allt að 90 dagar á ári
í æfinga- og keppnis-
ferðum.**2,2%**þjóðarinnar æfa
handbolta. Samtals
7098 iðkendur.**38%**af þeim sem æfa eru
konur – alls 2.688.**NOREGUR**

ÍBÚAR: 5 MILLJÓNIR

NORSKA HAND-
BOLTASAMBANDIÐ
VAR MEÐ**2,8**milljarða ísl. kr.
veltu rekstrarárið 2011.
Það gerir um 26.000 kr.
á hvern iðkanda.NORSKIR
LANDSLIÐSMENN FÁ**12.000**ísl. kr. í dagpeninga
í æfinga- og
keppnisferðum.**115**eða 940 iðkendur
á hvern starfs-
mann.**2,15%**þjóðarinnar æfa
handbolta. Samtals
107.670 iðkendur.**66%**af þeim sem
æfa eru konur
– alls 72.000.**90
DAGAR**á ári í æfinga- og
keppnisferðum:
Hæsta upphæð sem
norsk landsliðskona
getur fengið í styrki
frá sambandinu á
ári eru 5 milljónir
ísl. kr.**BÓNUSGREIÐSLUR FYRIR
HVERN LEIKMANN Á STÓRMÓTI****Gull – 1,3 millj. ísl. kr.****Silfur – 900.000 ísl. kr.****Brons – 560.000 ísl. kr.**

KONURNAR RÁÐA RÍKJUM

Íslenskar kvennalandsliðskonur í handbolta taka sér launalaust leyfi til þess að taka þátt á stórmótum. Í Noregi fá leikmenn allt að 5 milljónir króna á ári fyrir landsliðsverkefni og fá þær mun hærri greiðslur en leikmenn karlalandsliðsins. Engar slíkar greiðslur tíðkast á Íslandi en leikmenn eru í allt að 90 daga á ári í æfinga- og keppnisferðum.

Sigurður Elvar
Þórólfsson
seth@frettabladid.is

Íslenskt afreksfólk í íþróttum hefur verið í umræðunni á undanförunum miss-erum þar sem fjármál þeim tengdum hafa verið efst á baugi. Á meðan karp-að er um slíka hluti heldur íþróttafólk-íð áfram að stunda sínar æfingar og gerir sitt allra besta í alþjóðlegri keppni. Þegar aðstæður sem afrekskonur í handbolta í Noregi og Íslandi búa við eru bornar saman kemur í ljós að helsti munurinn felst í því að landsliðskonur í Noregi geta fengið allt að 5 milljónir kr. í styrk á ári frá norska handboltasambandinu. Þessi styrkur er í hlutfalli við árangur liðsins og fá konurnar í Noregi um helmingi hærri upphæð en leikmenn í karlalandsliðinu. Engar slíkar greiðslur tíðkast á Íslandi en HSÍ fær styrk úr afreksjóði ÍSÍ.

Frá árinu 2005 hafa leikmenn norska kvennalandsliðsins gengið að því vísu að fá bónusgreiðslur í takt við árangur liðsins. Fyrir það eitt að komast á stórmót fá leikmenn 560.000 ísl. kr. í bónusgreiðslu, og fyrir gullverðlaun fá leikmenn 1,3 milljón-ir ísl. kr.

Landsliðskonur í Noregi geta fengið mun hærri greiðslur fyrir þátttöku sína en leikmenn karlalandsliðsins. Og þar skiptir árangur kvennalandsliðsins mestu máli en karla- liðið hefur enn ekki náð að stimpla sig inn á stórmóti.

Það er ekki sama uppi á teningnum hjá íslenskum landsliðskonum, sem þurfa marg- ar hverjar að taka sér launalaus leyfi til þess að komast í æfinga- og keppnisferðir. Það getur tekið allt að 90 daga á ári, og það er

kostnaður sem landsliðskonurnar taka sjálf- ar á sig.

Þegar lykiltölur hjá Handboltasambandi Íslands er bornar saman við það norska kemur margt fróðlegt í ljós. Ef miðað er við höfðatölu og hlutfall eru tölurnar mjög svip- aðar á mörgum sviðum, eins og sjá má hér fyrir ofan.

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta er á leið á sitt þriðja stórmót í röð í byrjun des- ember þar sem Evrópumeistaramótið fer fram í Serbíu. Vösk sveit Íslands braut ísinn þegar liðið komst í fyrsta sinn á stórmót árið 2010 þegar Evrópumeistaramótið fór fram í Danmörku. Þar náði liðið ekki að landa sigri en liðið bætti leik sinn jafnt og þétt í fram- haldinu og náði góðum árangri á heims- meistaramótinu sem fram fór í Brasilíu í desember 2011. Þar lék Ísland í 16-liða úrslitum gegn Rússum eftir að hafa endað í fjórða sæti í riðlakeppninni.

Konur ráða ríkjum í Noregi þegar kemur að áhuga almennings á hand- bolta. Kvennalandslið Norðmanna hefur náð frábærum árangri á stórmótum á undanförunum tveim- ur áratugum. Frá árinu 1986 hefur norska kvennalandsliðið landað 21 verðlaunum á stórmótum, og þar af 7 gullverðlaunum. Liðið er í dag handhafi allra stóru titlanna sem í boði eru. Íslendingurinn Þórir Her- geirsson er þjálfari liðsins en frá því hann tók við liðinu árið 2009 hefur Noregur fengið gullverðlaun á þrem- ur stórmótum og bronsverðlaun á einu.

Frábær árangur hjá Þóri

Þórir Hergeirsson, aðalþjálfari norska kvennalands- liðsins, hefur náð frábærum árangri með liðið frá því hann tók við starfinu árið 2009. Liðið er í dag hand- hafi allra þriggja stóru titlanna sem eru í boði og hann hefur alltaf skilað liðinu í verðlaunasæti. Þórir var aðstoðarþjálfari á tímabilinu 2001-2009. Alls hefur Þórir landað 11 verðlaunum á stórmótum, sjö gull-, þremur silfur- og einum brons- verðlaunum.

**→ Aðstoðarþjálfari**

HM 2001	Silfur
EM 2002	Silfur
HM 2003	6. sæti
EM 2004	Gull
HM 2005	9. sæti
EM 2006	Gull
HM 2007	Silfur
ÓL 2008	Gull
EM 2008	Gull

→ Aðalþjálfari

HM 2009	Brons
EM 2010	Gull
HM 2011	Gull
ÓL 2012	Gull

BIÐIN ER Á ENDA!

Fimmtíu dekkri skuggar
er komin á íslensku.

Sjóðheitt framhald af
Fimmtíu gráum skuggum.
Kitlandi saga sem rígheldur
allt til síðustu blaðsíðu.




Vildarklúbbur

kr. **2599**

Verð kr. 3.299

Margföld
metsölubók
um allan
heim



FYRSTU 100 FÁ FYRRI BÓKINA Í KAUPBÆTI Í DAG

Nú er tækifærið! Fyrstu 100 sem kaupa **Fimmtíu dekkri skugga** í verslunum Eymundsson í dag fá fyrri bókina, **Fimmtíu gráir skuggar**, frítt með.

Tilboðið gildir til og með 17.11.12 eða meðan birgðir endast.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvalldagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

Eymundsson
Bóksali frá 1872

140
ára

20 AF FJÖLMENNUSTU STÓRBORGARSVÆÐUM HEIMS Í VERULEGRI FLÓÐAHÆTTU

1 **Kolkata** (Kalkúttá)

👤 14.000.000
🏠 260.000

Kolkata er höfuðborg **indverska ríkisins Vestur-Bengal** með um það bil 15 milljónir íbúa á stórborgarsvæðinu öllu.

6 **Shanghai**

👤 5.500.000
🏠 234.000

Shanghai er fjölmennasta borg **Kína** með meira en 23 milljónir íbúa og helsta miðstöð efnahagslífs landsins.

2 **Múmbaí** (Bombay)

👤 11.400.000
🏠 208.000

Múmbaí er höfuðborg **indverska ríkisins Maharashtra**. Þetta er fjórða fjölmennasta stórborgarsvæði veraldar með yfir 20 milljónir íbúa.

7 **Bangkok**

👤 5.100.000
🏠 143.000

Bangkok er höfuðborg **Taílands** með nærri átta milljónir íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu, en í borginni sjálfri búa um 1.600 þúsund manns.

3 **Dakka**

👤 11.135.000
🏠 70.000

Höfuðborgin í **Bangladess** og ein af stærstu borgum Suður-Asíu. Nú með sautján milljónir íbúa á borgarsvæðinu öllu.

8 **Rangún**

👤 4.965.000
🏠 22.360

Var höfuðborgin í **Búrma** til ársins 2006. Nú með meira en fjórar milljónir íbúa og mikilvægasta viðskiptamiðstöð landsins.

4 **Guangzhou**

👤 10.300.000
🏠 442.000

Guangzhou er meira en 13 milljón manna borg í austanverðu Kína, mikilvæg samgöngumiðstöð og verslunarhöfn.

9 **Miami**

👤 4.800.000
🏠 456.300

Í Miami-borg syðst á Flórídaskaga búa meira en fimm milljónir manna. Þetta er fjórða fjölmennasta stórborgarsvæði **Bandaríkjana**.

5 **Ho Chi Minh borg**


👤 9.200.000
🏠 84.864

Ho Chi Minh borg, sem áður hét Saígon, er næststærsta borg **Víetnams**, með meira en sjö milljónir íbúa.

10 **Haífong**

👤 4.711.000
🏠 43.290

Nú með tæpar þrjár milljónir íbúa. Þriðja stærsta borgin í **Víetnam** og ein mikilvægasta hafnarborg landsins.

→ **Stórborgir í flóðahættu**

Næstu áratugin má búast við að hættan, sem helstu borgum heims stafar af flóðum og fárviðri, muni aukast verulega. Hún eykst bæði vegna þess að með hlýnandi loftslagi hækkar yfirborð sjávar og einnig vegna þess að íbúum borganna fjölga hratt og umsvif þeirra aukast. Að mati Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar verður árið 2070 hættan á eigna- og manntjóni einna mest í þessum tuttugu borgum. Þeim er hér raðað eftir verðmætum þeirra eigna, sem í húfi verða standist spár um mannfjölda- og eignapróun.

11 **Alexandría**

👤 4.400.000
🏠 73.229

Alexandría var til forna höfuðborg **Egyptalands**, er næststærsta borg landsins og stærsta hafnarborgin með meira en fjórar milljónir íbúa.

16 **Abidjan**

👤 3.110.000
🏠 18.460

Mikilvægasta borgin á **Fílabeinsströndinni** og fyrrverandi höfuðborg landsins. Íbúar eru nú rúmlega fimm milljónir.

12 **Tianjin**

👤 3.800.000
🏠 156.000

Tianjin er stærsta hafnarborgin í norðanverðu **Kína** og ein af fjölmennustu borgum landsins. Þar búa nú nærri 13 milljónir manna.

17 **New York**

👤 2.900.000
🏠 273.000

New York er fjölmennasta borg **Bandaríkjana** með rúmlega átta milljónir íbúa en alls búa yfir 20 milljónir á stórborgarsvæðinu.

13 **Khulna**

👤 3.641.000
🏠 23.140

Þriðja stærsta borgin í **Bangladess** en ein mikilvægasta viðskiptamiðstöð landsins. Nú með 1,5 milljónir íbúa.

18 **Chittagong**

👤 2.866.000
🏠 18.200

Þriðja borgin í **Bangladesh** sem lendir á þessum lista, nú með nærri sex milljónir íbúa og stækkar hraðar en flestar borgir heims.

14 **Ningbo**

👤 3.300.000
🏠 143.000

Nærri átta milljónir manna búa í hafnarborginni Ningbo, sem er í norðaustanverðu **Kína**. Þetta er ein elsta borg Kína.

19 **Tókíó**

👤 2.500.000
🏠 156.000

Tókíó er höfuðborg **Japans**, fjölmennasta borg landsins og stórborgarsvæðið er hið fjölmennasta í heimi, með yfir 30 milljónir manna.

15 **Lagos**

👤 3.229.000
🏠 15.210

Stærsta borg **Nígeríu**. Nú með sjö milljónir íbúa en þeim fjölga hraðar en í flestum öðrum borgum Afríku.

20 **Jakarta**

👤 2.248.000
🏠 41.370

Höfuðborg **Indónesíu** og sú fjölmennasta í allri Suðaustur-Asíu, með 10 milljónir íbúa og stækkar hraðar en flestar borgir.

Hlýnun og fjölgun auka hættuna

Margar af stærstu borgum heims eru hafnarborgir sem standa berskjaldaðar gagnvart flóðum og fárviðri. Víða eru milljónir mannlífa í hættu og eignir upp á þúsundir milljarða króna í húfi.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Náttúruhamfarirnar sem fylgdu fellibylnum Sandy í lok síðasta mánaðar ýttu rækilega við íbúum í New York, sem hingað til hafa ekki átt að venjast öðrum eins ofsavæðrum og flóðum. Framtíðin er þó að mati vísindamanna líkleg til þess að færa íbúum borgarinnar æ tíðari flóð og fárviðri, rétt eins og öðrum hafnarborgum víðs vegar um heim. Með hlýnandi loftslagi má búast við að yfirborð sjávar hækki jafnt og þétt, sem þýðir að sú hætta sem

íbúum á láglandi stafar af flóðum verður sífellt meiri. Auk þess má búast við að ofsavæður verði algengari og þeim fylgja iðulega flóð af því tagi sem urðu í New York nú síðast og í New Orleans árið 2005, þegar fellibylnurinn Katrín reið þar yfir. Margar af fjölmennustu borgum heims standa við sjávarsíðuna og þær eru misjafnlega vel undir flóð og aðrar náttúruhamfarir búnar.

Miðstöðvar þjóðlífs

Þessar stórborgir við hafið eru yfirleitt miðstöðvar þjóðlífs í hverju landi, enda flestar mikilvægar hafnarborgir iðandi af lífi. Um leið eru þær miðstöðvar milli-ríkjaviðskipta og þær með burðarstöðir í efnahagskerfi heimsins.

Það er því mikið í húfi að átta sig á hversu berskjaldaðar þær geta verið gagnvart hamfaravæðrum.

Alþjóðlega Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD) hefur gefið út skýrslur, þar sem reynt er að leggja mat á þann skaða sem flóð og fárviðri gætu valdið í helstu hafnarborgum heims.

Stofnunin hefur einnig framreiknað tölur sínar um hugsanlegt manntjón og eignatjón fram til ársins 2070, til að átta sig á því hve umfang skaðans getur vaxið næstu áratugin af völdum bæði mannfjölgunar og loftslagsbreytinga.

Hér á síðunni eru merktar inn á heimskortið þær 20 stórborgir þar sem búast má við að manntjón og eignatjón af völdum flóða geti orðið

einna mest á næstu áratugum, samkvæmt mati Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar.

Hættan eykst

Næstu áratugin má búast við að hættan, sem helstu borgum heims stafar af flóðum og fárviðri, muni aukast verulega. Hún eykst bæði vegna þess að með hlýnandi loftslagi hækkar yfirborð sjávar og einnig vegna þess að íbúum borganna fjölga hratt og umsvif þeirra aukast.

Að mati OECD verður árið 2070 hættan á eigna- og manntjóni einna mest í þessum tuttugu borgum. Þeim er hér raðað eftir fjölda þeirra manna sem í hættu verða standist spár um mannfjöldaþróun.

DEBENHAMS

Sprengidagar
halda áfram

25% ^{*}
AFSLÁTTUR

af öllum vörum

20% AFSLÁTTUR
af snyrtivörum*

NÝTT VISATÍMABIL

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

Frí ráðgjöf!

Pantaðu tíma hjá stílista í síma 522 8010

Gerðu
lífið
skemmtilegra

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Yfir **SEX** hundruð vörur á tilboði!



42" LED

109.989
~~149.989~~

TILBOD Nr. 469

Thomson 42FU5553
42" Full HD 1920x1080p
LED sjónvarp með 100Hz
og SmartTV nettengingu.



99.989
~~139.989~~

15,6"

TILBOD Nr. 75

ACER AM3581T32364G34
Allt að 8 tímarafhlöðuending og
1.4GHz Intel i3 örgjörvi, 4GB vinnsluminni
og 320GB harður diskur. USB 3.0 og HDMI.

Ariete

Ariete 2952
Poppvél.

4.989
~~6.989~~

TILBOD
Nr. 329



10,1" IPS SKJÁR

59.989
~~79.989~~

TILBOD
Nr. 62

ASUS TF300T-1A109A
Fjögurra kjarna Tegra 3 örgjörvi, 1GB
vinnsluminni og frábær IPS+ snertiskjár með
1280x800. Allt að 10 tímar á rafhlöðu sem má
auka í 14 tíma með lykklaborðsvögg.



69.989
~~99.989~~

TILBOD nr. 571

Whirlpool

Whirlpool AWOD6001
1400sn og 6kg þvottavél
með stafrænu kerfisvali.



Panasonic

32"

79.989
~~99.989~~

TILBOD Nr. 400

Panasonic
TXL32C5
32" V-real Plus LCD sjónvarp.



69.989
~~99.989~~

CANDY

TILBOD Nr. 171

Candy EVOC581BTS
Barkalaus 8kg þurrkari.



TILBOD
Nr. 62

PHILIPS

Philips RQ1160
Rakvél SensoTouch 2D.

14.989
~~22.989~~

TILBOD
Nr. 334



Hoover

Hoover RBC009
Róbót ryksuga.

49.989
~~89.989~~

Ariete

Ariete 2770
Handryksuga
með skafti.

9.989
~~14.989~~

TILBOD
Nr. 525



PHILIPS

Philips HD7826
SENSEO Viva
Special Edition
kaffivél. 2 glös fylgja.

TILBOD nr. 24

12.989
~~16.989~~



EPSON

Epson EXP XP30
Bleksprautuprentari.

5.989
~~8.489~~

TILBOD Nr. 222



CANDY

Candy CDP6320X
Uppþvottavél með stáláferð.

89.989
~~129.989~~

TILBOD Nr. 163

**ALLIR PS3
TÖLVULEIKIR
9.989**

**ÖLL
ÍSLENSK
TÓNLIST
1.989**

**ALLAR NÝJAR
BLU-RAY MYNDIR
2.489**

**ALLAR NÝJAR
DVD MYNDIR
1.989**

**AIDA BÚSÁHÖLD
MEÐ 50% AFSLÆTTI**

SEX ÁRA

Fögnum afmælinu 17.-22. nóv!

Allir sem líta í heimsókn geta skráð sig í afmælisþottinn. Vinningshafinn hlýtur að launum **SEX** glæsilegar vörur að verðmæti **SEX** hundruð þúsund krónur. Dregið verður í beinni útsendingu á Bylgjunni 22. nóvember.

VINNINGSHAFINN VINNUR ÞETTA ALLT!



Panasonic
50" sjónvarp

Sony PS3
leikjatölva

Toshiba
Windows 8
fartölva

Kitchenaid
hrærivél

Whirlpool 1400
snúninga þvottavél

JBL SoundBar heimabíókerfi



Magni kemur og spilar og áritar á milli 14:00-15:00 á laugardag!



BYLGJAN
989

Bylgjan verður á staðnum!



Dolce Gusto
kaffikynning
13-17 laugardag
og sunnudag

DeLonghi



GREAT COFFEE



MAX
RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

BEINT Á MÓTI IKEA



Í KIRKJUGARÐI-
NUM „Ef læknar greina rangt og fylgjast ekki með hvernig meðferð gengur og hjúkrunarfræðingarnir eru sofandi þá geta börnin dáíð.“ segir Auðbjörg Reynisdóttir hjúkrunarfræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég hef róíð lífróður öll þessi ár

Auðbjörg Reynisdóttir ritaði greinina Skaðleg heilbrigðisþjónusta í Fréttablaðið í gær sem fjallar um mistök í heilbrigðisþjónustu og nefnir meðal annars andlát ástkærs sonar. Hún fékkst til að segja söguna um litla drenginn sinn.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Hann hét Jól Gautur Einarsson og fæddist 8. desember 1999 en átti að fæðast 2. febrúar 2000. Það kom til af því að á meðgöngunni greinist vandamál í höfði hans sem fylgst var náíð með og í byrjun desember var höfuðið byrjað að stækka óeðlilega. Þá var ákveðið að taka hann með keisaraskurði,“ byrjar Auðbjörg frásögn sína af syninum Jól Gauti og heldur áfram: „Þegar hann var vikugamall var gerð á honum aðgerð og ventill settur í höfuð hans til að minnka þrýsting. Það er fullt af fólki sem gengur um með svona ventla í dag án þess að nokkur taki eftir því. En ef þessi ventill stíflast er voðinn vís og það gerði hann tvisvar fyrstu sex vikurnar sem Jól var á vökudeildinni.“

Heimalningar á barnadeild

Auðbjörg segir fyrsta árið hafa gengið brósuglega og að þau mæðgin hafi verið eins og heimalningar á barnadeild Landspítalans. Jól hafi þjást af bakflæði, verið með sondu og nokkrum sinnum fengið meltingarsýkingu. „Aðfaranótt 22. febrúar 2001 veiktist Jól með svipuð ein-kenni og oft áður, nema uppköstin héldu áfram,“ lýsir hún og heldur frásögn sinni áfram. „Um hádegi fór ég með hann upp á bráðamótöku barna. Þar var hann skoðaður af læknum sem úrskurðuðu hann með iðrakveisu en tékkuðu aldrei á ventlinum. Dagurinn leið og drengnum versnaði stöðugt, öfugt við það sem yfirleitt gerist þegar börn með kveisu fá vökva í æð. Hjúkrunarfræðingarnir komu af og til en þó ég lýsti mínum áhyggjum var ekkert hlustað á mig. Læknarnir komu aldrei að tékka á hvernig meðferðin gengi, þannig að kvartanir mínar náðu aldrei eyrum fagfólksins. Um hálf sex fór ég með Jól í sónar á

höfði. Læknirinn leit hvorki á mig né hann. Um klukkutíma síðar hætti drengurinn að anda og þá loks fór allt í gang. Stofan fylltist af læknum og hjúkrunarfræðingum og þá fyrst fékk ég að heyra að sónarmyndin hefði sýnt að ventillinn væri stíflaður. Kallað var á skurðlækningu sem setti ventilinn upp og drengurinn var skorinn upp án þess að vera svæfður, því hann var í kóma. Læknirinn gerði athugasemd við að ekki skyldi vera hefði á hann fyrr, greinilega eitthvað sem pirraði hann. Eftir aðgerðina var Jól Gautur færður á gjörgæsludeild í öndunarvél. Ég fylgdi með en þótt ég hefði vakað næstu nótt á undan varð mér ekki svefnsamt. Klukkan sex fannst mér að drengurinn minn væri ekki þarna þótt líkaminn væri það, öndunarvélin andaði fyrir hann.“

Fauk rosalega í mig

Eftir stofugang vildu læknarnir ræða málin að sögn Auðbjargar. „Áður en ég settist spurði ég lækna hvort þarna hefði eitthvað gerst með hefði átt að skoða betur. Þeir svörðu því ekki og ég áttaði mig á að ég hafði rétt fyrir mér. Það f auk svo rosalega í mig að ég rauk út, skellti hurðinni svo að gamli spítalinn nötraði og hljóp niður í kjallara, ég gat ekki höndlað þetta. Þeir komu á eftir mér og á endanum fór ég upp og settist niður með þeim. Maðurinn minn var þá kominn, hann hafði verið úti á landi að vinna. Á þessum fundi var upplýst að hætta væri á að drengurinn okkar hefði skaðast mikið því hann sýndi engin viðbrögð. Hann var settur í heilalínurit sem sýndi nánast enga virkni þó hjartað slægi. Þá þurftum við foreldrarinn að taka ákvörðun um hvort við ætludum að halda lífi í honum í öndunarvél það sem eftir væri eða slökkva. Reiðin sem sat í mér vegna mistakanna var ólýsanleg en þau virtust ekki skipta lækna neinu máli. Við fengum séra Braga sjúkrahúsprest til okkar og hann veitti okkur styrk. Um hádegi 24. febrúar var slökkt á öndunarvélinni og við fengum

sérherbergi til að vera í með son okkar. Það liðu átta tímar þar til yfir lauk, erfiðar stundir en líka að vissu leyti góðar. Eldri drengurinn okkar, Sindri Gautur, kom til okkar, þá þriggja ára, líka vinahjón sem höfðu misst son sinn einu og hálfu ári áður. Fleiri komu til að kveðja Jól Gaut. Það var ómetanlegt. Við skiptumst á að halda á honum. Hann sýndi engin viðbrögð og lá með lokuð augun, algerlega líflaus þó hann andaði. Ég hélt á honum á því augnabliki sem hann kvaddi. Það var mér ofboðslega dýrmætt. Allt í einu fannst mér hann taka viðbragð og leit á hann, þá var hann skælbrosandi með galopin augun og í þeim var sami glampi og þegar ég kallaði í hann. Svo lokaði hann augunum. Þarna var Jesús kominn að sækja hann. Það segir mér nákvæmlega hvar hann er.“

Auðbjörg sækir stóra mynd af fallegum dreng með liðað, ljóst hár og stórt bros svo skín í tennur. „Svona vaknaði hann á hverjum morgni um klukkan sex, alveg sama hversu slæmur dagurinn á undan hafði verið. Það var svo gaman að vakna með honum því það ískraði í honum af kæti. En auðvitað átti hann sína erfiðu tíma því ýmislegt var að hrjá hann. Hann nærðist illa og hreyfibróskinn var hægur. Hann var nýfarinn að halda höfði almennilega og ekki farinn að sitja. Hvernig andlegi þroskinn var er erfitt að segja um, hann var svo ungur.“

Fyrningarfrestur bóta liðinn

Þann 1. janúar 2001 tóku gildi ný tryggingalög sem eiga að bæta læknamistök en Auðbjörg kveðst enga orku hafa haft fyrstu árin eftir lát Jól til að leita réttar síns. „Ef umboðsmaður sjúklinga hefði verið til þá hefði hann tekið þann pakka,“ segir hún. „Loksins þegar ég sendi kæru til landlækni árið 2010 tók heilt ár að fá svar. Ég fékk bréf frá yfirlæknum Landspítalans í nóvember 2011 sem var þannig orðað að það væri mitt sjónarmið að þarna hefðu orðið mistök. Þeir viðurkenna sem sagt ekki neitt en biðjast samt

Málin eru þögguð niður

Flestir einsetja sér að gera sitt besta og gæta þess að valda engum tjóni. Það mistekst stundum engu að síður. Til þess að auka umferðaröryggi var stofnuð óháð nefnd sem hefur það hlutverk að draga fram lærdóm af umferðarslysum og allt hennar starf er opinbert eins og sjá má á vef nefndarinnar www.rnu.is. Sams konar nefndir starfa vegna sjóslysa og flugslysa. Meira að segja atvik hjá lögreglunni eru rannsökuð af óháðum aðila. Þegar slys verða inni á sjúkrahúsi gerist ekkert. Ekkert kerfi fer í gang til að tryggja lærdóm af slysum þar. Málin eru þögguð niður og þeir sem ábyrgð bera geta skýlt sér á bak við persónuverndarlög. Rannsókn Landlækneisembættisins á kærnum er ekki rannsókn. Hún fer fram með bréfaskriftum milli kollega, lýtur nær eingöngu að læknismeðferð og erfitt er að sjá að sú „rannsókn“ sé óháð og hlutlaus. Lærdómur er aldrei dreginn fram í dagsljósið né er krafist úrbóta, því síður er þolandanum bætt tjóni.

Úr grein Auðbjargar sem birtist í Fréttablaðinu í gær.

afsökunar. Yfirlæknirinn hringdi til að fylgja þessu bréfi eftir. Þá var komin aðventa og afmælisdagurinn hans Jól og ég ákvað að hugsa ekki um þetta mál fyrr en í byrjun janúar á þessu ári því ég var komin með þann hæfileika að geta átt góð tímabil. Í janúar var tíu ára fyrningarfrestur bóta liðinn.“

Auðbjörg kveðst hafa óskað eftir að fá að vita hvaða áhrif andlát Jól hefði haft á vinnulag á bráðadeild. „Því ef læknar greina rangt og fylgjast ekki með hvernig meðferð gengur og hjúkrunarfræðingarnir eru sofandi þá geta börnin dáíð,“ bendir hún á og kveðst hafa fengið þau svör að margt hefði breyst með nýjum spítala og betri tækjakosti.

Auðbjörg er menntaður hjúkrunarfræðingur en hafði verið heima-vinnandi frá því eldri drengurinn hennar fæddist árið 1997. „Ég vann lengi á gjörgæslu og lyfjadeild en eftir lát Jól Gauts gat ég ekki hugsað mér að starfa innan sjúkrahúsa svo ég fór í MBA-nám í rekstrarhagfræði.

gæti hugsanlega verið hluti af óháðri rannsóknarnefnd læknamistaka sem væri hliðstæð rannsóknarnefndum sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa. „Auðvitað þurfa læknar að vera starfsmenn nefndarinnar að einhverju leyti en þeir eiga ekki að stýra henni, né nokkur annar úr heilbrigðisstétt heldur einhver sem veit hvað lærdómsferli snýst um, hvaða gildi upplýsingar um mistök hafa, því það þarf að vera eftirsóknarvert að læra af þeim. Þannig er það ekki í dag innan heilbrigðiskerfisins.“

Álagstímar

Í dag starfar Auðbjörg innan tölvugeirans í hlutastarfi en er 50% öryrki eftir heilablóðfall sem hún fékk árið 2010 og rekur til álags vegna sorgar og reiði árum saman. Hún missti ekki aðeins son sinn í kringum aldamótin heldur líka foreldra sína og bróður og gekk einnig í gegnum skilnað við eiginmanninn, ári eftir lát Jól Gauts. „Ég hef róíð lífróður öll þessi ár og lá einmitt á taugalækningadeildinni vegna heilablóðfallsins þegar ég las það í Fréttablaðinu að líklegt væri að 200 manns dæju árlega hér á landi vegna læknamistaka. Það er fleira fólk en deyr í umferðarslysum, flugslysum og sjóslysum samanlagt. Nú er ég búin að safna nægri orku til að berjast fyrir því að læknamistök verði upplýst svo af þeim megi læra og bjarga þannig mannslífum.“

NAUTA VEISLA!



40% afsláttur

2498 kr. kg

Verð áður ~~4270~~ kr. kg
Ungnauta rib eye, erlent

35% afsláttur

2989 kr. kg

Verð áður ~~4548~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

30% afsláttur

1998 kr. kg

Verð áður ~~2848~~ kr. kg
Ungnauta innralæri, erlent

20% afsláttur

1889 kr. kg

Verð áður ~~2348~~ kr. kg
Ungnautagúllas og ungnautasnitsei

30% afsláttur

1998 kr. kg

Verð áður ~~2898~~ kr. kg
Ungnauta mínútusteik

30% afsláttur

1998 kr. kg

Verð áður ~~2898~~ kr. kg
Ungnauta roast beef

699 kr. pk.

Yogi jólate

1898 kr. pk.

Quality Street, 820 g

199 kr. pk.

Nóa Sírius fyltjar skeljar, 150 g

399 kr. pk.

Toblerone milk, 200 g

119 kr. / **149** kr.

Egils Appelsín í gleri 119 kr.
Egils Malt í gleri 149 kr.

GILJAGAUÐ PYKIR BESTUR AF ÍSLENSKU JÓLABJÓRTEGUNDUNUM FYRIR JÓLIN 2012

4,5

1. SÆTI

GILJAGAUÐ (10%)
Borg brugghús /
Ólgerðin

„Par kemur rauður! Þessi er bragðmikill. Finniði orange-bragðið? Þetta er sko jólabjórinn.“ **ÚLFAR**

„Nú mega jólin koma.“ **HILDUR**

„Það er allt of mikið alkóhól fyrir minn smekk.“ **ARNRÚN**

„Þetta er ekki partíbjór. Þetta er veislubjór.“ **SÓLMUNDUR**

„Þessi hefur fallegustu froðuna sem ég hef séð hingað til.“ **ARNRÚN**



3,8

3. SÆTI

JÓLA GULL (5,2%)
Ólgerðin

„Mér finnst hann mýkri, það er góð fylling í honum og það er langt og gott eftirbragð.“ **ARNRÚN**

„Maður er náttúrulega alltaf að hugsa um að para með mat. Þessi gæti gengið með ostum og fiski.“ **ARNRÚN**

„Hann krefst ekki mikils af manni þessi en gefur manni þó talsvert. Draumasamband segi ég.“ **SÓLMUNDUR**



3,5

4-6. SÆTI

VÍKING JÓLABJÓR (5%)
Vífílfell

„Þetta er svolftill fyllerísbjór. Ég tæki kippu af þessum.“ **SÓLMUNDUR**

„Hann er finn, hann truflar mann ekki, hann er ekkert eftirminnilegur, hvorki á góðan né slæman hátt.“ **HILDUR**

„Það er enginn þröskuldur.“ **ÚLFAR**

„Ég þykist þekja hann; Þetta er Tuborg jólabjór.“ **SÓLMUNDUR**

„Mér finnst þessi voða klassískur.“ **ARNRÚN**



3,0

7. SÆTI

JÓLA BOCK (6,2%)
Vífílfell

„Parna kemur þessi remma aftur.“ **ARNRÚN**

„Ég gæti drukkið nokkra svona.“ **SÓLMUNDUR**

„Hann svona sleppur. Ég veit að hann yrði betri ef hann væri kaldari. Hann yrði aðeins frískari.“ **ÚLFAR**

„Það er eins og hann sé að reyna aðeins meira heldur en hann er. Það vantar herslumuninn.“ **HILDUR**



2,1

9. SÆTI

TUBORG JÓLABJÓR (5,6%)
Ólgerðin

„Þetta þykir mér bara svo óskaplega lélegt. Það er ekkert við þetta.“ **HILDUR**

„Hann er eiginlega eins og skúringavatn.“ **ARNRÚN**

„Þetta er bara ómerkilegur bjór, ég ætla bara að segja það.“ **SÓLMUNDUR**



4,0

2. SÆTI

JÓLABJÓR (5%)
Ólvisholt

„Ég finn bragð af smákökum og það er jólalegt.“ **HILDUR**

„Þetta finnst mér vera jólabjór.“ **ARNRÚN**

„Ég er alveg sammála þeim um að það sé köku- og kryddkeimur. Mér finnst það bara passa vel. Ég sé ýmislegt af jóluunum í þessum.“ **ÚLFAR**

„Ég er í smá klemmu. Hann minnir mig á jólin en mér finnst hann ekkert rosalega góður.“ **SÓLMUNDUR**

3,5

4-6. SÆTI

JÓLABJÓR (5%)
Gæðingur

„Góðan daginn.“ **ÚLFAR**

„Það er einhver svona skemmtileg rist, svona kandís.“ **ARNRÚN**

„Mér finnst ég vera aðeins merkilegri maður þegar ég drekk þennan bjór. Það eru kannski bara almenn áhrif áfengis.“ **SÓLMUNDUR**

„Það væri mjög gott að fá sér einn svona eftir vinnu í rólegheitum.“ **HILDUR**

3,5

4-6. SÆTI

MALT JÓLABJÓR (5,6%)
Ólgerðin

„Þetta lítur út fyrir að vera allt of dökkt fyrir minn smekk.“ **HILDUR**

„Hann skilur ekkert eftir. Fyrst kemur eitthvað og svo kemur ekkert. Hvernig er hægt að brugga svona bjór?“ **ÚLFAR**

„Hann er rosalega kröftugur og svo er hann búinn. Ekkert eftirbragð.“ **ARNRÚN**

„Hann bara hverfur úr bragðlaukunum.“ **SÓLMUNDUR**

2,5

8. SÆTI

JÓLA KALDI (5,4%)
Bruggsmiðjan

„Það er rosalega góð lykt af honum.“ **HILDUR**

„Fallegur á litinn líka.“ **SÓLMUNDUR**

„Já, ég gæti alveg gleymt þessum bjór. Ég er ekki viss um að ég myndi kaupa hann en ég myndi taka við honum.“ **SÓLMUNDUR**

„Ég mundi ekki klára hann.“ **ARNRÚN**

1,8

10. SÆTI

DOPELBOCK (6,7%)
Vífílfell

„Þennan bjór mundi ég ekki drekka aftur og mig langar að hitta þann mann sem finnst þessi bjór góður.“ **SÓLMUNDUR**

„Það er svo vond lykt af þessu. Þetta er eins og blaut ull eða eitthvað. Ég kvíði fyrir því að smakka þennan.“ **HILDUR**

„Mér finnst þessi bara leiðinlegur. Bragðið er alveg í lagi.“ **ARNRÚN**

„Nefið var sett fyrir ofan munninn svo maður setji ekki hvað sem er ofan í sig.“ **ÚLFAR**

„Nú mega jólin koma“

Giljagaur frá Borg brugghúsi er besti íslenski jólabjórinn í ár. Fréttablaðið fékk fjóra vel valda einstaklinga til að meta íslenska jólabruggið.

Vínbúðirnar á Íslandi hófu sölu á jólabjór á fimmtudaginn. Sala á jólabjór á síðustu vikunum ár hvert hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og náði hámarki í fyrra. Þá seldi ÁTVR rúmlega 500 þúsund einingar af jólabjór. Tuborg jólabjórinn frá Ólgerðinni var vinsælastur meðal íslenskra neytenda eins og hann hefur verið undanfarin ár. Árið 2010 seldist jólabjórinn hreinlega upp í vínúðunum nokkrum vikum fyrir jól.

Svo virðist sem dómárar Fréttablaðsins séu ekki sammála hinum almenna neytanda um hvaða jólabjór sé bestur. Giljagaur frá Borg brugghúsi er besti jólabjórinn að mati dómnefndarinnar. Það kom

nokkuð á óvart fyrir þær sakir að Giljagaur inniheldur mest áfengismagn af öllum þeim tegundum sem smakkaðar voru, heil tíu prósent.

„Ég er alveg dolfallinn fyrir þessum,“ sagði Úlfar Eysteinnsson matreiðslumaður við hina dómara eftir að hafa rannsakað Giljagaursglasíð vel með flestum skilningarvitum sínum. „Sjáið hvað þetta eru góð vinnubrögð og sjáið froðuna!“ Giljagaur fékk þrisvar sinnum hæstu einkunn og þrjá í einkunn frá Arnrúnu Magnúsdóttur sem gaf þó froðunni stóran plús.

Hinn vinsæli Tuborg jólabjór fær aðeins 2,1 í einkunn frá dómnefndinni en verstur þótti Doppelbock frá Vífílfelli.



SKÁL Dómáranir skáluðu fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins þegar þeir smökkuðu Giljagaur, besta íslenska jólabjórinn í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

DÓMARARNIR FJÓRIR

Sólmundur Hólm Sólmundarson, eftirherma og skemmtikraftur. Sólmundur er mögulega einn vinsælasti afleysingautvarpsmaður landsins.

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, femínisti og starfsmaður Reykjavíkurborgar.

Arnrún Magnúsdóttir, veitingakona á veitingastaðnum Friðriki V við Laugaveg og leikskólakennari.


Úlfar Eysteinnsson, matreiðslumeistari á Premur Frökkum við Baldursgötu.

AÐFERÐIN

Smökkunin var svokallað blind-smakk; Dómáranir vissu ekki hvaða tegund þeir voru beðnir um að dæma fyrir en allar tegundir höfðu verið smakkaðar. Röð tegundanna ofan í dómendur var handahófskennd. Hver dómari gaf hverri tegund einkunn frá 1 upp í 5. Meðaltal einkunnanna var svo reiknað til komast að niðurstöðu.

ÚTGÁFUGLEÐI!

→ Útgáfu bókarinnar
Eftirrættir Sollu
verður fagnað í dag
17. nóvember kl. 16–18
á Atmó, Laugavegi 91.



Boðið verður upp á smakk úr bókinni.



JPL

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



JÓN JÓNSSON

Jón Ragnar Jónsson stund- aði háskólanám í Boston og það hafði áhrif á enska textagerð hans. „Einhvern tímann samdi ég óvart lag á ensku og í framhaldi af því samdi ég nokkur í viðbót. Þegar ég söng þau í Boston fyrir fólkið, var það í miklu stuði og þá ákvað ég að semja áfram á ensku,“ segir Jón, sem telur sína tónlist flæða betur á því tungumáli. „Mér finnst auðvelt að semja á ensku. Ég er ekkert með orðabókina á lofti endalaust að finna einhver „kúl“ orð, af því að ég tala hana ágætlega.“

Hann útilokar ekki að semja texta á íslensku en telur að þá þurfi hann að vanda enn betur til verka en í enskunni. „Ég er engu að síður stoltur af því að hafa verið harður að gera þetta á ensku því menn spurðu mikið: „Af hverju ertu ekki að gera þetta á íslensku?“ Ég er meiri melódíumaður en textamaður og þess vegna fannst mér allt í lagi að gera þetta á ensku.“

Jón gerði á dögunum útgáfusamning við stórfyrirtækið Sony. Hann viðurkennir að ensku textarnir hafi hjálpað þar til. „Peir skilja allavega textana. Þeir sögðu mér það bræðurnir Bryant Reid og L.A. Reid að þeir ættu báðir afmæli í júní, þannig að þeir tengdu mikið við Sunny Day In June.“

I remember you and me
On a sunny day in June
We were sitting in a tree
And the sun was sitting too

Úr laginu Sunny Day In June af plötunni Wait For Fate. Texti eftir Jón og Friðrik Dór.



MOSES HIGHTOWER

Steingrímur Karl Teague segir það aldrei hafa komið til greina að syngja á ensku. Hljómsveitin vildi komast hjá því að hljóma eins og hún væri undir útlenskum áhrifum og vildi íslenskan vinkil á tónlistina sína. „Íslenskan hljómar öðruvísi, frasarinnir verða öðruvísi og maður syngur öðruvísi,“ segir Steingrímur Karl. Hann er hálf-amerískur, starfar sem þýðandi og býr hér á landi á meðan hinn forsprakki sveitarinnar, Andri Ólafsson, býr erlendis. „Andri er mikill íslenskumaður. Ég vinn við að skrifa á ensku allan daginn og hef enga sérstaka þörf fyrir það utan vinnunnar.“

Aðspurður segir hann erfitt að semja góða íslenska texta. „Ég fór til hans [Andra] í Amsterdam og ég held að við höfum skrifað þrjátíu blaðsíðna skjal sem endaði kannski sem einn texti. Það er voða mikið verið að mjólka blóð úr steini af því að íslenskan er einhvern veginn þannig að maður er miklu hræddari um að vera alveg glataður.“

Dagurinn í duftið laut
og draumurinn um skrifað blað
Bragarsmíð er bannsett þraut
bölva mátt þér upp á það.

Setningarnar sitt á hvað
synda um á tundri og tjá
Það er margt satt ósatt enn
og margt á manninn lagt,
ójá.

Úr laginu Margt er á manninn lagt af plötunni Önnur Mósebók



ÁSGEIR TRAUSTI

Einar Georg Einarsson, faðir Ásgeirs Trausta, semur nánast alla textana á hinna vinsælu plötu Dýrð í dauðapögn. Upphaflega stóð ekki til að Einar Georg myndi semja textana. „Allt sem ég samdi fyrir þessa plötu fyrst var samið á bull-ensku sem „meikaði engan sens“. Ég ætlaði að hafa þetta á ensku en svo fór ég upp í Hljóðrita og við Kiddi í Hjálmmum vorum að spá í þetta saman. Honum datt í hug að fá pabba til að semja texta fyrir lagið Sumargest. Hann gerði það bara á einum degi, við prófuðum það og okkur fannst það hljóma vel,“ segir Ásgeir Trausti, sem telur auðveldara að ná til Íslendinga með íslenskum textum.

Bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant er um þessar mundir að semja enska texta við lögin með erlenda útgáfu í huga. „Ef maður ætlar með þetta út sé ég ekkert á móti því að búa til nýja enska texta,“ segir hann og er afar ánægður með samstarfið við Grant. „Hann er náttúrulega bara snillingur, þannig að þetta er allt í góðum höndum.“

Fuglinn minn úr fjarska ber
fögnuð vorsins handa mér.

Yfir höfin ægi-breið
ævinlega flýgur rétta leið.

Tyllir sér á græna grein
gott að hvíla lúin bein
ómar söngur hjartahlýr
hlusta ég á lífsins ævintýr.

Úr laginu Sumargestur af Dýrð í dauðapögn.

SUNGIÐ Á ÍSLENSKU

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í gær og af því tilefni var rætt við tónlistarmenn úr fjórum vinsælum hljómsveitum sem annaðhvort syngja á íslensku eða ensku. Eins og gefur að skilja eru ástæðurnar mismunandi fyrir ólíkri textagerðinni.



Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!



Skátahreyingin hefur um árabíl selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga

Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

prýðum
& plöntum

Við gróðursetjum lifandi tré í skógrækt skáta að Úlfjótuvatni fyrir hvert Sígrænt jólatré sem keypt er. Þú prýðir híbýli þín með Sígrænu jólatré og stuðlar að skógrækt um leið!

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátamir

RETRO STEFSON

Unnsteinn Manuel Stefánsson er aðal-textahöfundur Retro Stefson. Aðspurður hversu miklu máli textarnir skipta í tónlist hljómsveitarinnar segir hann: „Til að byrja með skiptu þeir engu máli. Röðdin var meira eins og hvert annað hljóðfæri. Síðan eldist maður og fer að finna fyrir lífinu og vill tjá sig með söngnum.“

Textar Retro Stefson voru fyrst á íslensku en eru núna að mestu á ensku. Af hverju ætli það sé? „Einfaldlega vegna þess að við vildum höfða til breiðari hlustendahóps. En í framtíðinni held ég að leiðin verði frekar sú að semja á íslensku og þýða svo seinna,“ segir Unnsteinn Manuel.

Er erfðara að semja á öðru hvoru tungumálinu? „Að vissu leyti er erfðara að skrifa á íslensku vegna þess að helstu áhrifavaldar manns syngja á ensku. En það er að breytast.“

;;We can walk our fox together?
-You know I don't like pets
don't bother Your tattoo of the
catching feather?
-Is part of your imagination ;;

Hvín storma vindar dreyma.
Gloria! Victoria Falls.

Úr laginu Qween af Retro Stefson.

SPJALDTÖLVUR

LAUGARDAGUR 17. NÓVEMBER 2012

Kynningarblað þjálfun, kennsla, leikur og starf.

iPad er mest selda spjaldtölvun

Íslendingar kaupa um sautján þúsund iPada á árinu 2012 einu og er iPad frá Apple mest selda spjaldtölva í heimi og á Íslandi. iPad er mjög einfaldur í notkun og eru möguleikar hans nánast óendanlegir. [Epli.is](#) er með umboðið fyrir Apple á Íslandi.

Eppli.is er dreifingaraðili fyrir Apple Inc. á Íslandi. Á meðal vara sem fyrirtækið selur eru iPad-spjaldtölvur og iPhone-símar. „iPad er mest selda spjaldtölva í heimi og einnig á Íslandi. Íslendingar kaupa um það bil sautján þúsund iPada árið 2012,“ segir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Epli.is. Fyrirtækið opnaði fyrstu Apple-verslunina í Brautarholti 10-14 þann 1. apríl 2003. Þar blómstruðu viðskiptin sem aldrei fyrr og má segja að það húsnæði hafi sprungið strax eftir nokkurra mánaða rekstur. Í byrjun ársins 2006 fluttist starfsemi á Laugaveg 182 þar sem glæsileg tölvuverslun er til húsa ásamt skrifstofum, þróun og þjónustu. Nýlega opnaði svo önnur verslun í Smáralind í Kópavogi.

Margir notkunarmöguleikar

„iPad er mjög einfaldur í notkun og allir geta notað hann. Í iPad er hægt að gera nánast allt sem fólk dettur í hug að gera. Þar má meðal annars fara í leiki, horfa á bíó, fara á netið, taka myndir og geyma myndir. Þarna inni hefur fólk aðgang að 700 þúsund forritum eða öppum eins og þau eru kölluð, sem snerta öll svið samfélagsins. Til dæmis eru margir sem nota iPad í daglegu starfi, svo sem við fundahald og afgreiðslu pantana, leika svo með börnunum í þroskaleikjum og kennsluforritum eftir kvöldmat og horfa svo á bíómyndir eða hlusta á tónlist eftir að börnin eru sofnuð,“ segir Bjarni. „Í síðasta mánuði kom svo út ný gerð sem nefnist iPad mini. Hann er aðeins minni en fer vel í hendi sem fjölger möguleikunum enn frekar.“

Prófaðir í kennslu

Bjarni segir iPad vera mikið notaðan í skólastarfi og að það sé fjöldamargir skólar að prófa að nota hann í kennslu. „Hjallastefnan hefur til dæmis tekið þennan hátt alfarið upp og er reynslan af þessu starfi mjög góð. Nemendur vinna mikið af verkefnum, gera rafbækur um ákveðin efni og svo er auðvitað hafsjór af upplýsingum á netinu sem nemendurnir læra að umgangast og þekkja gæðin á. Inni á iPad-tækinu eru þau svo með allar skólabækurnar sem léttr skólatöskuna mikið en nágrannaþjóðir okkar hafa meðal annars horft til þess að minnka hryggsskekku með innleiðingu á iPad í skólastarf. Notkun iPad hefur líka lægri kostnað fyrir skólana í för með sér þegar á heildina er litið.“

Lægri bilanatiðni og ódýrari

Hann segir það vera ódýrara fyrir almenning að eignast iPad en tölvu, hann sé ekki einungis ódýrari í sjálfu sér heldur séu bilanir í iPad mjög fágætar. Bjarni nefn-



Í dag er ódýrara að eignast iPad en hefðbundna tölvu að sögn Bjarna Ákasonar, framkvæmdastjóra Epli.is.

MYNDVILHELM

„iPad er mjög einfaldur í notkun og allir geta notað hann.“

ir að bilanatiðnin á Mac-tölvunum frá Apple sé mjög lág nú þegar en hún sé jafnvel enn lægri á iPad. Auk þess er þægilegra að ferðast með þá hvert á land sem er heldur en til dæmis fartölvu. iPad er fjölnotatæki og rannsóknir hafa sýnt að ánægja notenda iPad er mun meiri en hjá öðrum.

Stjórnar landinu með iPad

Virkni iPad og hlutverk hans er margs konar. „Þeir segja að David Cameron stjórn Bretlandi með iPad. Hann er með sérsniðið forrit þar sem hann fær allar upplýs-

ingar sem hann þarf inn á hann og byrjar hvern morgun þannig. Svo skilst mér að hann sé líka mikið í Fruit Ninja sem er einhver leikur,“ segir Bjarni og hlær. Hann bætir við í gamansömum tón að Barack Obama Bandaríkjaforseti geri slíkt hið sama en að við eigum enn eftir að sjá Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra gera þetta.

Umhverfissvænna tæki

„Það má líka segja að notkun iPad sé betri fyrir líkamlega hreysti fólks. iPad býr yfir snertiskjá sem gerir það að verkum að fólk ligg-

ur ekki á lyklaborði heldur notar hreyfingar sem eru okkur eðlislægari. Sömuleiðis er iPad talsvert léttari í meðförum en til dæmis fartölva. Einnig er notkun iPad umhverfissvænna en hefðbundinna tölva því honum fylgir minni pappírnotkun. Stjórnir í fyrirtækjum og stofnunum og nefndir eru byrjaðar að innleiða iPad í staðinn fyrir að vera endalaust að prenta út skýrslur í mörgum eintökum. Í mörgum tilfellum borgar tækið sig upp á örfáum mánuðum í pappírkostnaði og fólk er fljótara að finna upplýsingar sem það þarf á iPad þar sem það er hægt að framkvæma leit í skjölunum,“ segir Bjarni.

FJÓRÐA KYNSLÓÐ IPAD

iPad með Retina-skjá hefur að geyma einstaka eiginleika í alla staði. Ótrúlega afkastagetu með nýja A6X-örgjörvanum, ofurhraða þráðlausu tækni, tíu tíma rafhlöðu og stórkostlegan 9,7" Retina-skjá með 3,1 milljóna pixla upplausn.

Helstu eiginleikar

- 9,7" Retina-skjár
- A6X-örgjörvi með fjögurra kjarna grafík
- iSight-myndavél 5 megapixla, 1080p upptaka
- FaceTime HD
- Ofurhröð þráðlaus tækni
- Lightning-tengi
- iOS 6 með Siri og iCloud
- Tíu tíma rafhlaða

FER VEL Í LÓFA

iPad mini hefur allt sem þú kannst vel við hjá iPad, skarpur og fallegur skjár, hraði og mikil afkastageta, iSight og FaceTime myndavél, hundruð þúsunda forrita, tíu klukkustunda ending rafhlöðu. Þetta allt hefur iPad mini og auk þess fer hann vel í lófa.

Helstu eiginleikar

- 7,9" LED-baklýstur fjölsnertiskjár
- Smellpassar í lófann
- Aðeins 7,2 mm þunnur og 308 grömm / 312 grömm (Wi-Fi + 4G)
- iSight-myndavél 5 megapixla, 1080p upptaka
- FaceTime HD-myndavél
- Öflugur A5-örgjörvi
- iOS 6 með Siri og iCloud
- Lightning-tengi
- Ofurhröð þráðlaus tækni
- Styður 3G og 4G LTE tækni (á Wi-Fi + 4G gerðum)



Spjaldtölvurnar geta gert kraftaverk

Sigurður Helgason opnaði nýja iStore verslun í Kringlunni í síðasta mánuði en hann stofnaði verslunina upphaflega í Tryggvagötu 17 fyrir tveimur árum undir nafninu iphone.is. Sigurður hefur gefið fötluðum börnum spjaldtölvu að gjöf allt frá stofnun verslunarinnar en hann segir ákveðna upplifun hafa kveikt með honum þá hugmynd að verkefninu iBörn.

Foreldrar lítillar stúlku með taugahrönnunarsjúkdóminn SMA1 sendu mér tölvupóst, í nóvember 2010 og spurðu mig hvort spjaldtölva gæti nýst lamaðri dóttur þeirra og hvort ég vissi um eitthvert forrit sem gæti hentað henni. Ég fór að leita mér upplýsinga á netinu og fann sögu af dreng í Bandaríkjunum sem stríddi við sömu fötlun og stúlkann. Hann hafði fengið spjaldtölvu í hendurnar fyrir rælni og hafði strax farið að nota skjáinn,“ útskýrir Sigurður Helgason, eigandi iStore í Kringlunni en kynni hans af litlu stúlkunni urðu til þess að hann hefur gefið fötluðum börnum spjaldtölvur undanfarin tvö ár.

„Ég hafði séð viðtöl við foreldra stúlkunnar en þekkti ekkert til þeirra annars. Ég fann forritið sem hafði hjálpað bandaríska drengnum, keypti það og fann einnig fleiri forrit og bækur fyrir spjaldtölvur sem hentaði aldri stúlkunnar. Ég fór svo til fjölskyldunnar og leyfði litlu stúlkunni að prófa. Eftir fimm mínútur var hún farin að nota skjáinn og fletta bók í spjald-

tölvunni en það var í fyrsta skipti á sem hún gat haft einhverja stjórn á umhverfinu. Sex mánuðum síðar var hún farin að keyra hjólastól.“

Sigurður segir upplifunina hafa verið ljúfa að fylgjast með stúlkunni nota spjaldtölvuna í fyrsta sinnið.

„Það var ótrúlegt að upplifa þetta með þeim. Foreldrarnir felldu hreinlega tár þegar þeir sáu hvað dóttir þeirra gat gert. Þá ákvað ég að gefa henni spjaldtölvuna. Þar með kviknaði einhver neisti þegar ég sá að hægt var að hafa áhrif á líf þessara barna.“

Alls hafa nú fimmtán börn fengið spjaldtölvu að gjöf frá iStore síðastliðin tvö ár og verður ekkert lát þar á að sögn Sigurðar.

„Við ætlum að reyna að gera þetta í hverjum mánuði. Þetta hefur gert kraftaverk. Foreldrar, vinir og vandamenn fatlaðra barna senda okkur ábendingar um börn sem gætu haft not fyrir spjaldtölvu á iborn@istore.is. Ég skoða ábendingarnar með fagfólki hvar þörfin er og hvar spjaldtölva gæti hjálpað.

Börnin sem hafa fengið spjald-



Hjá iStore tölvuverslun fást allar vörur Apple en verslunin var opnuð í Kringlunni í síðasta mánuði. Sigurður Helgason, eigandi iStore, hefur gefið spjaldtölvur til fatlaðra barna.

MYND7GVA

tölvur frá okkur eiga við mismunandi fötlun að stríða, sum eru mikið fötluð og önnur eru á einhverfu rófi. Ég man eftir einum dreng sem vildi ekki sjá spjald-

tölvuna til að byrja með en eftir nokkra mánuði var hann farinn að nota hana til að tjá sig og leika sér en foreldrarnir höfðu aldrei gert ráð fyrir þeirri getu hjá honum.“

Sigurður fær gjarnan lýsingar frá foreldrum barnanna á því hvernig spjaldtölvun hefur nýst þeim í daglegu lífi. Hann segir spjaldtölvurnar í mörgum tilvikum hafa gerbreytt lífi fjölskyldunnar. „Ég hef fengið sögur af börnum sem hafa ekkert getað tjáð sig fyrr en með spjaldtölvunni og foreldrarnir hafa þá í raun verið að kynna þeim upp á nýtt. Þetta er orðin ástríða hjá mér, það er svo gaman og gott að láta gott af sér leiða,“ segir Sigurður.

Í hóp sem heitir iBörn á Facebook skiptast foreldrar á upplýsingum um heppileg forrit og hugbúnað og deila reynslu sinni. Þannig hefur verkefnið undið upp á sig og Sigurður stefnir á að það stækki enn frekar.

„Ég fékk Krumma Björgvins og Legend til að semja fyrir mig lag og útsetja það algerlega á spjaldtölvu. Það verður gefið út til styrktar málefni tengdu fötluðum börnum. Svo er einnig á þrjónunum að setja upp styrktartónleika á næstunni, en ekki komin dagsetning á þá enn þá.“ segir Sigurður.

iJól í Kringlunni



Nýr iPad Mini
Snilld í hendi



iPad
Fjórða kynslóðin.
Tvöfalt hraðari
og ótrúlega skarpur



iPhone 5
Þynnri, léttari og öflugri



Nýr iMac
Þynnri, öflugri og fallegri.
Væntanleg



Apple TV
Snilldin í stofunni



iPod
Í öllum regnbogans litum

istore.is
566 8000



Góð þjónusta
og góð verð



VINSÆLASTA TASKAN HJÁ ISTORE

Mest selda taskan er ZooGue-taskan en hún býður upp á frábæra notkunarmöguleika.

Hægt er að festa töskuna á höfuðpúðana í bílnum og bjóða þannig farþegunum upp á afþreyingu á langferðum.

Taskan er einnig gott statíf á borði og einnig hægt að sitja með hana í fanginu. Stamt efni er undir töskunni svo hún er mjög stöðug á borði og hefur einnig viðnám við fatnaði svo hún rennur ekki úr fangi notandans.

Hægt er að stilla hallann á spjaldtölvunni í töskunni eftir því hvaða aðstöðu er þörf.

Taskan er úr ekta leðri og fæst í þremur litum, svörtum, gráum og bleikum.

Verð 8.990 krónur.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s. 512-5411

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Sprenging í spjalddtölvusölu

Tölvulistinn er með eitt mesta úrval landsins af spjalddtölvum frá framleiðendum á borð við Asus, Toshiba, Apple, Acer og United. Fjölbreytnin er mikil og nú fyrir jólin verður hægt að velja úr yfir tuttugu gerðum af spjalddtölvum frá 13.990 krónum.

Það er ekkert hægt að orða það öðruvísi en svo að það hefur hreinlega orðið sprenging í spjalddtölvusölu á þessu ári og nú fyrir jólin. Við höfum undanfarna daga verið að selja spjalddtölvur í hundratali sem ætlaðar eru til jólagjafa,“ segir Gunnar Jónsson, sölu- og markaðsstjóri Tölvulistans. „Stærsta skýringin liggur í því að verðið hefur stórlækkað vegna aukinnar eftirspurnar og framleiðslu. Nú erum við til dæmis fyrir jólin að bjóða tíu tommu spjalddtölvu með Android 4.0 og Google Play á 19.990 sem kostaði tvöfalt meira fyrir jólin í fyrra.“

Gunnar segir framboð á spjalddtölvum aldrei hafa verið meira og að eftirspurnin aukist með hverjum mánuði. „Það er fróðlegt að fylgjast með þróuninni á spjalddtölvumarkaðnum þessa dagana. Vöxturinn er mikill. Það helgast ekki síst af því að þeir sem eiga spjalddtölvur eru hæstánægðir með þær og sú ánægja virðist vera að spyrjast hratt út. Með auknum vinsældum sjáum við bæði meiri breidd í úrvalinu og aukin gæði.“

Vinsælar fyrir börn og unglinga

„Vegna þeirrar verðlækkunar sem við sjáum á spjalddtölvum finnum við fyrir miklum áhuga frá foreldrum að gefa spjalddtölvur í jólagjafir. Hægt er að fá sjö tommu spjalddtölvu hjá Tölvulistanum frá 13.990 sem gerir þær ódýrari en mörg leikföng sem eru í boði í leikfangaverslunum. Kosturinn við spjalddtölvurnar er að þær eru eigulegar og endast oft betur en leikföngin auk þess sem notagildið er margfalt meira. Í spjalddtölvum er hægt að nálgast og spila þúsundir ókeypis leikja, hlusta á tónlist, fara á YouTube og Facebook, vafra á netinu, lesa rafbækur, taka myndir og horfa á bíómyndir. Og ekki spillir fyrir að geta haft tölvuna út af fyrir sig og farið með hana hvert sem er. Spjalddtölvurnar hafa reynst vera góður ferðafélagi,“ segir Gunnar.

Bæði Android og iOS fyrir Apple bjóða mikið magn af öppum eða smáforritum sem ýmist eru ókeypis eða ódýr. „Það hefur verið mikil jákvæð umræða undanfarið um gagnsemi spjalddtölvu í skólastarfi. Það skemmtilega við spjalddtölvur er að þær eru ekki einungis leiktæki heldur hafa líka mikið fræðslugildi vegna ótal smáforrita sem þroska og fræða.“

iPad og iPad mini

iPad frá Apple eru meðal vinsælustu



Gunnar Jónsson, sölu- og markaðsstjóri Tölvulistans, segir framboð á spjalddtölvum aldrei hafa verið meira og að eftirspurnin aukist með hverjum mánuði.

MYND/GVA

spjalddtölvanna hjá Tölvulistanum og fyrir skemmstu kynnti fyrirtækið til sögunnar nýja spjalddtölvu sem vakið hefur mikla og verðskuldaða athygli að sögn Gunnars. „Það hefur ríkt mikil eftirvænting eftir iPad mini og hann stendur svo sannarlega undir væntingum og salan hefur farið vel af stað. Það sem viðskiptavinir hafa verið ánægðastir með er að hún er nettari og meðfærilegri en iPad en munurinn á skjástærðinni er minni en maður hefði haldið þar sem hann er þrátt fyrir allt rétt um átta tommur. Og ekki spillir fyrir að ódýrasta gerðin af honum er komin undir sextíu þúsund.“

Fyrsta spjalddtölvun frá Google

Að sögn Gunnars átti Google sterka innkomu inn á spjalddtölvumarkaðinn fyrir nokkrum vikum með nýrri sjö tommu spjalddtölvu sem kallast Nexus 7 sem fram-

leidd er af Asus. Tækjatímaritið T3 valdi hana nýverið spjalddtölvu ársins 2012 og Asus tölvuframleiðanda ársins. „Við erum mjög hrifnir af Nexus 7-spjalddtölvunni sem er í hæsta gæðaflokki. Hún kemur með nýjasta Android Jelly Bean-stýrikerfinu og einstaklega hraðvirkum örgjörva. IPS-snertiskjárninn tryggir einstaklega mikla litadýpt og upplausnin er í háskerpu. Við erum að ná 32GB útgáfunni niður fyrir fimmtíu þúsund sem gerir hana ein bestu kaupin með hliðsjón af gæðum. Hún verður eflaust ein af vinsælustu spjalddtölvunum fyrir jólin.“

Windows 8 fyrir spjalddtölvur

Í lok október kynnti Microsoft til sögunnar nýja Windows 8-stýrikerfið. Helsta nýjungin í Windows 8 felst í því að í fyrsta sinn er með einu stýrikerfi hægt að tengja saman borðtölvur, fartölvur, spjalddtölvur og snjall-

síma. Eitt stýrikerfi og mörg tæki. Tölvulistinn flutti inn fyrstu Windows 8-spjalddtölvuna frá Toshiba og að sögn Gunnars er von á breiðari línu á næstu dögum. „Nýjungarnar sem koma með Windows 8 eru vægast sagt mjög spennandi. Microsoft hefur ávallt lagt höfuðáherslu á notagildi og nú í fyrsta sinn getur spjalddtölvun verið framlenging af fartölvunni eða borðtölvunni og hægt að komast í forritin og gögnin sín hvar sem er. Það er mikil bylting fyrir þá sem nota spjalddtölvuna í daglegum störfum. Þetta hefur í för með sér að vélbúnaðurinn er öflugri í Windows 8. Á næstu vikum eigum við til dæmis von á spjalddtölvum með hinum vinsælu i3, i5 og i7 örgjörvum frá Intel. Auk þess er hægt að nálgast þúsundir ókeypis smáforrita í gegnum stýrikerfið. Windows 8-spjalddtölvu sameinar því bæði skemmtanagildi og notagildi.“

WINDOWS 8 SPJALDTÖLVA

- Fyrsta Windows 8-spjalddtölvu Tölvulistans.
- Eitt stýrikerfi sem tengir mörg tæki.
- Vinsælt að nota spjalddtölvuna bæði í vinnu og til skemmtunar.
- Öflugur fjögurra kjarna Tegra 3-örgjörvi, 64GB minni og 10,1" hágæða IPS-skjár.
- Innbyggt GeForce 3-skjálkort tryggir frábæra grafíkvinnslu.

GALAXY NEXUS7 FRÁ 49.990

- Fyrsta spjalddtölvun frá Google.
- Valin spjalddtölvu ársins 2012 af tímaritinu T3.
- Fjögurra kjarna 1.3GHz NVIDIA Tegra 3 örgjörvi.
- Android Jelly Bean-stýrikerfið.
- GeForce Tegra 3 skjálkort.
- 1GB í vinnsluminni og einstaklega skýr 7" IPS háskerpuskjár.
- Allt að 10 tíma rafhlöðuending.
- GPS-nemi, ljósnemi, Gyroscope, Magnometer.

IPAD 4. KYNSLÓÐ

- iPad eru vinsælustu spjalddtölvur heims af góðri ástæðu.
- Retina-skjárninn í nýjustu útgáfu iPad er einstakur í alla staði með 3,1 milljón pixla upplausn, skerpu og litadýpt sem erfitt er að keppa við.
- Nýr A6X-örgjörvi, ofurhröð þráðlaus tækni og 10 tíma rafhlaða.
- Tvær myndavélar, iSight og FaceTime.
- Hægt að taka ljósmyndir á 5 megapixla flögu og myndbönd í 1080p háskerpugæðum.

10" SPJALDTÖLVA Á 19.990

- 10" Sharper Image-spjalddtölvu með 1.2GHz Cortex A8-örgjörva og 8GB minni.
- 4GB innbyggt Flash-minni og 4GB MicroSD-minniskort fylgir.
- 16:9 snertiskjár með 1024x600 punkta upplausn og Capacitive multi-touch snertitækni.
- Android 4.0 Ice Cream Sandwich.
- Myndavél að framan og aftan.
- Allt að 10 tíma rafhlöðuending.
- Vegleg taska og heyrnartól fylgja.

IPAD MINI FRÁ 59.990

- Nýjasta spjalddtölvun frá Apple.
- Allt það besta úr iPad er líka í iPad mini.
- Skarpur og fallegur skjár, hraði og mikil afkastageta.
- iSight og FaceTime HD myndavél, hundruð þúsunda forrita í App Store og allt að 10 klst. rafhlöðuending.
- Kemur í svörtu og hvítu, Wi-Fi eða 4G.
- Þrjár mismunandi stærðir 16GB, 32GB og 64GB.
- Fer vel í hendi og er þægilega nettur á ferðinni.





Einn af kostum spjaldtölvanna í þjálfun barna og ungmenna er að sögn Sigrúnar sá að þau láðast mjög að þessum tækjum og það er auðvelt að fá þau til að taka þátt.

Frábært tæki til þjálfunar

Spjaldtölvur eru í auknum mæli notaðar í þjálfun fólks með skerta færni en sömuleiðis í almennu námi. Hjá TMF Tölvumiðstöð er boðið upp á ráðgjöf, fræðslu og námskeið í notkun á spjaldtölvum í námi, leik og þjálfun.

Við finnum fyrir gríðarlegum áhuga á notkun spjaldtölva og bara það sem af er hausti höfum við haldið fimmtán spjaldtölvunámskeið fyrir 350 manns víðs vegar um landið. Námskeiðin gera fólk betur í stakk búið til að nýta þá möguleika sem tækið býður upp á,“ segir Sigrún Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri TMF Tölvumiðstöðvar, sem áður hét Tölvumiðstöð fatlaðra. Á námskeiðin mæta foreldrar, aðstandendur, kennarar og fagfólk sem annast fólk með fötlun en líka aðrir sem vilja til að mynda nýta tæknina í almennri kennslu, sem færast að sögn Sigrúnar sífellt í aukana.

Á námskeiðinu eru hin ýmsu smáforrit kynnt til sögunnar. „Það hefur reyndar verið skortur á íslenskum forritum og íslenski talgervilinn sem les upp allan texta gengur enn sem komið er ekki á iPad-spjaldtölvurnar. Við leggjum í staðinn áherslu á að kynna smáforrit þar sem hægt er að setja inn eigin myndir, texta og innlesið tal. Má þar nefna forrit sem heitir Little Story Maker frá Grashopper Apps. Það er í raun óskrifuð bók þar sem hægt er að setja inn eigin myndir, tala inn hljóð og skrifa hvaða texta sem er. Hægt er að laga efnid algerlega að þörfum; búa til litla sögubók, myndrænt skipulag eða

félagsfærnisögur um hvernig æskilegt er að bregðast við í mismunandi aðstæðum. Þetta gagnast til að mynda börnum með einhverfu og öðrum sem þurfa stuðning í boðskiptum og félagsfærni,“ útskýrir Sigrún. „Þá er til forrit sem heitir Talk Tablet þar sem hægt er að lesa inn íslensk orð og texta. Eins er hægt að setja inn lítil myndbandsbrot sem sýna æskilega hegðun eins og að þvo sér eða burstu tennur svo dæmi séu nefnd. Þá eru ýmis forrit hönnuð sérstaklega með tiltekna hópa í huga. Má þar nefna Visual Planner þar sem hægt er að gera myndrænar skipulagstölur og dagatöl sem henta einhverfum og öllum sem þurfa myndrænan stuðning.“

Einn af kostum spjaldtölvanna í þjálfun barna og ungmenna er að sögn Sigrúnar sá að þau láðast mjög að þessum tækjum og það er auðvelt að fá þau til að taka þátt. Sigrún segir námskeiðin og ráðgjöfina hjá TMF Tölvumiðstöð vera fyrir fólk á öllum aldri og með ólíkar þarfir. „Við leggjum áherslu á þá tæknimöguleika sem eru í boði óháð fötlun eða aldri. Fólk getur svo lagað það að sínum þörfum hvort sem er í námi, leik eða þjálfun.“



Eins og ristað brauð með osti

Áhugi landsmanna á Samsung hefur aukist mikið að undanfögnu. Ástæðan er einfaldlega sú að Samsung framleiðir gæðavöru sem höfðar vel til fólks. Nýjasta spjaldtölvun frá Samsung heitir Galaxy Note 10.1 og býður upp á fjölmarga skemmtilega möguleika.

Ég held að það sé enginn framleiðandi í heiminum sem skákar Samsung og á það við jafnt um sjónvörp sem snjallsíma. Fólk er líka að átta sig á því að þessi tæki virka gríðarlega vel saman. Það er ekki bara að fólk geti skoðað ljósmyndir og myndbandsupptökur þráðlaust úr símanum í sjónvarpstækjunum heldur er einnig hægt að horfa á efni úr sjónvarpinu í símunum og í spjaldtölvunum. Þetta er náttúrulega alveg magnað og hreint ótrúlegt hvað þetta virkar vel hjá Samsung – bara eins og ristað brauð með osti,“ segir Skúli Oddgeirsson, verslunarstjóri Samsung setursins.

„Reyndar er ég hvað hrifnastur af spjaldtölvunum frá Samsung og ég held að þróunin í þeim sé jafnvel enn hraðari þessa stundina en í snjallsímunum. Galaxy-spjaldtölvurnar eru hraðvirkar, með skýran, góðan skjá og mjög meðfærilegar til að nota til að lesa rafbækur uppi í rúmi eða Moggann með morgunkaffinu.“

Nýjasta spjaldtölvun frá Samsung heitir Galaxy Note 10.1 og er hreint frábært vinnutæki sem býður upp á að unnið sé í mörgum forritum í einu. Hún er auk þess með innbyggðum penna sem gerir það að verkum að hægt er að nota spjaldtölvuna til að glósa, teikna og jafnvel meðhöndla ljósmyndir þar sem það fylgir sérstök útgáfa af Photoshop með Galaxy Note 10.1.

„Svo eru það jafnvel litlu hlutirnir sem verða til þess að maður

tekur ástfóstri við þessa græju,“ segir Skúli. Í mínu tilfalli er það til dæmis að geta sent fólki póstkort með myndum sem ég hef tekið sjálfur og skrifað skilaboð með. Hægt er að nota forrit (app) sem kallast Touchnote til að senda myndirnar sem póstkort hvert á land sem er. Ætli maður sendi ekki slatta af jólakortum þannig í ár.“

Svo má ekki gleyma því að Galaxy Note-spjaldtölvun er alveg fyrirtaks búnaður fyrir vinnandi fólk. „Ég get unnið með allar helstu skjáategundir beint í spjaldtölvunni og deilt með vinnufélögum og umheiminum með einfaldari hætti en ég hef áður kynnst. Ég held að við séum að upplifa ákveðna byltingu í því hvernig fyrirtæki og stofnanir haga sínum tölvu- og tækjamálum en auðvitað tekur þetta einhvern tíma að síast inn.“

Skúli segir Samsung setrið bjóða fyrirtakspjónustu sem getur skipt sköpum. „Maður hittir stundum fólk sem hefur freistast til að kaupa tæki í útlöndum eða af einhverjum tilbodssíðum á netinu sem selja búnað sem keyptur er á gráum markaði. Fólk telur sig vera að spara nokkra þúsundkalla en kemst svo að því að það er hægara sagt en gert að fá ábyrgðarviðgerðir og annan sjálfsagðan rétt samkvæmt neytendalögum. Það er mikilvægt að fólk sé meðvitað um að kaupa vörur af viðurkenndum aðilum sem hafa getu og vilja til að veita þá þjónustu sem þarf eftir að tækið er keypt. Fólk veit hvað það fær hjá okkur.“



„Svo eru það jafnvel litlu hlutirnir sem verða til þess að maður tekur ástfóstri við þessa græju,“ segir Skúli. „Í mínu tilfalli er það til dæmis að geta sent fólki póstkort með myndum sem ég hef tekið sjálfur og skrifað skilaboð með.“

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



JÓN JÓNSSON Á FAKTORÝ

Jón Jónsson ásamt hljómsveit sinni verður með tónleika í Faktory í kvöld kl. 22.00. Einnig kemur fram tónlistarmaðurinn Einar Lövdahl. Á tónleikunum fylgir Jón eftir velgengni sinni í kjölfar síðustu plötu en hann skrifaði nýlega undir samning við Sony í Bandaríkjunum.

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Kauptu
einn bh og
fáðu annan á
1/2 virði

Brjóstahaldari
6.900 kr.-
Buxur
3.300 kr.-

Selena

Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is



OLANG

FYRIR DÖMUR
OG HERRA
Verð: 24.000.-



OG ICE GRIP SYSTEM

NÝ SENDING!

AF VINSÆLU KULDASKÓNUM
MEÐ MANNBRODDUNUM

Parísar
TÍZKAN **B/A/S/L/E/R**

Skipholti 29b • S. 551 0770

SENDUM FRÍTT

SENDUM FRÍTT

Smart Boutique

Laugavegur 55 • www.smartboutique.is



Leðurhanskar
með kanínuskinni
frá **7.990** kr.

Leðurhanskar
frá **3.250** kr.
yfir 100 litir í boði

Pantið á smartboutique.is eða í síma 551-1040

Laugavegur 55, sími 551-1040

Sendum **FRÍTT** um allt land í nóvember!



www.smartboutique.is



KLAPPSTÝRA LOGA

DUGMIKIL OG HRESS Svanhildur Hólm Valsdóttir er jafnvíg á fjölmiðla, pólitík og lögfræði, ásamt því að vera reglulega húsmóðir á átta manna heimili.

Hólm er komið frá Sigurjóni Hólmi, afa mínum, sem fæddist 1910. Ljósmyndir sem tók á móti honum og átti mikinn þátt í að hann hélt lífi hét Hólmfríður og því var ákveðið að gefa honum nafnið Hólm sem síðan hefur haldist í fjölskyldunni, útskýrir Svanhildur um millinafn sitt Hólm.

Sterk nafnahefð er í fjölskyldu Svanhildar því dætur hennar bera hildarnafn eins og hún og heita Hrafnhildur og Brynhildur. „Það hljómar svolítið sjálfhverft en okkur Loga þótti þetta hljómmikil og stór nöfn. Hann ruglar reyndar öllum börnum sínum og gældýrum saman, hvort sem nöfnin enda á -hildur eða -dís og er oftast búinn að telja upp fimm nöfn áður en hann hittir á það rétta. Þetta er víst algengt hjá mönnum sem eiga mörg börn,“ segir Svanhildur og hlær við.

Hún segir heimilislífið fjörukt enda eru allt að átta manns í heimili og svo kötturinn Vala, sem Logi Bergmann Eiddsson, eiginmaður Svanhildar, segir í hálfu starfi sem kött og hálfu starfi sem handtösku yngstu dótturinnar.

„Krakkarnir eru á öllum aldri og með ólíkar þarfir. Okkur þykir skemmtilegast að njóta þess að vera heima saman, horfa á góða mynd og borða góðan mat. Börnin hafa væntingar um gott í

matinn og við Logi erum gamaldags og tökum sunnudagslærið hátfölegra.“

LÁNSÖM AÐ VERA VEL GIFT

Jólunum hefur fjölskyldan að undanförunni varið á Dalvík en nú stefnir í jól fyrir sunnan, að ósk sonar Svanhildar sem er í námi við MA. „Ég veit ekki hvort hægt sé að halda jól í Reykjavík. Við erum öll svo ótrúlega hrifin af öllu sem norðlenskt er, meira að segja Logi sem varla hafði farið upp fyrir Ártúnsbrekkuna áður en hann kynntist mér. Ég hef stundum stungið upp því á að búa nyrðra en er þá bent á að það sé vandkvæðum bundið vegna vinnu Loga.“

Fyrir fáeinum árum voru Svanhildur og Logi oftast ekki valin kynþokkafyllstu Íslendingarnir. „Hvorugt okkar tók því alvarlega en Logi fíflast stundum með að það sé orðið alltof langt síðan hann var valinn kynþokka-eitt-hvað,“ segir Svanhildur og hlær.

Þegar helgarfrí gefst segist Svanhildur reyna að gera sem minnst og oft þurfi hún að vinna á laugardögum í starfi sínu sem aðstoðarmaður formanns Sjálfstæðisflokksins.

„Ég vissi út í hvað ég var að fara þegar ég tók þessari vinnu og uni því vel. Víst er oft heimikið þúsl að vinna mikið með lítil börn en ég er vel gift og við

SÖKNUÐUR „Einn og einn man alveg eftir því að ég hafi unnið í sjónvarpi en ég hef ekki orðið vör við að það séu í gangi undirskriftalistar til að fá mig aftur á skjáinn.“ MYND/ANTON

BJARNI BEN

„Bjarni er skemmtilegur og hlýr mannvinnur sem gengur á milli manna með símann til að sýna árs-gamla dóttur sína dansa. Þá er hann mikill hugsuður og lunkinn píanóleikari sem á það til að setjast niður við píanóið og leika af fingrum fram.“

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2



Jólavörurnar komnar

25% afsláttur laugardag

Jóladúkar, jólalöberar, jólasokkar
jólarúmföt & jóladagatal

Opið 11-16

Lin
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 www.lindesign.is sími 5332220

NÁTTBLINDA



BELLAVISTA náttúruelgt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum

STÓRSÖNGVARAR SAFNA FYRIR BÆNDUR

Hópur stórsöngvara kemur fram á sérstökum samstöðu- og styrktartónleikum í Hofi, menningarhúsinu á Akureyri á morgun kl. 16. Allur ágóði tónleikanna rennur í styrktarsöfnun sem staðið hefur yfir undanfarnar vikur. Söfnunin er fyrir þá bændur sem urðu fyrir áföllum í óveðrinu er gekk yfir Norðurland í september síðastliðnum. Tónleikarnir verða hátíðlegir en sérstakir heiðursgestir verða forsetahjónin, Ólafur Ragnar Grímsson, sem mun flytja ávarp, og Dorrit Moussaieff.



Á tónleikunum koma fram þau Kristján Jóhannsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Valgerður Guðrún Guðnadóttir, Gissur Páll Gissurarson, Jón Svavar Jósefsson, Unnur Helga Möller, Hörn Hrafnadóttir, Rósalind Gísladóttir, Guðrún Dalía Salómondóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir. Allir listamenn gefa vinnu sína til stuðnings verkefninu.

Mikið tjón varð hjá bændum á Norðurlandi í óveðrinu, 9.-11. september síðastliðinn. Áætlað er að 224 jarðir hafi orðið fyrir tjóni. Á þessum bæjum týndust 6.318 lömb og 3.105 ær, þ.e. fjárfjöldi alls 9.423. Þá hafa 50 nautgripir farist og 132 kílómetrar af girðingum eru skemmdir, illa farnir eða ónýtir. Þeim sem vilja leggja bændum lið er bent á söfnunarreikning nr. 0161-15-380370, kt. 630885-1409, í Landsbankanum á Sauðárkróki.



■ FRAMHALD AF FORSIÐU

Logi skiptum þessu með okkur. Auðvitað kemur fyrir að hlutirnir standa tæpt og stundum tek ég eftir að maðurinn minn er bæði með úfið hár og skakkt bindi í fyrstu frétt kvöldsins.

Þau Svanhildur og Logi gæta þess að rækta hjónabandið í annasamri tilveru.

„Við hittumst í hádeginu svo við rekumst ekki bara hvort á annað yfir uppvaskinu eða háttatíma barnanna. Þannig er það eflaust hjá flestum með lítil börn; mikill tími sem fer í vinnu bæði úti og á heimili.“

Svanhildur sagði skilið við sjónvarpsstörf 2009. „Þetta var orðið gott í bili en ég mun aldrei losna við fjölmiðlabakteríuna.“

Hún segist ánægð í starfi sínu nú en áður var hún framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins. „Það starf kom upp í hendurnar á mér á umbrotatímum, þegar flestir voru með andstyggð á pólitík. Þá þótti mér spennandi að takast á við þá hugsjón mína að geta kannski gert gagn en ég geng þó ekki með þingmann í maganum.“

Svanhildur er lögfræðingur en segist ekki hafa íhugað alvarlega störf á þeim vettvangi.

„Lögfræðin nýtist vel í starfi mínu á þinginu og ég er ekki viss um að mér þætti þægilegt að vera í því án þeirrar grunnþekkingar sem lögfræðin er. Ég ætlaði sem unglingur að verða lögfræðingur en dró að skrifa lokaritgerðina þar sem sumarstarf á Ríkisútvarpinu vatt upp á sig. Áður en ég vissi af var ég fastráðin í morgunútvarpi Rásar 2 sem er skemmtilegasta vinna í heimi. Mælikvarði á það er að ég er B-manneskja og mundi aldrei vakna klukkan hálf-fimm af sjálfsdáðum nema fyrir morgunútvarpið, börnin mín og flug til útlanda.“

Þegar tal berst að B-manneskju koma hrekkir upp í hugann. Svanhildur fær nefnilega hugmyndir að hrekkjum um nætur rétt eins og Logi sem skrifaði Handbók hrekkjalómsins.

„Ég hlæ manna mest að hrekkjunum hans Loga og gott fyrir hann að hafa klappstýru heima. Ég læt hann líka vita ef hann fer yfir strikið. Mér þykja hrekkjalómar heillandi því þeir lífga upp á gráma hvunnudagsins með græskulausu gamni,“ segir Svanhildur sem hrekkir stundum með Loga. „Þá hlæjum við okkur máttlaus enda er mjög oft gaman hjá okkur. Það er máltæki á okkar heimili að maður verði að vera léttur.“

■ thordis@365.is

HLÚA AÐ HJÓNALÍFI

Svanhildur og Logi hittast gjarnan í hádeginu til að rekast ekki bara á hvort annað yfir uppvaskinu heima enda bæði önnur kafín. MYND/ANTON

GÓÐIR GRANNAR

Svanhildur og Logi búa í sama húsi og Sigurður Kári Kristjánsson, sjálfstæðismaður og lögfræðingur, og kona hans Birna Bragadóttir.

„Það er gaman að búa undir sama þaki og vinir manns. Við erum með börn á sama aldri og mikill samgangur á milli hæða. Það er mikið öryggisnet að húsið sé eiginlega aldrei tóm. Við brúum því oft bilið hvert fyrir annað í amstri dagsins.“



25 ár á Íslandi

20% afsláttur af öllum vörum alla helgina

- Happraætti
- Blöðrur
- Gjafir
- Laugardag kl 13-16 er boðið upp á:
- Djús/drykkir fyrir börn og fullorðna
- Nammipokar

POLARN O. PYRET

SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir
Sölu menn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473 | Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 | Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427

GOSTAPPAR BREYTAST Í REGNBOGABRÚ

Umhverfislister sem nemendur Fjölbrotaskólans í Breiðholti, ásamt sex breskum gestanemendum, hönnuðu og unnu saman verður vígt á sunnudaginn á Markúsartorgi við Gerðuberg í Breiðholti. Um er að ræða verkefni á vegum Menntaáætlunar Evrópusambandsins en Fjölbrotaskólinn í Breiðholti hefur tekið þátt í slíku samstarfi undanfarnir tvö ár. Elín Rafnsdóttir er listnámskennari við skólann og hefur leitt verkefnið. Hún segir skólann vera í samstarfi við fimm aðra skóla í Evrópu og hafa krakkarnir meðal annars ferðast til Hollands, Englands og Rúmeníu í tengslum við verkefnið. „Við fengum sex breska nemendur í heimsókn sem dvöldu hér í þrjá daga. Hugmyndin að listaverkinu sjálfu er komin frá íslensku krökkunum sem töluðu við þá bresku. Þaðan fengu þeir góð viðbrögð og úr varð þetta samvinnuverkefni um umhverfislister sem heitir Regnbogabru. Þar er verið að vísa í brúna Bifröst í norrænni goðafræði sem var brú á milli tveggja heima.“ Verkefnið er einnig samstarfsverkefni ólíkra deilda innan skólans. Regnbogabruin er unnin úr gostappaflöskum en eitt skilyrði verkefnisins er að verkin séu úr endurunnum vörum. Elín segir krakkana hafa setið mörg kvöld í röð í Endurvinnslunni, tínt tappa af gosflöskum og skemmt sér vel. Munstur Regnbogabruarinnar eru bæði hefðbundin gömul íslensk og bresk munstur. Íslensku krakkarnir sóttu



munstrin sín í Sjónabókina sem Heimilis-íðnaðarfélag Íslands gaf út fyrir nokkrum árum.

Vígsla brúarinnar er jafnframt hluti af verkefninu „Torg í biðstöðu“ og hverfishátíðinni Unga Breiðholt. „Reykjavíkurborg hafði samband við okkur þegar þau fréttu af verkefninu og erlenda samstarfinu og spurðu hvort við vildum koma inn í verkefnið. Þar er einmitt verið að reyna að blása lífi í liflaus torg borgarinnar.“ Breiðhyltingar halda hverfishátíðina Unga Breiðholt í tíunda sinn þessa dagana og er vígsla Regnbogabruarinnar hluti af dagskrá hátíðarinnar. „Krákkarnir verða með smá gjörning í tengslum við vígsluna. Það eru ljós inni í verkinu sem mynda tvo regnboga. Hópurinn mun standa báðum megin við regnbogann og úða vatni yfir verkið þannig að alvöru regnbogi mun myndast.“ Vígslan fer fram kl. 14 á sunnudaginn á Markúsartorgi við Gerðuberg.

Á TORGINU Listaverkið stendur á Markúsartorgi við Gerðuberg.

MYND/ELÍN RAFNSDÓTTIR



ELÍN RAFNSDÓTTIR, listnámskennari við FB. MYND/ELÍN RAFNSDÓTTIR

**FRANK LYMAN
GLÆISKJÓLAR**

Skoðið laxdal.is-kjolar

Vertu vinur á Facebook

**BERNHARD
LAXDAL**
Laugavegi 63 • S:551 4422

**black pepper
FASHION**

Opnum í dag **20%** kynningarafsláttur

Opið í dag, kl. 10-16

„Kryddaðu“ fataskápin með fatnaði frá **black pepper FASHION**

Laugavegi 178 • Sími 555 1516

oasis
KRINGLAN & SMÁRALIND

Nýjar vörur ...
... Núna
25%
af öllum töskum og peysum
... tilvalið í jólapakkam

Erum á Facebook Oasis Island

oasis Kringlan 553-5111 Smáralind 554-7980

Gjafamarkaður

HANDUNNIN LIST FRÁ KÍNA

MIKIÐ ÚRVAL AF:

- Heilsuvörum
- Handgerðri list
- Postulíni
- Borðdúkum
- Kínafötum
- Gólfteppum
- Lömpum
- Blómapottum
- Te og tesettum ofl. ofl.

ALLA SUNNUDAGA FRÁ KL. 11-17

HEILSU DREKINN

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekin.is



STEFÁN VIÐARSSON
yfirmatreiðslumeistari.

JÓLIN KOMIN HJÁ ICELANDAIR HÓTELUNUM

ICELANDAIR KYNNIR Njótum aðventunnar saman með gleði og gómsætum jólamat. Ótrúlega fjölbreyttan matseðil er að finna á jólahlaðborðum veitingastaða Icelandair hótellanna.

Stefán Viðarsson er yfirmatreiðslumeistari á veitingastöðum Icelandair hótellanna, Satt á Reykjavík Natura, Slippbarinn á Reykjavík Marina og VOX Restaurant á Hilton Reykjavík Nordica. „Þar sem við reukum þrjá mismunandi veitingastaði höfum við tækifæri til að bjóða upp á þrjú ólík jólahlaðborð þessi jól. Þar með komum við til móts við mismunandi þarfir gesta okkar,“ segir Stefán.



GLÆSILEGUR SALUR
VOX er með hádegisjólahlaðborð og góðan hefðbundinn jólamat í léttari útfærslu.

VOX Á HILTON

Hilton Reykjavík Nordica Vinsælt jólahlaðborð VOX á Hilton Reykjavík Nordica er orðið fastur liður aðventunnar hjá mörgum.

Hingað kemur tryggur hópur viðskiptavina ár eftir ár á jólahlaðborð. Það veit að það mun fá góða hangikjötið sitt, hamborgarhrygginn, purusteikina, hreindýrapatíði, reyktu og grafna laxinn ásamt öðru góðgæti.“

HÁDEGISJÓLAHLAÐBORÐIÐ

VOX er með hádegisjólahlaðborð og góðan hefðbundinn jólamat í léttari útfærslu. „Bráðskemmtilegt jólaafbrigði af sushi verður einnig á boðstólum svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Jólahlaðborðið hefst 19. nóvember og er alla daga fram til 21. desember. Vinsæla brunchinn okkar færur við einnig í fallegan jólabúning sem hefst laugardaginn 24. nóvember og stendur til 22. desember.“

KVÖLDJÓLAHLAÐBORÐ

Á Hilton Reykjavík Nordica eru kvöldjólahlaðborð haldin í stóra veislusal hótelsins öll föstudags- og laugardagskvöld frá 23. nóvember fram til 15. desember. „Kvöldjólahlaðborðið er með afar hátíðlegu yfirbragði, með á fjórða tug rétta, bæði hefðbundna og girnilega grænmetisrétti. Friður hópur tónlistarmanna mun tryggja sannan jólaanda og leika fallega jólatónlist undir borðhaldinu. Pálmi Sigurhjártarson, Magni Ásgeirsson, Erna Hrönn Ólafsdóttir og Hreimur Örn Heimisson munu skipta helgunum á milli sín fram til jóla.“

Allar upplýsingar um jólahlaðborð VOX og Hilton Reykjavík Nordica er að finna á www.vox.is.



VIÐ ELSKUM AÐ SKÁLA
Við elskum að skála við uppáhaldsfólkið okkar í góðri stemningu.

SLIPPBARINN Á REYKJAVÍK MARINA

Hótel Reykjavík Marina Nýjasti staður Icelandair býður upp á skemmtilegt og öðruvísi jólahlaðborð. „Við elskum öðruvísi.“

Slippbarinn á Icelandair hóteli Reykjavík Marina er nýjasti staður Icelandair og hefur slegið rækilega í gegn, bæði sem kokteilbar og veitingastaður. Lykilorð jólahlaðborðsins eru einföld. „Við elskum léttan mat sem bráðnar í munni og lætur okkur líða vel, við elskum ekki þungan og gamaldags mat, við elskum kokteila og góða stemningu. Því ríðum við á vaðið með mjög skemmtilegan og öðruvísi matseðil. Á boðstólum verða til dæmis gómsætir kalkúnaborgarar í dökku brauði

með rauðkáli, trönuþerjum og salvíu-majónesi og eftirretturinn frómasinn hennar mömmu ásamt fjölda annarra nýstárlegra rétta. Hanastélin okkar spila einnig stórt hlutverk í fjörinu og eru margir réttir byggðir í kringum þá, enda elskum að skála við uppáhaldsfólkið okkar.“

Jólahlaðborð Slippbarsins verður í hádeginu og á kvöldin 22., 23. og 24. nóvember og svo alla daga frá 29. nóvember til jóla. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.slippbarinn.is.



SATT OG HOLLT Sérborð með gómsætum grænmetisréttum, salötum og köldum kalkúnabringum verður einnig í boði fyrir þá sem vilja hvíla sig á kjötinu.

SATT Á REYKJAVÍK NATURA

Hótel Reykjavík Natura Sígild hátíðastemning á nýjum og glæsilegum veitingastað. Hefðbundið jólahlaðborð og sérstakt grænmetisréttahlaðborð.

Hótel Reykjavík Natura hét áður hótel Loftleiðir og hefur jólahlaðborðið þar notið mikilla vinsælda í gegnum árin. „Dyggur aðdáendahópur hefur komið til okkar í mörg ár sem ekki verður svikinn á nýjum og endurbættum stað sem hlotið hefur nafnið Satt.“

Jólahlaðborðið er með hefðbundnum hætti þar sem síldin og purusteikin leika stórt hlutverk eins og svo oft áður. Þá verður sérborð með gómsætum grænmetisréttum, salötum og köldum kalkúnabringum fyrir þá sem vilja hvíla sig á kjötinu.“

Jólahlaðborð Satt eru í hádeginu frá kl. 11.30 og á kvöldin frá kl. 19.00.

„Um helgar mun hátíðarstemningin svo ná hámarki yfir jólamatnum með undurfögnum tónum Guðrúnar Árnýjar Karlsdóttur, Kristínar Stefánsdóttur og Agnars Más Magnússonar, sem skiptast á að spila og syngja ljúf lög fyrir gesti.“

Á sunnudögum í desember verður fjölskyldan höfð í fyrirrúmi og jóla-sveinar mæta á staðinn og kæta krakkana, bæði í hádeginu og á kvöldin. Jólahlaðborðin hefjast þann 15. nóvember. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Satt: www.sattrestaurant.is.

Þjónusturáðgjafi

Borgun er leiðandi fyrirtæki í þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar. Við leggjum áherslu á lipra og persónulega þjónustu og vinnum eftir gildunum vilji, virði og vissa.

Þjónusturáðgjafi

Við leitum að jákvæðum og duglegum þjónusturáðgjafa til starfa í þjónustuver Borgunar. Vinnutíminn er frá kl. 9.00 til 17.00.

Helstu verkefni:


- ▶ Svörun fyrirspurna í síma og á tölvupósti
- ▶ Þjónusta og ráðgjöf við fyrirtæki og útgefendur
- ▶ Almenn samskipti og úrlausn mála fyrir viðskiptavinum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rakel Ýr Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 1561 eða ryg@borgun.is.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- ▶ Reynsla af sambærilegu starfi
- ▶ Háskólapróf er kostur
- ▶ Góð enskukunnátta
- ▶ Ábyrgð og áreiðanleiki
- ▶ Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á www.borgun.is.
Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk.



BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

ARMÜLA 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is



ARMÜLA 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

Við viljum bæta við Þekkingu

- vilt þú ganga í hópinn?



Pekking hf. hefur í meira en áratug annast rekstur og hýsingu tölvukerfa ásamt tengdri þjónustu og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Hjá Þekkingu starfa um 60 manns og okkur vantar fleiri hendur til að sinna spennandi verkefnum í fjölbreytilegu starfsumhverfi. Við leitum að drifandi einstaklingum í öflugum liðsheild okkar í Kópavogi og á Akureyri.

Viðskiptastjóri lykilviðskiptavina (Key Account Manager)

Hlutverk viðskiptastjóra er að sinna stærri viðskiptavinum Þekkingar og hafa auga fyrir þörfum þeirra á sviði lausna og þjónustu í upplýsingatækni. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á reglulegum samskiptum milli Þekkingar og viðskiptavina, hefur aðkomu að sölverknum, samningagerð og eftirfylgni verkefna. Staðsetning Kópavogur.

Hæfniskröfur

- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Áhugi á upplýsingatækni og nýjungum á því sviði
- Eiga auðvelt með skriflega framsetningu
- Góðir skipulagshæfileikar og geta til að starfa sjálfstætt

Sérfræðingar í kerfisrekstri

Leitað er eftir öflugum einstaklingum í fyrir báðar starfstöðvar Þekkingar, í Kópavogi og á Akureyri. Kerfisstjórar hjá Þekkingu annast rekstur og viðhald á tölvukerfum viðskiptavina, m.a. rekstur netþjóna, uppsetningar og viðhald tölvubúnaðar. Staðsetning Kópavogur og Akureyri.

Hæfniskröfur

- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af vinnu með Microsoft-lausrum
- Reynsla af uppsetningum og viðhaldi á vélbúnaði og stýrikerfum
- Þekking og reynsla af rekstri miðlægra lausna Microsoft
- Microsoft-próf og aðrar viðeigandi sérfræðigráður æskilegar

Söluráðgjafi

Söluráðgjafi kemur að sölu og ráðgjöf til núverandi og nýrra viðskiptavina Þekkingar. Helstu verkefni söluráðgjafa felast í öflun nýrra viðskiptavina, m.a. með fókusi á Office 365 frá Microsoft, stuðningur við viðskiptastjóra Þekkingar og umsjón með samningagerð. Leitað er eftir árangursdrifnum einstaklingi með góða tölvukunnáttu og reynslu af sölustörfum. Staðsetning Kópavogur.

Hæfniskröfur

- Söluþróun, frumkvæði og faglegur metnaður
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Sérfræðingur í netlausnum

Starfið felst í rekstri og umsjón netkerfa hjá Þekkingu og viðskiptavinum fyrirtækisins. Jafnframt innfelur starfið hönnun, uppsetningu og skjölun nýrra netkerfa ásamt ráðgjöf. Staðsetning Kópavogur.

Hæfniskröfur

- Reynsla á rekstri netkerfa og Cisco netbúnaðar
- Viðeigandi sérfræðigráður, t.d. Cisco, eru æskilegar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Sérfræðingar í verslunarkerfum

Þekking er einn stærsti þjónustuaðili á Íslandi við fyrirtæki í verslanarekstri. Vegna aukinna verkefna þurfum við að bæta við öflugum einstakling til að sinna uppsetningum og viðhaldi á afgreiðslubúnaði í verslunum viðskiptavina. Staðsetning Kópavogur.

Hæfniskröfur

- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af uppsetningum og viðhaldi á vélbúnaði og stýrikerfum
- Microsoft próf og aðrar viðeigandi sérfræðigráður æskilegar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Kíktu inná heimasíðu okkar **thekking.is** og kynntu þér starfsemi okkar



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Innanríkisráðuneytið óskar eftir því að ráða bókasafns- og upplýsingafræðing til starfa í ráðuneytinu

Innanríkisráðuneytið fer með mál er varða m.a.: öryggi samfélagsins, persónu- og mannréttindi, neytendamál, kosningar, trúfélög, samgöngur og fjarskiptamál og starfa rúmlega 70 manns hjá ráðuneytinu. Gildi ráðuneytisins eru framsýni, mannúð og fagmennska og er lögð áhersla á þau í öllum störfum ráðuneytisins. Nánari upplýsingar um starfsemi skrifstofunnar og ráðuneytisins má finna á heimasíðunni www.innanrikisraduneyti.is

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði
- Þekking á skjalastjórn
- Reynsla af störfum við skjalasafn
- Ábyrgð, vandvirkni og nákvæmni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta, reynsla af Lotus Notes og GoPro er kostur
- Staðgóð þekking á íslensku og ensku

Helstu verkefni:

- Móttaka, skráning, varðveisla og miðlun skjala
- Aðstoð við starfsfólk varðandi skjalamál
- Gerð skjalastjórnunaráætlunar
- Undirbúningur og innleiðing á rafrænni skjalastjórnun
- Umsjón með innri vef

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Ingilín Kristmannsdóttir skrifstofustjóri í síma 5459000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknarfrestur er til 3. desember nk. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/>.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/>.

Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

NÁMSGAGNASTOFNUN

Skjalavörður – ritari

Námsgagnastofnun óskar eftir að ráða skjalavörð – ritara nú þegar. Um er að ræða 50% framtíðarstarf.

Skjalavörður – ritari hefur umsjón með skjalavistunarkerfi Námsgagnastofnunar auk almennra skrifstofustarfa.

Viðkomandi þarf að vera stundvís og áreiðanlegur, þjónustulipur og hafa haldgóða menntun og tölvuþekkingu. Reynsla af notkun GoPro skjalavistunarkerfis er æskileg. Góð íslenskukunnátta áskilin.

Vinnutími er fyrir hádegi. Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og stofnanasamningi.

Upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Grímsson, starfsmannastjóri, í síma 535 0400, netfang eirikur@nams.is.

Umsóknir sendist Námsgagnastofnun Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogi fyrir 3. desember nk. Með allar upplýsingar verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

STAÐA AÐJÚNKTS Í VÖRUHÖNNUN

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um starf aðjúnkts í vöruhönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild skólans. Um er að ræða 60% starfshlutfall.

Leitað er eftir einstaklingi sem er virkur á sviði hönnunar og listsköpunar, hefur kennslureynslu og reynslu af því að leiðbeina nemendum á háskólastigi í hönnunarverkefnum. Gerð er krafa um meistarapróf eða sambærilega menntun. Starfið felur í sér kennslu og umsjón með námi nemenda í vöruhönnun í samráði við fagstjóra í vöruhönnun og deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar.

Gert er ráð fyrir að ráðning taki gildi frá og með 1. janúar og sé tímabundin til 1. ágúst 2013.

Umsóknir skulu stílaðar á rektor og skal skila þeim ásamt með fylgigögnum til Listaháskóla Íslands, Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar en mánudaginn 3. desember. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans www.lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Innanríkisráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar stöðu lögfræðings á skrifstofu innviða.

Gildi ráðuneytisins eru framsýni, mannúð og fagmennska og er lögð áhersla á þau í öllum störfum ráðuneytisins. Skrifstofa innviða fer m.a. með stefnumótun í fjarskiptamálum, neytendamálum, póstmálum, samgöngumálum, umferðaröryggismálum, flugöryggismálum, öryggismálum sjófarenda, farmflutninga, fólksflutninga og gerð loftferðasamninga.

Nánari upplýsingar um starfsemi skrifstofunnar og ráðuneytisins má finna á heimasíðunni www.innanrikisraduneyti.is

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraprófi í lögfræði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Kunnátta í einu norðurlandtungumáli kostur
- Þekking á sviði EES-réttar æskileg
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp
- Þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar
- Þekking á sviði samgöngumála og umferðaröryggis æskileg

Helstu verkefni:

- Vinna við gerð lagafrumvarpa
- Afgreiðsla stjórnsluverkefna
- Ábyrgð og umsjón Evrópugerða á sviði umferðar- og vegamála
- Umsjón með samningu reglugerða á sviði umferðar- og vegamála
- Þátttaka í starfshópum á verkefnasviðinu
- Samskipti við stofnanir, Alþingi og almenning

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbergur Björnsson skrifstofustjóri í síma 545 9000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknarfrestur er til 3. desember nk. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/>.

Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



ERT ÞÚ PÚSLIÐ SEM VANTAR?

BDO er ungt og vaxandi endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki á Íslandi. Vegna aukinna umsvifa leitum við nú að löggiltum endurskoðanda og reyndum verkefnastjóra, með reynslu af störfum á endurskoðunarskrifstofu, til að bætast í okkar góða hóp.

- BDO ehf. er aðili að alþjóðlegu neti sérfræðifyrirtækja sem öll starfa undir merkjum BDO.

- BDO er fimmta stærsta fyrirtæki í heimi á sviði endurskoðunar og ráðgjafar.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK
SÍMI 520 4700 www.hagvangur.is

Nánari upplýsingar veitir:
Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk.





Motion Graphics Designer

We are looking for an ambitious Motion Graphics Designer to join our team. This team player will be responsible for creating graphics and Visual F/X for our interactive exhibits and other digital and interactive media. This motion graphic artist will be using editing-, illustration-, and animation software in the daily work at the office.

Experience & Skills

- Highly competent in After Effects, Photoshop, Illustrator
- Beneficial: 3D experience - Maya, 3DMax, and/or Cinema 4d and experience in real time 3D.
- Strong attention to detail and accuracy
- Creative and have a sense for a good storytelling

If you want to join a group of talented people and you have many of the above skills, we would love to introduce you to the team.

If you are interested, please email your CV and showreel to gagarin@gagarin.is

At Gagarin we create highly interactive media solutions that allow people to experience stories vividly, understand interesting content and share their discoveries with others. Our customers are museums, companies, municipalities and institutions that utilize our work in showrooms and visitor centers, at events and online. Check out our work at www.gagarin.is



Vegna aukinna umsvifa

óskum við eftir að ráða öfluga **bifvélavirkja** og **bifreiðasmiði**

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

Bifvélavirkjar

Starfssvið:

- Almennar bílaviðgerðir

Hæfniskröfur:

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Bifreiðasmiðir

Starfssvið:

- Almennar viðgerðir við bílaréttingar

Hæfniskröfur:

- Próf í bifreiðasmiði
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 24. nóvember á netfangið atvinna@toyota.is
Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfangið metta@toyota.is

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Sími: 570 5070
www.toyotakaupuni.is

Toyota Kaupúni er öflugt þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Toyota og Lexus bílum sem hafa um árabíl verið þeir vinsælustu á Íslandi.

Framtíðarsýn okkar er:
„Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi“

Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!



Capacent Ráðningar

HAGFRÆÐINGUR



BSRB var stofnað 14. febrúar 1942 og eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Aðildarsamtök BSRB eru 27 talsins og félagsmenn rúmlega 20.000. Um 70% félagsmanna eru konur. Á skrifstofu BSRB starfa 9 starfsmenn sem annast ýmis verkefni fyrir samtökin og aðildarfélög þess.

BSRB auglýsir laust til umsóknar starf hagfræðings. Hlutverk BSRB er m.a. að þjónusta aðildarfélög innan bandalagsins og gæta hagsmuna þeirra og félagsmanna.

Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:

- Fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður
- Sinna fræðslu, ráðgjöf og almennri upplýsingamiðlun um hagfræðileg efni
- Koma að gerð samninga aðildarfélaganna og bandalagsins
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf vegna réttinda og túlkun kjarasamninga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- B.Sc. próf eða sambærilegt í hagfræði
- Reynsla af störfum félagasamtaka og þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vonduð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

GRÍN mitt gengur gjarnan út á að finna það sem er óvenjulegt og draga góðlátlegt dár að því, búa til dálítið klikkaðar persónur sem ég mála sterkum litum, allt vel meint auðvitað. Tökum sem dæmi karakterinn Sarúnas: lesblindan offitusjúkling frá Litháen sem er hornreka í þjófagenginu sem hann er í af því að öryggisverðirnir í Kringlunni hlaupa hann alltaf uppi og hann ruglast oft á merkjavörnunni sem hann á að hnúpla. Eins og þið heyrðið tæpi ég á samfélagslegum málum, fjölmenningu og einelti.

VIÐBRÖÐIN voru blendin í fyrstu. Í mig hringdi fólk sem sakaði mig um fordóma og að ala á andúð á tilteknum hópum. Ég reyndi að benda á að þvert á móti væri ég að reyna að fá fólk til að hlæja að þessum hópum en allt kom fyrir ekki.



ÉG held að það standi gríni mínu fyrir þrifum að ég er hvítur karlmaður að skrifa á miðjan aldur, sem er sá minnihlutahópur sem á hvað erfiðast uppráttar nú um mundir og auðvelt er að væna um fordóma. Það sem verra er á ég enga nána vini úr minnihlutahópum sem eru í tísku. Þegar Árni Johnsen var til dæmis vændur um hommaandúð benti hann á að margir af hans bestu vinum væru hommar. Hann getur því ekki haft óbeit á homnum. Árni Johnsen á svo marga samkyndhneigða vini að hann er hér um bil hommi sjálfur.

NÚ voru góð ráð dýr. Mér var um það bil að falla allur ketill í eld þegar lausnin blasti skyndilega við mér. Ég bý nefnilega svo vel að eiga tvær tengdamömmur. Þið lásuð rétt. Ég er í mægðum við tvær lesbískar konur á sjötugsaldri. Fyrir grínista á tímum félagslegs rétttrúnaðar er þetta það sem kallað er „jackpot“. Enda hefur þetta reynst mér afar dýrmætt. Um leið og ég verð var við að grínið mitt þykir fara yfir strikið bæti ég við: „Þetta er allt í lagi, tengdamömmur mínar eru lesbíur“. Þá eru allir sáttir.

EF eitthvað er hefur þetta gert mér fært að ganga nokkuð lengra í að gera grín að þeim sem eru öðruvísi. Það er lyklatríði þegar maður er að herma eftir öðrum að mála sérkenni þeirra nógu sterkum litum. En lengra verður þetta ekki í bili. Ég hef öðrum hnöppum að hneppa. Þessi einleikur um Freyju Haralds skrifar sig ekki sjálfur.

Hlæðu af þér
hausinn um jólin



Eftir höfunda
Fimbulkamb

Skemmtilegustu
skopmyndateikningar landsins
leggja til teikningarnar
– og þú semur brandarann

SKRÍPÓ

Einfalt og hrikalega fyndið nýtt
islenskt spil sem öll fjölskyldan
mun liggja í hláturskasti yfir

Inniheldur 150 frábærar teikningar eftir
HUGLEIK DAGSSON, HALLDÓR BALDURSSON,
LÓU HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTUR OG SIGMÚND



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



HANDAN VIÐ HORNIÐ



BARNALÁN



KitchenAid®

JÓLATILBOÐ



Vélin fæst í mörgum litum - Verð frá kr. 82.990



Öllum **KitchenAid® Artisan** hrærivélum fylgir fimm stykkja áhaldasett ásamt matreiðslubók á íslensku.



KitchenAid® Professional hrærivél fyrir veitingahús og mötuneyti. Var að lenda.



Jólatilboð 4.990
Fullt verð 5.990

KitchenAid® sleikjuarmur fyrir **KitchenAid®** hrærivélina. Ómissandi í baksturinn.

KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE

Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-15



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

NÝJAR ÍSLENSKAR FANTASÍUR

Heljarþróm

Emil Hjörvar Petersen


Önnur bókin í skáldsagnapríleikum Saga eftirlifenda. Þar tvinnast saman goðsagnir, mannkynsagan og samtíminn. Sagan segir frá þeim ásum sem lifðu af Ragnarök og baráttu þeirra við að ná tókum á heiminum á ný.



Orrustan um Fold

Davíð Þór Jónsson

Bókin fjallar um lífsbaráttu manna sem búa við óblíð náttúruöfl á tunglinu Fold. Fyrst reynir þó á styrk þjóðarinnar þegar undarlegar verur taka að herja á íbúana.



Ógnarmáni

Elí Freysson

Sjálfstætt framhald Meistara hinna blindu sem kom út árið 2011. Hér segir frá upp-gjafaherminum Kody sem berst við forna illsku frá þeim tímum þegar heimurinn stóð á barmi tortímingar.



Blendingurinn

Hildur Margrétardóttir

Gefin út sem rafbók en einnig er hægt að panta prentuð eintök. Söguhetjan Röskva hefur alist upp við erfiðar fjölskylduáðstæður og á þá ósk heitasta að hverfa. Hún ákveður að flýja en endar í ókunnnum heimi.



Hrafnsauga

Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson

Bókin fékk Íslensku barnabókaverðlaunin. Bókin er fyrsti hluti þrífleiksins Priggja heima sögu. Um fjöllumarefnið fléttast blóðgöldrum, gleymdum óvættum og földum leyndarmálum.



Spádómurinn

Hildur Knútsdóttir

Bókin fjallar um hina fimmtán ára gömlu Kolfinnu. Hún býr í framandi heimi þar sem dularfull öfl sækjast eftir völdum og örlög hennar verða að spyrna við fótum.



Furðuverur og fantasíur herja á landann

Á undanförunum árum hefur áhugi á furðusögum, eða svonefndum fantasíum, aukist jafnt og þétt á Íslandi. En hvað veldur auknum vinsældum fantasíunnar? Halla Þórlaug Óskarsdóttir fór á stúfana og skoðaði hvers vegna fantasíur hafa gengið í endurnýjun lífdaga.

Halla Þórlaug Þorsteinsdóttir
halla@frettabladid.is

Þótt furðusögur eigi vaxandi vinsældum að fagna eru þær enn aðeins lítið brot af íslenskum skáldskap. Er því engin furða þó einhverjir velti því fyrir sér hvað einkenni þennan bókaflökk. Í bókmenntafræðinni teljast þær sögur furðusögur þar sem veruleikinn er brotinn upp og búinn til nýr heimur. Sú veröld lýtur eigin lögmálum og íbúar hennar eru ekki til í raunveruleikanum. Allt getur gerst, yfirnáttúruleg öfl leika lausum hala og hið fjarstæðukennda er hversdagslegt. Gjarnan snýst sagan um baráttu illra og góðra afla eða vætta.

Hlutur fantasíunnar hefur einnig aukist mjög í kvikmyndum á síðastliðnum áratug, síðan Hringadróttinssaga náði heimshylli. Það sama má segja um bandaríska þáttagerð en fantasíusjónvarpsþátturinn Game of Thrones hefur náð gifurlegum vinsældum á skömmum tíma. Þetta hefur vafalaust haft áhrif á vinsældir fantasíubókmennta á Íslandi. Samfara auknum áhuga koma nú út íslenskar furðusögur fyrir fullorðna, sem lítið hefur farið fyrir áður. Hugsanlega er ástæðan sú að kynslóðin sem upplifði Harry Potter-æðið er nú að vaxa úr grasi og verða rithöfundar.

Brúar bil milli kynslóðanna

Sigrúður Gunnarsdóttir, ritstjóri hjá Forlaginu, segir ævintýri og furðusögur alltaf hafa höfðað til barna og lengi verið hluta af þeirra lesefni. Hún telur þó hóp fullorðinna fantasíulesenda líka fara stækkandi.

„Margir fullorðnir lásu bækurnar um Hringadróttinssögu eftir að hafa heillast af kvikmyndunum og sækjast í kjölfarið eftir fleiri furðusögum.“ Sigrúður segir enn fremur að í eðli furðusagna felist brú milli kynslóðanna:

„Furðusögur eru fyrst og fremst spennandi ævintýri þar sem aldur aðalpersóna skiptir ekki máli heldur um hvaða aðstæður þær glíma við.“

Alexander Dan Vilhjálmsson, furðusagnahöfundur og ritstjóri tímaritsins Furðusagna, telur fantasíur í barnabókum mikilvægar meðal íslenskra furðusagna:

„Fantasían hefur lengi dafnað í íslenskum barnabókum. Þær hafa haft mikil áhrif á mótun hefðarinnar héraendis og eiginlega eini staðurinn þar sem íslenska fantasían hefur mátt þroskast og blómstra,“ segir hann.

Flestir lesa fantasíur á ensku

Björn Unnar Valsson, bókavörður hjá Borgarbókasafninu, segir töluverða ásókn í fantasíubækur fyrir

fullorðna á bókasafninu en stærstur hluti bókanna sé skrifaður eða þýddur á ensku. Engu að síður hafa fáar furðusögur verið þýddar yfir á íslensku. Sigrúður segir það orsakast af því að lesendahópurinn kjósi heldur að lesa bækurnar á frummálinu eða í enskri þýðingu eins fljótt og kostur er en að bíða eftir íslenskri þýðingu.

Einnig hefur borið á því að íslenskir höfundar kjósi að skrifa bækur sínar á ensku fremur en íslensku. Alexander telur ástæðuna fyrir því einfaldlega vera skort á fordæmum:

„Íslenskum furðusagnahöfundum finnst eflaust afkáralegt að skrifa á íslensku því það er engin hefð til að vinna með. Þetta finnst mér synd því það er svo margt sem við getum sótt í úr íslensku máli og menningu sem er einfaldlega ekki hægt að gera á ensku.“

Nýjar íslenskar fantasíur

Það hefur þó færst í vöxt höfundar skrifi fantasíur á íslensku. Í ár koma út nokkrar slíkar, þar af tvær framhaldssögur: Heljarþróm eftir Emil Hjörvar Petersen og Ógnarmáni eftir Elí Freysson. Fyrri hlutar beggja komu út á síðustu tveimur árum og segir Björn Unnar þá báða mjög vinsæla á bókasafninu og jafnast á við íslenskar fagurbókmenntir í útlánum. „Mín tilfinning er sú að það hafi lengi verið til markhópur fyrir fantasíubókmenntir sem sækja þá líka í þessar íslensku þegar þær birtast.“

Einkenni íslenskra furðusagna

Sigrúður segir íslensku fantasíubækurnar almennt ekki bera merki þess að vera skrifaðar af íslenskum höfundum. „Lengi vel voru ævintýrasögur gjarnan tengdar íslenskri þjóðtrú og vættum landsins en svo er ekki lengur,“ segir hún og bætir við: „Flestar þessara bóka gætu gerst hvar sem er í heiminum.“ Alexander er sammála og segir erfitt að segja til um einkenni hinnar íslensku fantasíu, því hún sé enn að móta. Hann er þó ánægður með þróunina.

„Höfundar og forlög eru ekki lengur hrædd við að nota fantasíustimpilinn í markaðssetningu og flokkun á bókum. Það eitt og sér er stórt skref í rétta átt. Forlögin eru líka hægt og rólega að prófa sig áfram með að gefa út íslenskar fantasíur fyrir fullorðna, þó þær séu flestar markaðssettar fyrir börn eða unglunga. Kannski mun þetta breytast með tímanum,“ segir Alexander.

En hvert sem íslenskar furðusögur stefna og hvers konar verum þær verða skipaðar í framtíðinni, þá lítur út fyrir að fantasían sé komin til að vera.



ÍMYNDAÐUR VERULEIKI í fantasíubókum er búinn til nýr heimur sem lýtur eigin lögmálum. Þar takast jafnan á góð og ill öfl.

Gallerí Fold í 20 ár 1992–2012




Keramíkuþpboð

Lýkur 19. nóvember

Bókaupþboð

17. nóvember – 2. desember

Erum einnig að taka á móti gull- og silfurmunum á uppboð.



Listmunaupþboð

Síðustu forvöð til að koma verkum á uppboð fyrir jól er mánudagurinn 19. nóvember

Fyrir viðskiptavinum leitum við að verkum eftir Louísu Matthíasdóttur, Þórarinn B. Þórláksson, Svavar Guðnason og Nínu Tryggvadóttur. Áhugasamir geta haft samband í síma 551-0400

Opíð virka daga 10–18, laugard. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU

One Good Turn Kate Atkinson



Salka Guðmundsdóttir rithöfundur og þýðandi

Sú bók sem breytti lífi mínu heitir One Good Turn og er eftir Kate Atkinson.

Þetta er önnur bókin í seríu sem ég held mikið upp á og fjallar um einkaspæjarann Jackson Brodie og alls kyns mál sem hann fæst við að leysa.

Ég held reyndar mikið upp á allar bækur Atkinson en það sem gerðist þegar ég las þessa bók var að ég lærði mjög mikið um uppbyggingu skáldsögu og hvernig hægt er að breyta merkingu með lúmskum hætti. Í síðustu setningunni á síðustu blaðsíðunni breytir hún nefnilega merkingu allrar bókarinnar fyrir manni. Það var algjörlega einstök upplifun.

Það var ekki nóg með að bókin heillaði mig sem saga heldur líka hvernig sagan er sögð. Það hefur haft mjög mikil áhrif á mig sem rithöfund og beint mér inn á nýja braut í

mínum eigin skrifum.

Atkinson hefur líka leitt mér fyrir sjónir hvað maður getur skrifað um alvarlega hluti án þess að missa húmorinn.

En það var ekki fyrr en með þessari bók sem ég áttaði mig meðvitað á því sem hún var að gera sem var mjög gagnlegt fyrir mig.

Jólin okkar

Heimilislegir jólatónleikar í Hörpu



Agústa Eva



Pálmi Gunnars



Stefania Svavars



Raggi Bjarna



Helga Möller



Páll Rósinkrans



Unnsteinn Manuel

Söngvarar sem sungið hafa inn jólin undanfarna áratugi ásamt yngri kynslóð söngvara koma saman í ógleymanlegri jólastund í upphafi aðventunnar og flytja sín uppáhalds jólalög.

Hljómsveit undir stjórn hins eina, sanna Jóns Ólafssonar leikur undir.

ELDBORG HÖRPU

1. DESEMBER

KL. 20:00

2.990 – 5.490 KR.

UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA: MIDI.IS,
HARPA.IS OG Í SÍMA. 528 5050



Íslandsbanki

25% AFSLÁTTUR
TIL VIÐSKIPTAVINA
ÍSLANDBANKA



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR
17. NÓVEMBER 2012

Sýningar

14.00 Fyrsta yfirlitssýning á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur verður opnuð á Kjarvalsstöðum. Yfirskrift sýningarinnar er Hugleikur og fingraflakk - Stiklur úr starfsævi Ragnheiðar Jónsdóttur.

16.00 Hugsteypan opnar sýninguna Sviðsett/Staged í Galleríi Ágúst.

16.00 Ríkharður Valtingojer sýnir nýjar steinþrykksmyndir og mezzotintur í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu. Aðgangur er ókeypis.

Umræður

10.30 Rætt verður um kosningaáherslur Framsóknarflokksins og stöðu hans í Reykjavík á Laugardagsspjalli að Hverfisgötu 33. Umræðum stýrir Kristinn Jónsson og allir eru velkomnir.

Tónlist

21.00 Dynfari heldur útgáfutónleika fyrir plötu sína Sem skugginn á Gamla Gauknum. Um upphitun sjá hljómsveitirnar Hindurvættir og Auðn. Aðgangseyrir er kr. 500 eða kr. 1.500 með plötunni.

22.00 Ljótu hálfvitarnir halda tónleika á Café Rosenberg. Flunkuný lög í bland við hundgömul. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

22.00 Ojba Rasta heldur tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.400.

22.00 Stella Haux og vinkonur halda tónleika á



Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Markaðir

13.00 Eldri bæjarbúar á Seltjarnarnesi halda flóamarkað/jólabasar í félagsaðstöðunni Skólabraut 3-5.

SUNNUDAGUR
18. NÓVEMBER 2012

Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge tvímenningur verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Umræður

13.00 Margrét Zóphóníasdóttir tekur á móti gestum og spjallar við þá um verk sín á sýningunni Vængjablak í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

Sýningarspjall

15.00 Markús Þór Andrússon verður með sýningarstjóraspjall um sýninguna Tómið - Horfin verk Kristins Péturssonar í Listasafni Árnesinga, Austurmörk 21, Hveragerði.

15.00 Þorbjörg Höskuldsdóttir leiðir gesti um sýningu sína Ásýnd fjarskans í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum. Heitt á könnunni.

Kvikmyndir

15.00 Rússneska kvikmyndin Rússneskt upphlaup (Rússkíj búnt) verður sýnd í MÍR salnum, Hverfis-

götu 105. Sagan gerast í lok 18. aldar, á valdatíma Katrínar miklu og á dögum bændauppreisnarinnar í Rússlandi.

Myndin er á rússnesku en með enskum texta. Aðgangur er ókeypis.

Uppákomur

14.00 Sóla sögukona og sögubíllinn Æringi bjóða upp á fjölmenningarlega sögustund. Þjóðsögur og ævintýri frá ýmsum löndum verða lesin á íslensku og Sóla tekur á móti gestum í sögubílnum.

Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík fer fram í félagsheimili þeirra að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Miðaverð fyrir félag FEB er kr. 1.500 en kr. 1.800 fyrir aðra.

Tónlist

13.15 Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari og Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari spila á tónleikaröðinni Klassík í hádeginu, í Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Leiðsögn

14.00 Ókeypis leiðsögn verður um sýninguna Teikning-þvert á tíma og tækni í Þjóðminjasafninu.

14.00 Davíð Örn Halldórsson leiðir gesti um sýningu sína Ilmvatnsáin has minni í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

Volvo XC60 AWD

D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 163 hö, tog 400 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 l/100 km. CO₂ 179 g/km.

Verð frá **8.890.000 kr.**

DÓMAR

10.11.2012 → 16.11.2012

BÆKUR ★★★★★

Krakkinn sem hvarf

Porgrímur Práinsson

NIÐURSTAÐA: Saga um strák sem gerir vin sinn ósýnilegan og uppátæki þeirra í litlu sjávarþorpi. Skemmtilegur söguþráður en sögupersónur eru ýktar og tvívíðar og lesendur eiga erfitt með að samsama sig þeim. - bhó

BÆKUR ★★★★★

Illska

Eiríkur Örn Norðdahl

NIÐURSTAÐA: Klikkuð bók. Lesið hana! - þhs

BÆKUR ★★★★★

Skáld

Einar Kárason

NIÐURSTAÐA: Skáld er verðugur loka-punktur hinnar nýju Sturlungu Einars Kárasonar, sagan er sundurleitari en fyrri bækurnar tvær en bestu kaflarnir eru gerðir af meistarahöndum. - jyj

BÆKUR ★★★★★

Kuðungasafnið

Óskar Árni Óskarsson

NIÐURSTAÐA: Vel heppnað safn prósaljóða um ólík fantasíuþorp sem sýna lesendum samfélagið í spéspegli. - fb

BÆKUR ★★★★★

ð-ævisaga

Stefán Pálsson, Anton Kaldal Ágústsson, Gunnar Vilhjálmsson og Steinar Ingi Farestveit

NIÐURSTAÐA: Falleg og fróðleg bók og skemmtileg á köflum, en herslumuninn vantar til að hugmyndin gangi fullkomlega upp. - þb



TÓNLIST ★★★★★

Outside the Ring

Friðrik Ómar

NIÐURSTAÐA: Fagmannlega unnið, en óspennandi. - tj

TÓNLIST ★★★★★

Sinfóníuhljómsveit Íslands, einleikari Víkingur Heiðar Ólafsson.

Verk eftir Beethoven og Messiaen.

NIÐURSTAÐA: Almennt skemmtilegir tónleikar, flottur einleikur, ágætur einsöngur, frábært nútímaverk. - js

TÓNLIST ★★★★★

Vélrænn

Friðrik Dór

NIÐURSTAÐA: Friðrik Dór fylgir Allt sem þú átt eftir með flottri plötu. - tj

TÓNLIST ★★★★★

Par sem himin ber við haf

Jónas Sigurðsson og Lúðrasveit Þorlákshafnar

NIÐURSTAÐA: Jónas Sigurðsson gerði góða ferð til Þorlákshafnar. - tj



BÍÓ ★★★★★

Searching for Sugar Man

NIÐURSTAÐA: Dularfull, á köflum eilítið óhugguleg, en fyrst og fremst alveg frábær. - hva

BÍÓ ★★★★★

Wreck-It Ralph

NIÐURSTAÐA: Skemmtileg en helst til dæmigerð. - hva



SPILAR Í KALDALÓNI Wadada heldur tónleika í Hörpu annað kvöld.

Tónleikar og masterclass

Wadada Leo Smith, einn fremsti djasstromeikari samtímans, verður hérlandis um helgina.

Í dag verður hann með masterclass-kennslu fyrir nemendur Listaháskólans og tónlistarskóla FÍH í húsnæði FÍH í Rauðagerði. Þar mun hann meðal annars ræða um tónlist sína, um tónsmíðar og spuna, hlutverk og stöðu tónlistarmannsins í nútímanum. Hefst námskeiðið klukkan 12 í dag. Wadada verður síðan með tónleika í Kaldalóni í Hörpu annað kvöld, sunnudagskvöldið 18. nóvember, klukkan 20, ásamt Skúla Sverrissyni á bassa, og Matthíasi M. D. Hemstock og Magnúsi Trygvasyni Eliassen á trommur.

Heimsókn Wadada Leo Smith er samstarfsverkefni Jazzhátíðar Reykjavíkur og Sendiráðs Bandaríkjanna í Reykjavík.



SÁ HÆFASTI KEMST AF

SKOÐAÐU VOLVO XC60. SJÁÐU ÖRYGGIÐ Í SNILLDINN.


- Borgaröryggi
- SIPS hliðarárekstrarvörn
- WHIPS bakhnykksvörn
- Bluetooth símatengi
- Nálægðarskynjarar að aftan
- Brekkubremsa
- 23 cm undir lægsta punkt

Volvo XC60 er margverðlaunaður sportjeppi frá Volvo. Komdu í Brimborg og sjáðu sportjeppann sem sameinar framúrskarandi aksturseiginleika fólksbilsins og notagildi jeppans. Sjáðu bilinn sem sækir innblástur sinn í jafnvægi, fegurð og látleysi skandinavískrar hönnunar. Njóttu þæginda og hlýju rúmgóðs innanrymis í harðneskjulegri veðráttu norðlægra slóða. Volvo XC60 er búinn framúrskarandi öryggisbúnaði enda hefur billinn hlotið margvíslegar viðurkenningar. Hann var kosinn sportjeppi ársins af bílablaðinu What Car* og fékk hæstu einkunn í árekstrarprófunum Evrópsku umferðaröryggisstofnunarinnar (EuroNCAP) og Bandarísku umferðaröryggisstofnunarinnar (NHTSA). Komdu í Brimborg og sjáðu glæsilegan og vel útbúinn Volvo XC60. Sjáðu hvað snilldin veitir þér mikið öryggi.

LIFÐU Í LÚXUS. VELDU VOLVO. KOMDU Í BRIMBORG Í DAG.


* <http://www.automobilesreview.com/auto-news/volvo-xc60-what-car-winner/8980/>

KOMDU OG SKOÐAÐU
VOLVO XC60 Í BRIMBORG Í DAG.
OPIÐ KL. 9-17 VIRKA DAGA
OG KL. 12-16 LAUGARDAGA.



Lestu meira um sportjeppann
Volvo XC60 á volvo.is

MIKIL EFTIRSPURN EFTIR NOTUÐUM
VOLVO. GERÐU GÓÐ SKIPTI. SETTU
NOTAÐA BILINN UPPÍ NÝJAN VOLVO.



Öruggur staður til að vera á

LISTASAFN ÍSLANDS NATIONAL GALLERY OF ICELAND

Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á árinu 2012

Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins nr. 9321 er markmið hans „að styrkja og hvetja unga og efnilega myndlistarmenn til náms“ en stofnfé sjóðsins er arfur samkvæmt erfðaskrá Guðmundu Andrésdóttur listmálara sem lést árið 2002. Ráðstöfunarfé sjóðsins eru raunvextir af höfuðstól og verður í ár ráðstafað 3.8 milljónum króna. Stjórn sjóðsins ákveður hversu margir styrkir verða veittir.

Sjóðurinn styrkir myndlistarmenn til framhaldsmenntunar og er æskilegt að umsækjendur hafi lokið BA prófi í myndlist eða sambærilegu námi. Hægt er að sækja um styrk til lengri eða skemmri námsdvalar erlendis, þó aldrei skemur en til sex mánaða. Umsókn skal fylgja ítarleg greinargerð um fyrirhugað nám ásamt meðmælubræfi og upplýsingum um fyrra nám og starfsferil.

Stefnt er að úthlutun eigi síðar en 27. desember næstkomandi.

Umsóknarfrestur er til og með 17. desember 2012. Umsóknir merktar styrktarsjóðnum skulu sendar Listasafni Íslands, Laufásvegi 12, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar eru veittar í síma Listasafnsins 515 9600.

Stjórn Styrktarsjóðs Guðmundu Andrésdóttur



SKEMMTILEG LÍKAMSÆKT Húllahoppnámskeið Öldu Brynju Birgisdóttur í Kramhúsinu hafa vakið mikla lukku.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Nennir alltaf að húlla

Alda Brynja Birgisdóttir varð háð hreyfingunni og gleðinni sem fylgir húllahringjum og hefur undanfarið staðið fyrir húllahoppnámskeiðum í Kramhúsinu.

„Það er eitthvað við þessa hreyfingu sem gleður mann og ég þarf allavega ekki að hafa áhyggjur af því að nenna ekki í ræktina því maður nennir alltaf að húlla,“ segir Alda Brynja Birgisdóttir, einn helsti húllasérfræðingur landsins.

Húllahoppnámskeið Öldu hófust í Kramhúsinu í haust. Alda kynntist húllahringjum í gegnum eiginmann sinn en bæði eru þau meðlimir í Sirkus Íslands. „Það eru fimm ár síðan ég prufaði þetta en þá hafði ég ekki húllað síðan ég var barn. Maðurinn minn hafði látið útbúa svona aðeins stærri og þyngri hringi fyrir Sirkusinn og hvatti mig til að prufa,“ segir Alda sem varð undir eins forfallinn aðdáandi.

Námskeiðin snúast um að dansa með hringina og gera til allskyns brögð. Unnið er með húllahringjum sem eru stærri og þyngri en venjulegu plastringirnir. Alda segir húllahoppið vera skemmtilega líkamsrækt sem reynir á allan líkamann. „Markmiðið er að ná betri tókum á hringnum. Læra alls konar brögð og þjálfu upp flæði í dansinum með hringinn.“

Fullt var á fyrsta námskeiðinu í haust en næsta byrjendanámskeið hefst eftir áramót. Fyrir þá sem vilja byrja strax að æfa sig að húlla geta fjárfest í hringjum hjá Öldu.

Alþjóðlega húllasamfélagið er nokkuð stórt en Alda hefur meðal

Nokkur húllabrogð

Hægt er að húlla á marga vegu, með einum eða fleiri hringjum. Maður getur einbeitt sér að því að gera brogð með hringjunum eins og sirkuslistamenn, eða einfaldlega liðið um með hringinn við tónlist og einbeitt sér meira að dansinum.

- **HANDAHÚLL:** Haltu hringnum fyrir framan þig með annarri hendi og leyfðu honum að sveiflast fram og til baka eins og pendúll. Leyfðu hringnum síðan að sveiflast heilan hring og haltu honum svo gangandi þannig. Hafði hringinn alltaf inni í lófanum á meðan er húllað. Hægt að skipta um hendi og gera stóra og litla hringi.
- **HANDAHÚLL MEÐ TRIXI:** Húllaðu með hendi eins og útskýrt að ofan.
- Leyfðu hringnum að skríða upp rétt fyrir ofan olnbogann. Hægt er að lyfta einfaldlega upp hendinni til að hringurinn skríði upp. Þegar þú hefur náð stjórn á að hafa hringinn fyrir ofan olnbogann er hægt að beygja höndina inn í hringinn og rétta aftur. Þetta trix kemur mjög flott út með tvo hringi á hvorri hendi.
- **HNÉHÚLL:** Húllaðu á mjöðmunum og leyfðu síðan hringnum að skríða í rólegheitunum niður á lærin. Passa þarf að hafa hringinn alltaf fyrir ofan hnéskeiljarnar. Ef hringurinn er að snúast til vinstri er hægra hné notað að framanverðu til þess að halda hringnum gangandi. Hægt er að gefa hringnum aukaspark með hné til þess að koma honum upp á mjaðmirnar aftur.

HÚLLAMERKINGAR:

- Auðveld æfing fyrir alla
- Nokkuð erfið æfing
- Erfið æfing

annars farið á svokallaða húllaráðstefnu í Englandi og á Spáni. „Þetta er stórt samfélag en á ráðstefnunni skiptast gestir á fróðleik varðandi húllahopp. Minn draumur er að búa

til svona samfélag hér á landi og í kjölfarið halda húllaráðstefnu á Íslandi. Þetta er eitthvað sem allir verða að prufa.“

alfrun@frettabladid.is

Berenger varð að Berglindi

Stúdentaleikhúsið frumsýnir Nashyrningana eftir Ionesco.

Stúdentaleikhúsið sýnir í ár leikverkið Nashyrningana eftir Eugène Ionesco, eitt helsta leikskáld Absúrdleikhússins. Leikstjóri uppfærslunnar er Árni Kristjánsson og nýtir hann dans og líkamsbeitingu svo mikill hasar myndast á sviðinu.

Verkið Nashyrningarnir, sem er frá árinu 1961, fjallar um lítinn bæ þar sem bæjarbúar tapa mennsku sinni og breytast í nashyrninga, einhyrnda eða tvíhyrnda. Rökhugsun, tungumál og náungakærleikur hverfur úr bænum en við tekur traðkandi taktur nashyrninganna. Aðalhlutverk eru í höndum Hildar Hrannar Guðmundsdóttur og Alexanders Erlendssonar sem leika Berglindi og Jón. Berglind er betur þekkt sem Berenger en í uppfærslu Stúdentaleikhússins, hefur kyni þessarar aðalpersónu verið breytt úr karlkyni í kvenkyn.

Meðal annarra leikara í sýningunni eru Daníel Geir Moritz, fyndnasti maður Íslands 2011,



HASAR Nashyrningarnir í Norðurpólnum.

sem fer með hlutverk rökfræðings og tónlist er í höndum Daða Freys Péturssonar, meðlims hljómsveitarinnar RetRoBot, sigurvegara Músíktilrauna í ár.

Nashyrningarnir voru fyrst settir upp hér á landi í Þjóðleik-

húsinu 1961. Síðast var það sýnt fyrir 23 árum, af leikfélagi MH, þá með Benedikt Erlingssyni í einu aðalhlutverkanna.

Leikritið var frumsýnt í gær en önnur sýning er annað kvöld. Sýnt er í Norðurpólnum.

-sbt

ECCO

Tilvalið í jólapakkan...

Turn
stærðir 40 til 47

Turn fæst aðeins í
Toppskórin Outlet
Vínlandsleið 6, Grafarholti



verð áður: 22.995kr

verð nú: **16.096kr**



Androw
stærðir 41 til 46

Androw fæst aðeins í
Toppskórin Markaður
Smáratorgi, Kópavogi

verð áður: 16.995kr

verð nú: **11.896kr**

Útsöluvörur frá STERNAR WAREHOUSE Kaupfélagið skór.is

Opnunartími

Toppskórin Markaður
alla daga milli kl. 11 og 18

Toppskórin Outlet
virka daga milli kl. 11 og 18
laugardaga milli kl. 11 til 16 og
sunnudaga milli kl. 13 til 17

Toppskórin Outlet Toppskórin Markaður

Vínlandsleið 6 • Sími 533 3108 Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys'R'Us

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

FIMM ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI

VÍSIR
- oft á dag

SPORTS DIRECT.com

PANTAÐU
Á NETINU
HVENÆR
SEM ER

SLAZENGER ÖKKLASOKKAR 5 Í
PAKKA HERRA



1 FYRIR 990 KR
2 FYRIR
1.590 KR

SLAZENGER SPORTSOKKAR 5 Í
PAKKA FULLORÐINS



1 FYRIR 990 KR
2 FYRIR
1.590 KR

LONSDALE NÆRBUXUR 2 Í
PAKKA
MARGIR LITIR



1 FYRIR 1.990 KR
2 FYRIR
2.990 KR

FIRETRAP YOUNGBLOOD JAKKI
HERRA



Firetrap

11.490 KR

NO FEAR SKÍÐABUXUR KVENNA



NO
FEAR

7.990 KR

NO FEAR CLASSIC ÚLPA HERRA



NO
FEAR

6.390 KR

TAPOUT UNDERDOGS
HETTUPEYSA



3.990 KR

TAPOUT UNION JACK RENND
HETTUPEYSA



4.790 KR

KAPPA OLCIT HERRA



9.890 KR

3.990 KR

ADIDAS DERBY HERRA



9.890 KR

7.990 KR



SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI
WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

10% AFSLÁTTUR
UM HELGINA
GEGN FRAMVÍSUN ÞESSA MIÐA

SPORTSDIRECT.COM

PANTAÐU
Á NETINU
HVENÆR
SEM ER

Nafn:

Tölvupóstur:

Skilmálar

1) Þessi afsláttarmiði veitir handhafa þess 10% afslátt vörum keyptum í Sportsdirect.com Smáratorgi. 2) Gildir til 18/11/2012. 3) Einungis ein viðskiptavinur getur notað miðann í eitt skipti. 4) Ekki er hægt að breyta afsláttinum á nokkurn hátt. 5) Afsláttarmiðinn gildir ekki með öðrum tilboðum eða afslætti. 6) Afsláttarmiðinn gildir ekki þegar verslað er á vefsíðu Sportsdirect.com 7) Verslunarstjóri hefur fullan rétt á því að hafna afsláttarmiðanum. 8) Afsláttarmiðinn gildir ekki þegar verslaðar eru fótboltaþeyjur eða annar merktur fótboltaþværingur.

10% AFSLÁTTUR



9 01000 10 10 07 7

Ferskar verðlaunavörur



Frábær árangur

Vörur frá Mjólkursamsölunni sköruðu fram úr í norrænni samkeppni mjólkurvara sem fram fór í Danmörku í byrjun mánaðar og sópuðu til sín verðlaunum. Alls fékk Mjólkursamsalan 35 verðlaun, þar af tvönn heiðursverðlaun og fimm gullverðlaun.

Skyr.is, Húsavíkurjógúrt og Kókomjólk fengu gullverðlaun í sínum flokkum og SMS smáskyr og Kókomjólk heiðursverðlaun þar að auki. Sjá nánar á ms.is.



Íslenskar mjólkurvörur í sérflokki

Mjólkursamsalan hefur verið í hópi framsæknustu fyrirtækja á Íslandi hvað varðar nýsköpun og vöruþróun. Fyrirtækið hefur lagt mikla áherslu á að uppfylla þarfir neytenda og hefur fjölbreytnin verið höfð að leiðarljósi í vöruúrvali fyrirtækisins.



**Skíðamarkaður Skíðadeildar Víkings**

Skíðadeild Víkings stendur fyrir árlegum Skíðamarkaði með notaðan skíðabúnað **sunnudaginn 18. nóvember milli kl. 11 og 14.**

Markaðurinn verður í **Víkinni**, íþróttahúsi Víkings í Fossvogi.

Markaðurinn er opinn öllum.

Boðið verður til sölu skíðabúnaður, skíðafatnaður, skór og skautar.

Fagleg ráðgjöf á staðnum.

Allir eru hvattir til að taka rækilega til í geymslum og skúrum og koma með notaðan búnað til að selja á markaðnum, mikil eftirspurn er eftir notuðum búnaði.

Tekið verður á móti búnaði til sölu í Víkinni á laugardeginum 17. nóvember milli kl. 9:30 og 11:30 og svo aftur milli 15:30 og 18:00

Markaðurinn er nú haldinn í 6. skiptið og hefur notið mikilla vinsælda meðal skíðaiðkenda í Reykjavík. Fjölmargin hafa eignast skíði á alla fjölskylduna á góðu verði og aðrir hafa losað um pláss í geymslum sínum.

Kökubasar og heitt á könnunni.



Skíðamarkaðurinn hefur vakið mikla athygli, gríðaleg sala verið á búnaði og margir komið búnaði í verð sem annars hefði rykfalið og svo hafa margir gert ótrúlega góð kaup.

Djöflatertan góða


Ef fólk væri beðið um að nefna eina uppáhaldsköku sem það ætti sér, er ekki ólíklegt að það myndi nefna djöflatertu. Djöflatertan gengur undir ýmsum nöfnum en það er eitthvað við svona einfalda köku sem kallar fram minningar sem flestir vilja halda í.

Halla Bára Gestsdóttir Gunnar Sverrisson
homeanddelicious.com

Djöflaterta og mjólkurglas – fullkomin samsetning! Uppskriftir að svona klassískri köku eru alveg óteljandi og svipað og með lasanja á Ítalíu, þar sem hver fjölskylda á sér sína uppskrift sem oft og tíðum er haldið leyndri, þá ætlum við ekki að gera það. Hér er komin okkar uppáhalds djöflaterta sem að okkar mati er algjörlega sér á báti. Uppskriftin er ekkert leyndarmál, því hana á ein af skemmtilegri sjónvarpskokkum sem sjást á skjánum, Ina Garten sem kemur fram undir nafninu Barefoot Contessa. Kakan er draumi líkust og við erum á því að hlutföllin í henni séu fullkomin. Þess vegna viljum við ekki breyta bollamálum sem eru í upprunalegu uppskriftinni yfir í grömm eða desilítra.

Annars er það um djöflatertu að segja að hún er mjúk, loftkennd súkkulaðilagkaka sem á uppruna sinn í Norður-Ameríku en vitað er af fyrstu djöflatertu-uppskriftinni árið 1905. Það sem einkennir djöflatertu umfram súkkulaðiköku er að í botnana fer kakó en ekki brætt súkkulaði og kaffi eða heitt vatn í staðinn fyrir kalda mjólk. Það sem aðgreinir djöflatertu einnig frá súkkulaðiköku er að í hana er notað meira af lyftiefnum, sem gerir hana léttari og svampkenndari.

Vitað er að í upprunalegu uppskriftum að djöflatertu var notuð rifin rauðrófa, álíka og gulrætur eru notaðar í gulrótarköku. Við það varð kakan mýkri, blautari og jafnframt sætari – sem sagt ríkari að bragðgæðum og fékk á sig þennan dökka lit. Þaðan er nafnið komið en djöflatertan hefur alltaf verið álitin andstæðan við hvítu svampbotnana sem ganga á ensku undir nafninu englakaka, angel food cake. Dökki liturinn kallaði á það að kakan væri því kölluð djöflakaka eða devil's food cake.



→ ...hún er mjúk, loftkennd súkkulaðilagkaka sem á uppruna sinn í Norður-Ameríku en vitað er af fyrstu djöflatertu-uppskriftinni árið 1905. Það sem einkennir djöflatertu umfram súkkulaðiköku er að í botnana fer kakó en ekki brætt súkkulaði og kaffi eða heitt vatn í staðinn fyrir kalda mjólk. Það sem aðgreinir djöflatertu einnig frá súkkulaðiköku er að í hana er notað meira af lyftiefnum, sem gerir hana léttari og svampkenndari.

SKEMMTILEGIR KARAKTERAR OG SKRAUTLEGT LÍF



Hugljúf og fyndin samtímasaga.

En þó að hún fjalli um fólk í blokk í Reykjavík hér og nú fer hún víða í tíma og rúmi, jafnvel alla leiðina aftur í Miklahvell ...

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Kakan og kremið

Botnar

1 ¾ bolli hveiti
2 bollar sykur
¾ bolli kakó
2 tsk. lyftiduft
1 tsk. natron
1 tsk. salt
1 bolli mjólk eða rjómi
½ b. olía, t.d. repju-, hnetu- eða isio-olía
2 egg
1 tsk. vanilludropar
1 bolli heitt kaffi

Hitið ofn í 180 gráður. Setjið öll þurrefnin í hræivélarskál, hrærið saman á lægstu stillingu og látið þau blandast vel. Bætið þá mjólk eða rjóma, olíu, eggjum, vanilludropum og kaffi saman við og hrærið vel en varlega því blandan er frekar þunn. Hellið í tvö smurð bökunarform, kakan fer best í 23 cm formi því þá ná botnarnir meiri þykkt og kakan er veglegri og reisulegri að bera fram. Setjið í ofn og bakið í 25-35 mínútur. Stingið í botnana með kökuprjóni eftir 25 mínútur og athugið hvort hann kemur hreinn út. Ef svo er þá eru botnarnir bakaðir. Gætið að því að baka þá ekki of mikið, þá verða þeir þurrari en þeir eiga að vera. Kælið áður en kremið fer á þá.

Krem

160 g suðusúkkulaði
225 g mjúkt smjör
1 eggjarauða
1 tsk. vanilludropar

1 ¼ bolli flórsykur
1 tsk. kaffiduft
2 tsk. heitt vatn

Bræðið súkkulaðið og kælið án þess að það taki að harna. Hrærið það þá saman við mjúkt smjórið, í um 3 mínútur. Setjið eggjarauðuna saman við og hrærið áfram þar til súkkulaðiblandan er glansandi og kekkjalaus. Bætið vanilludropum og flórsykri út í og hrærið rólega. Látið kaffiduftið leysast upp í heitu vatninu og hellið varlega saman við kremið. Hrærið áfram þar til kremið er mjúkt og létt.

Smyrjið kremi ofan á annan botninn, leggið þá hinn þar ofan á. Smyrjið kökuna vandlega með kreminu, topp og hliðar. Mörgum þykir betra að kæla súkkulaðiköku eins og þessa áður en hún er borin fram. Það er alfarið ykkar ákvörðun því hún er alltaf jafn góð. Berið fram með þeyttum rjóma, ís, mascarpone-kremi, grískri jógúrt, ávöxtum, berjum ... eða bara eina og sér. Hún stendur fyllilega undir því.

...

Kremið sem gefið er upp á kökuna er aðeins meira sparikrem en maður nennir kannski alltaf að gera! Hér er uppskrift að ekta djöflatertusmjörkremi sem móðir/ tengdamóðir okkar gerir alltaf á sína útgáfu. Fljótlegt en ótrúlega gott og hægt að nota á marga vegu, sbr. á bollakökum.



Djöflatertukrem Guðrúnar

2 ½ bolli flórsykur
½ bolli kakó
½ tsk. salt
6 msk. mjúkt smjör
1 msk. kalt kaffi
1 tsk. vanilludropar
5 msk. rjómi

Hrærið saman þurrefnin í hræivél eða með þeytara og látið þau blandast vel. Bætið smjörinu, kalda kaffinu og vanilludropunum saman við, hrærið aðeins og bætið þá rjómanum út í. Rjóminn mýkir kremið og notið meira af honum ef kremið er stíft og óþarflega óþjálmt. Hrærið kremið þar til það er mjúkt og fallgett áferðar. Smyrjið á kökuna og sigtið flórsykri, kakói, súkkulaðispæni eða kókos yfir upp á gamla mátann. Berið fram.



JÓLAVÖRUR Á LÆGRA VERÐI!

Í BYKO færðu skrautlegt úrval af vörum fyrir jólin á lægra verði. Gerðu verðsamanburð.

VÖFFLUR OG KAFFI Í BYKO BREIDD

Boðið upp á gómsætar, nýbakaðar vöflur og kaffi á laugardaginn milli kl. 13 og 16.



JÓL Í BYKO

VERÐVERND BYKO

LÆGRA VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012



Vnr. 41114110-2
Hnífastandur með 5 hnífum og skærum. **8.990 kr.**

Vnr. 65103031R
KHG kaffikanna fyrir malað kaffi og tveir bollar. **4.590 kr.**

Vnr. 88165979
Snjóbolti með 50 ljósum, 12 cm. **1.590 kr.**

Vnr. 88165989
Aðventuljós, 7 ljós. **1.290 kr.**

Vnr. 50698052
Barnabíllstól fyrir 9-36 kg börni. **15.990 kr.**
KLÚBB verð 9.990 kr.

Vnr. 65103015
KHG ryksuga með Hepa filter og hraðastillingu, 2000W. **12.990 kr.**
KLÚBB verð 8.990 kr.

Vnr. 88900722
Útisería með 40 marglitum ljósum. **1.390 kr.**

Vnr. 41100109
Matar- og kaffistell fyrir 4, alls 20 stk. **7.990 kr.**
KLÚBB verð 4.990 kr.

Vnr. 41118046
Hárpurrka, 230W. **2.990 kr.**
KLÚBB verð 1.990 kr.

Oll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og eða myndbreytingu. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.EXPO.is / EXPO auglýsingasta



BARNSHAFANDI Ofurfyrirsætan Lara Stone á von á sínu fyrsta barni með eiginmanni sínum, grínistanum David Walliams. NORDICPHOTOS/GETTY



GAMAN Sóley Kristjánsdóttir og Andrea Brabin.



LISTAKONUR Andrea Maack og Jóhanna Methúsalemsdóttir brostu til ljósmyndara.

Listakonur heiðraðar

Par var margt um manninn á Kjarvalsstöðum er Baileys heiðraði þrjár íslenskar listakonur. Viðburðurinn er árlegur en að þessu sinni voru það Andrea Maack listakona, Jóhanna Methúsalemsdóttir skartgripahönnuður og Sara Riel myndlistarkona sem voru heiðraðar fyrir störf sín.

Stone móðir í fyrsta sinn

Ofurfyrirsætan Lara Stone og breski grínistinn David Walliams eiga von á sínu fyrsta barni. Gleðifregnirnar tilkynnti Walliams, sem er þekktur úr þáttaröðinni Little Britain, á Twitter í vikunni. „Frábærar fréttir. Fallega kona mín Lara er ólétt. Við eigum von á barni og gætum ekki verið hamingjusamari.“ Hjónin hafa beðið fjölmiðla um að virða sitt einkalíf en barnið er væntanlegt í heiminn á næsta ári.

Stone er fræg fyrir að vera meðal annars andlit Calvin Klein. Stone og Walliams hafa verið saman síðan árið 2009 og gengu í það heilaga í maí á þessu ári.



ALSÆLAR Hrafnhildur Hólmgeirs og Sigga Boston mættu.




BROSILDAR Ásdís Spanó og Ingibjörg Ragnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



SKÁLUÐU Pórey Björk Halldórsdóttir, Ásgrímur Már og Anna Kristín Sigurðardóttir.

BIOPARADÍS Evrópastofa
 • 11 NÝJAR EVRÓPSKAR MYNDIR
 • LUX VERÐLAUN EVRÓPUÞINGSINS
 • MYNDIR SEM FJALLA UM KYNBUNDIÐ OFBELDI (SÝNDAR Í SAMSTARFI VID UN WOMEN) • PAGNARÞRÍLEIKUR THEO ANGILOPOULOS
REYKJAVIK EUROPEAN FILM FESTIVAL
 16.-25. NÓVEMBER 2012
 MIÐAVERÐ AÐEINS: 500 KR. FIMM MYNDA PASSI: 2000 KR.
WWW.BIOPARADIS.IS

ÖPPIN



TunelIn Radio

Apple frítt* Android frítt*

Þetta app er frábært fyrir þá sem vilja hlusta á útvarpið í snjallsímanum. Útvarpsmóttakari er ekki innbyggður í alla snjallsíma og þá getur þetta app gert gæfumuninn. Hægt er að streyma útvarpsútsendingum beint yfir Internetið á bæði WiFi og 3G. TunelIn Radio-appið er einnig útvarpsvekjarklukkan og upptökutæki. Appið býður upp á rúmlega 70 þúsund útvarpsstöðvar um heim allan, þar á meðal íslensku útvarpsstöðvarnar.

Letterpress

Apple frítt*

Letterpress er app fyrir þá sem elska orðaleiki, í leiknum skiptistu á við vin þinn eða andstæðing af handahófi um að búa til orð úr þeim 25 stöfum sem eru í boði á leikborðinu, með því að búa til orð eignarðu þér stafi eða stelar frá andstæðingnum. Sá sigrar sem stendur uppi með fleiri stafi, einfalt en hrikalega ávanabindandi.



112 Iceland

Apple frítt* Android frítt*



112 er app sem ferðalangar geta notað til að skilja eftir sig GPS slóð og til að kalla eftir aðstoð. Nóg er að ýta á græna hnappinn, Skráning/Check in, til að skilja eftir sig staðsetningu sem notuð er ef maður lendir í vanda og rauða hnappinn, Neyðarboð/Emergency til að kalla eftir hjálp. Ekki er þörf á gagnasambandi til að nýta forritið, GSM samband nægir.

„Hrollvekjandi...
Maður verður
skelfingu lostinn.“
MARIE CLAIRE,
UM ÉG MAN ÞIG



KULDI

spennusaga

YRSA SIGURÐARDÓTTIR



Kuldi eftir Yrsu Sigurðardóttur

Sjálfstæður tryllir í anda verðlaunabókarinnar *Ég man þig*. Þegar ungur maður fer að rannsaka upptökuheimili fyrir unglunga á áttunda áratug liðinnar aldar taka undarlegir atburðir að skekja tilveru hans og dóttur hans. En hvort eiga þeir rætur sínar að rekja til hörmunga sem dundu yfir unglungaheimilið eða til sviplegs fráfalls barnsmóður hans hálfu ári fyrr?

4.219 KR

netto *bækur*
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

BOSTON JÓLABORGIN MÍN



SIGRÚN BENDER FLUGMAÐUR

Jólagjafainnkaup best í Boston

Ég er svo heppin að ferðast mikið og víða og upphaldsborgin fer eiginlega eftir árstíma og erindi ferðarinnar. En ef ég er að fara að klára jólagjafainnkaup finnst mér Boston sú allra besta. Borgin er passlega stór og fólkið er yndislegt.

Búðir Ef ég er að fara í stórinna kaup finnst mér best að fara í eitthvað af stóru „mollunum“. Til dæmis eru Galleria og Prudential Center frábær. Ef dagskráin er aðeins léttari finnst mér frábært að rölta um Newbury Street en þar er að finna flest af stóru merkjunum.

Matur Ein af betri klúbbsamlokum og frönskum sem ég hef fengið er á stað sem heitir Cafeteria og er einmitt á Newbury Street. Einn af mínum upphaldsveitingastöðum er The Hillstone sem er rétt hjá sædyrasafninu í Boston. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi hvort sem það er sushi, sem ég mæli sérstaklega með, hamburgarar, salat eða steikur.

Afþreying Mér finnst frábært að hlaupa eða ganga meðfram Back Bay sem liggur meðfram ánni sem rennur í gegnum Boston. Ég mæli með skoðunarferð um háskólasvæði Harvard og ef farið er að sumarlagi er ómissandi að fara í Duck tours, bíla- og bátaferð þar sem ekið er um borgina og siglt fram hjá áhugaverðum stöðum. Þá er mjög gaman að fara upp á Prudential Center-útsýnispallinn en þaðan er stórbrotið útsýni.



Furðu lítið óstyrkur fyrir framan vélnar

Ólafur Örn Ólafsson þjónn er einn þriggja dómara í sjónvarpsþáttunum Master Chef Ísland sem hefja göngu sína á Stöð 2 þann 23. nóvember.

Ólafur Örn Ólafsson segir ýmislegt hafa komið sér á óvart við tókur á Master Chef Ísland en hann er einn þriggja dómara í þáttunum.

Ólafur segist ekki hafa þurft að hugsa sig lengi um áður en hann þekktist tilboðið um að gerast dómari í sjónvarpsþáttunum. Hinir dómara þáttarins eru sjónvarpskókkurinn Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Eyþór Rúnarsson yfirkokkur á Nauthóli.

„Ég hef það að leiðarljósi að prófa allt sem rekur á fjörur mínar, svo lengi sem það er áhugavert. Ég þurfti því ekki að hugsa mig lengi um þegar mér bauðst dómarastrarfið. Ég var fyrst kallaður í þurft og var furðu lítið óstyrkur þó ég væri með átta myndavélar í andlitinu. Ég mætti bara og setti upp spari-brosið og gerði það sem ég þurfti að gera,“ segir Ólafur.

Inntur eftir því hvort nokkuð hafi komið honum á óvart við gerð sjónvarpsþáttanna viðurkennir Ólafur að flest hafi komið honum á óvart enda hafi hann aldrei starfað við sjónvarpsþáttgerð áður.

„Flest kom mér á óvart, ég hafði ekki einu sinni séð myndavél á krana áður. Það sem kom þó einna mest á óvart var hversu flottur og góður maturinn var sem fólk bar fram. Það voru nokkrir sem mættu með tilbúið hráefni og það var ekki vel séð. Það skilur hismið frá kjarnanum þegar fólk gerir allt frá grunni í stað þess að stytta sér leið með tilbúnu hráefni. Við dæmdum matinn út frá því hvernig hann var matreiddur, bragðinu og hvernig rétturinn var framreiddur. Ég hef starfað innan veitingabransans í tuttugu ár og hef því góða hugmynd um hvað virkar og hvað ekki.“

Ólafur hefur aðeins séð brot úr þáttunum og hlakkar mikið til að sjá fyrsta þáttinn sem verður sýndur föstudaginn næsta.



TIL Í AÐ PRÓFA ALLT ÁHUGAVERT Ólafur þurfti ekki að hugsa sig lengi um þegar honum bauðst dómarastrarfið í matreiðsluþætti.


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Fjölskyldan ætlar að koma saman og horfa á fyrsta þáttinn. Þá kemur í ljós hvort ég þurfi að flytja úr landi,“ segir hann hlæjandi og bætir við: „Ég hef fulla trú á að þetta verði flott. Það var mikið um dramatík í tókunum og raunverulega spennu.“

Aðspurður segist Ólafur boðinn og búinn að taka aftur að sér hlutverk dómara verði önnur þáttaröð af Master Chef framleidd. „Ekki spurning. Þetta var stórgaman og ég mæli með þessu við alla. Ef einhver hefur samband við þig í framtíðinni og býður þér dómarastrati í raunveruleikaþætti, taktu því fagnandi,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

„Við dæmdum matinn út frá því hvernig hann var matreiddur, bragðinu og hvernig rétturinn var framreiddur. Ég hef starfað innan veitingabransans í tuttugu ár og hef því góða hugmynd um hvað virkar og hvað ekki.“



Spennandi tækifæri til náms

Í Tækniskólanum finnur þú fjölbreyttar leiðir til starfsréttinda og stúdentsprófs. Kynntu þér fjölmörg tækifæri sem eru í boði á vefnum tskoli.is.

Tækniskólinn er framsækin, vaxandi, metnaðarfullur og spennandi skóli í nánnum tengslum við atvinnulífið sem bíður eftir öflugum fólki. **Nýttu þína hæfileika.**

Innritun dagskóla er á Menntagatt.is og lýkur 23. nóvember 2012.

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR LEITAR AFTUR TIL FORTÍÐAR

„Hversdagurinn er minn innblástur,“ segir Trine Andersen, grafískur hönnuður og einn stofnenda danska hönnunarmerkisins Ferm Living. Vinsældir merkisins hafa nú teygst anga sína til Íslands en merkið býður upp á húsbúnaðar- og heimilisvöru fyrir öll herbergi heimilisins þar sem nytsemi skiptir höfuðmáli. Klassískar vörur með nútímanlegum blæ sem flikka upp á heimilið.

DANSKT Innblástur allra vara Ferm Living er sprottinn frá heimalandinu, Danmörku.



MIKIÐ VÖRUÚRVAL Húshillurnar frá merkinu eru vinsælar en þær eru einnig til stærri og þá eins konar smádóthirsla.



KERAMÍK Vasar, skálar, kertastjakar og bakkar eru meðal þess sem er í boði frá merkinu en marglita grafíska munstrið er kennileiti merkisins.

TEXTÍLL Efni, dúkar, koddar og sængurver í alls kyns litum og munstrum.



KYNPOKKAFYLLSTUR Channing Tatum var valinn kynþokkafyllsti maður ársins. NORDICPHOTOS/GETTY

Valinn kynþokkafyllsti maður ársins

Leikarinn Channing Tatum var valinn kynþokkafyllsti karlmaður ársins 2012 af tímaritinu People. Hann segir titilinn hafa komið sér í opna skjöldu.

„Mín fyrsta hugsun var: „Þeir eru að grína í mér“. Ég sagði Jennu frá þessu eftir að við höfðum þvegið hundana okkar af því þeir höfðu lent í skunki. Hún varð mjög hissa líka,“ segir leikarinn. Hann lék síðast í kvikmyndinni Magic Mike, en Tatum skrifaði einnig handritið að myndinni.

Tatum segir eiginkonu sína, Jennu Dewan-Tatum, gera óspart grín að honum eftir að hann hlaut titilinn. „Hún kallar mig „Kynþokkafyllsta manninn“ núna.“

GORMAR Í BÍLA

Skeifan 2
108 Reykjavík
Sími 530 5900 - www.poulsen.is

Campbell's

BOLLASÚPUR

EINFALT FLJÓTLEGT OG BRAGÐGOTT

NATÚRULEG
BRAGÐEFNI

Inniheldur engin
- litarefni
- gerviefni
- rotvarnarefni

Spergilkál
með brauðtengum

Kjúklinga- & grænmetis
með brauðtengum

Tómatar & basil
með brauðtengum

Rjómalöguð Tómatasúpa

Rjómalöguð Sveppasúpa

Rjómalöguð Kjúklingasúpa

Íslensk tónlist

Íslenskir tónlistardagar



Ásgeir Trausti - Dýrð í dauðapögn

2.159
-2.699-



Magnús og Jóhann - Í tíma

2.159
-2.699-



Astralverta - Með allt á hreinu 30 ára

2.559
-3.199-

ÁRITUN + SÖNGUR
Kringlunni kl. 14 laugardag
Smáralind kl. 16.30 laugardag



Friðrik Dór - Vélrænn

2.159
-2.699-



Þórunn Antónía - Star Crossed

2.159
-2.699-



Eivör - Room

2.159
-2.699-



Hafdis Huld - Vögguvísur

2.159
-2.699-



Andrea Gylfadóttir - Stelpurokk

2.639
-3.299-



Haukur Heiðar - Á rómantískum nótum

2.159
-2.699-



Ávaxtakarfan

2.399
-2.999-



Helgi Björns og reidmenn vindanna
- Heim í heiðardalinn

2.159
-2.699-



Friðrik Karlsson - Snerting

2.159
-2.699-



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 23.nóvember eða
á meðan birgðir endast.
*ATH: Öll verð eru með afslætti.

Jólagjöfin í ár!

20% afsláttur af allri íslenskri tónlist



2.159

~~2.699~~

Lára - Moment



2.159

~~2.699~~

Skálmöld - Börn Loka



2.159

~~2.699~~

Egill Ólafsson - Vetur



ÁRITUN

Smáralind kl. 15 laugardag

2.639

~~3.299~~

Raggi Bjarna - Dúettar



2.159

~~2.699~~

The Vintage Caravan - Voyage



ÁRITUN

Kringlunni kl. 15 laugardag
Smáralind kl. 15 sunnudag

2.159

~~2.699~~


Ellen Kristjáns - Sönglög



2.959

~~3.699~~

Nýdönsk - 25



2.959

~~3.699~~

Greta Salóme - In the Silence



ÁRITUN + SÖNGUR

Smáralind kl. 14 laugardag
Kringlunni kl. 16 laugardag
Smáralind kl. 14 sunnudag
Kringlunni kl. 16 sunnudag

2.159

~~2.699~~

Sverrir Bergmann - Fallið lauf




ÁRITUN + SÖNGUR

Kringlunni kl. 15 sunnudag
Smáralind kl. 16 sunnudag

2.159

~~2.699~~

Magni - Í huganum heim



2.639

~~3.299~~

Sigurður Guðmundsson og Memfismafían - Okkar menn í Havana



2.959

~~3.699~~

Elly Vilhjálms - Minningartónleikar

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Útgáfa sem er fyrirhafnarinnar virði

TÓNLIST ★★★★★

Stafnbúi

Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson
12 TÓNAR



STAFNBÚI

Rímnahefðin er aldagömul. Rímna-kveðskapurinn er áhugaverður angí af íslenskri bókmenntasögu og rímnasöngurinn mikilvægur hluti íslenskrar alþjóðtónlistar fyrri alda. Gömlum hljóðritunum var safnað saman á Silfurplötur Íðunnar sem komu út árið 2004, en það hafa líka verið gerðar nokkrar tilraunir til þess að tengja rímurnar við nútímann. Innkoma Sveinbjörns Beinteinssonar í Rokk í Reykjavík tengdi pönnkynslóðina á eftirminnilegan hátt við hefðina, Sigur Rós og Steindór Andersen gerðu saman vel heppnaða EP-plötu árið 2001 og á plötunni Rímur og rapp sem kom út ári seinna var stefnt saman hefðbundnum íslenskum rímnakveðskap og rímum íslenskra rappara. Sumt á þeirri plötu var stórskemmtilegt.

Nýlega kom út ný rímnaplata sem sver sig að vissu leyti í ætt við þessar fyrri tilraunir. Hún heitir Stafnbúi og hefur að geyma tólf stemmur sem Steindór Andersen valdi og flytur við tónlist Hilmars Arnar Hilmarssonar. Fyrsta og síðasta lag plötunnar eru án undirleiks, en í lögnum tíu þar á milli hljómar tónlist Hilmars Arnar undir rímnasöngnum. Auk þeirra tveggja er úrvalslíð tónlistarmanna á plötunni, m.a. Guðmund-

enginn slagverksleikur, en rímna-söngurinn sjálfur er eins og takturinn í tónlistinni. Undantekningin er ríman Lóa fiðurgisin, en undir henni hljóma háværir raftónar og kraftmikill taktur.

Það er mjög gaman að heyrja þessar rímur sem flestar eru skrifaðar seint á nítjándu öld eða á fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Höfundar þeirra eru kynntir stuttlega í meðfylgjandi texta, en sumir þeirra eru meðal þekktustu rímnaöldanna. Á plötunni eru t.d. tvær af Númerímum Sigurðar Breiðfjörð.

